

Sjómannadagsblað Grindavíkur 2017



ISSN 977-367030100-3



9 771670 301001

25


CoolSeal



100% ENDURVINNANLEGUR

- » Hágæða prentun
- » 100% Endurvinnanlegur
- » Svelgjanlegur, brotnar ekki
- » Tekur lítið pláss í geymslu og flutningi
- » Hentar vel í flug og gáma
- » Kassarnir eru BRC vottaðir
- » Hentar fyrir ferskan og froðinn fisk
- » Tíi í stöðluðum stærðum frá 3-25 kg
- » Allt að tvöfalt meira magn í gám af afurðum
- » Vatnsheldur eða með götum eftir því sem við á
- » Sjálfvirk uppsettur með vél eða handbrjótanlegur



Kassar læsast saman
við stöflun og brettu
verður stöðugra




SAMHENTIR
UMBÜÐALAUSNIR

Til
hamingju
með
daginn!



Vinir þakar sjúklingum
og fjölskyldum þeirra til
hamingju með daginn.

Vinnu.is

+3° í viðbót

Stórbóndi úr Axarfirði kemur á ári hverju um miðjan apríl og hjálpar okkur Víkverjum með rúninginn. Í vetur kom hann á litlum sendibíl að norðan, ég hafði á orði hví hann hefði ekki komið á „stóra bílnum“ „Sko það var ekki snjókorn að sjá og ekki var hálku að finna á hæstu heiðum, því skaust ég á „litla bílnum“, sko ef þetta er þetta glóbal warming þá vil ég fá 3° í viðbót“.

Allt bendir til þess að honum verði að ósk sinni, sú veður-fars sveifla sem nú er á uppleið mun skila okkur góðum gæstum næstu árin og góðri sjósókn.

Eru öryggismál sjómanna í lagi? Nú í vetur komu niðurstöður rannsóknarnefndar sjóslysá fyrir augu almennings, varðandi hið hörmulega sjóslys sem varð í fyrra á Aðalvík á Ströndum þegar vélbáturinn Jón Hákon fórst og með honum tveir menn. Eða hvað, nánast enga umræðu er að finna í samfélagsumræðu dagsins og djúpt er á gögnunum.

Við hljótum að krefjast þess að þessi skýrsla verði krufin og þeim sem eiga að koma þeim málum sem þar þarf að lagfæra verði gert skýlt að koma þessum málum í lag.

Á sama tíma og Sjómanna og Vélstjórastjórn Grindavíkur hefur vaxið fiskur um hrygg, með mikilli fjölgun félagsmanna hefur félagið á sama tíma háð öfluga kjarabaráttu fyrir sína félagsmenn. Kjarasamningur er í höfn, sá fyrsti í mörg ár. Ef forystumenn félagsins, þeir sömu og voru í samninganefnd þess, hefðu ekki staðið vaktina þá væri samningurinn ansi rýr, nú þegar eru atriði eins og fæðið, vinnufatnaður og fjarskiptin farin að hafa veruleg áhrif í uppgjöri sjómanna og ef áfram heldur



sem horfir og kauptrygging verður það sem sjómenn sjá á sínu uppgjöri

Þá skipta svona atriði máli. Samningurinn þokaði kjörum sjómanna í átt að öllum almennum launþegum þessa lands en betur má ef duga skal, hann er laus haustið 2019 og þá er eins gott að búið verði að ljúka þeirri vinnu sem lofað var!

Tveir hattar eru til í Reykjavík, annar undir hinum, þær raddir sem þeim fylgja hafa með beinum og óbeinum hætti talað niður til okkar hér í Grindavík. Óhróður og dylgjur sem ekki er svaravert leka út á ljósvakann, hefur þetta orðið til þess að efla samstöðu sjómanna í félaginu og háværar raddir eru um viðbrögð.

Ég óska Grindvíkingum, sjómönnum, fiskvinnslufólki og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn.

Óskar Sævarsson ritstjóri.

Einhamar
Sustainable seafood from Iceland

Sendum sjómönnum, fiskvinnslufólki og öðrum Grindvíkingum hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn

EINHAMAR TRIPJAN

Efnisyfirlit



- 4 Ritstjórapistill:
Óskar Sævarsson



- 6 Samfélagsleg skylda að stuðla að öryggi sjómanna
Auður Björk Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs VÍS.



- 8 Lengsta sjómannaverkfall Íslandssögunnar
- 19 Vettlingar, buxur og kókópöfss fyrir tveggja mánaða verkfall
Heiðveig María Einarsdóttir, sjómaður og lögfræðingur

- 94 Giftusamleg björgun Kúttar Fríðu

- 98 Fiskibyrgi í Strýthólahrauni
Ómar Smári Ármannsson

- 104 Svo hófst húsbyggingin
Sveinn Torfi Þórólfsson



- 28 Raunfærnimat í fisktækni
- 30 Orlofsnefnd - Styrktar- og sjúkrasjóður
- 31 Minningarorð

- 108 Gallerí sjó...
Ljósmyndir: Haraldur Hjálmarsson



- 32 Torfi
melurinn
- 38 Sjómannadagurinn 2016
í máli og myndum



- 42 Heiðranir
- 48 Hratt flýgur stund
Hinrik Bergsson rifjar upp veru sína á Alberti GK



- 54 Skip, vitar og sjómennska á íslenskum frimerkjum
Eftir Eðvarð T. Jónsson

- 66 Réttir í Grindavík
Ómar Smári Ármannsson



- 71 Fisktækniskóli Íslands
- 72 Tyrkjabyrgi í Sundvörðuhrauni
Ómar Smári Ármannsson



- 78 Vertíðarspjall
Sigurður Kristmundsson

- 80 Hollvínasamtök Reykjanesvita
Hallur Gunnarsson

- 84 Slokahlraun og nágrenni
Ómar Smári Ármannsson

- 90 Minja- og sögufélag Grindavíkur
Hallur Gunnarsson

Útgefandi og ábyrgðaraðili:

Sjómann- og vélstjórastofa Grindavíkur

Formaður:

Einar Hannes Harðarson

Ritstjóri:

Óskar Sævarsson

Uppsetning og prentumsjón:

Svavar Ellertsson, Staparent

Prófarkalestur:

Sigrún Þorbjörnsdóttir

Auglýsingar:

Steingrímur E. Kjartansson

Forsíðumynd:

Haraldur Hjálmarsson, Beitir NK á Járngerðastaðavík.

Ljósmyndir:

Haraldur Hjálmarsson, Kr. Ben., Ólafur Rúnar Þorvarðarson, Hinrik Bergsson, og Óskar Sævarsson

Verð í lausasölu 1.500 kr.

Skrifstofa Sjómann-

og vélstjórastofu Grindavíkur,

Hafnargötu 9, sími 426 8400, svg@svg.is - fax 426 8405, skrifstofan er opin alla virka daga frá klukkan 8.00-13.00.

Öll afritun texta og mynda er óheimil nema með leyfi ritstjóra eða höfunda.





*Auður Björk Guðmundsdóttir
og Pétur Pálsson frá Vísi hf.*

Samfélagsleg skylda að stuðla að öryggi sjómanna

VÍS leggur ríka áherslu á að veita viðskiptavinum sínum ráðgjöf í forvarnum og öryggismálum. „Nokkur af öflugustu fyrirtækjum Suðurnesja eru í viðskiptum við okkur og við höfum með þeim unnið ótúllega að forvarnarsarfi þar sem áhersla hefur verið lögð á að skapa öryggismenningu innan þeirra“, segir Auður Björk Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Fyrirtækjaviðs VÍS.

VÍS hefur um árabíl verið leiðtogi í forvarnar- og öryggismálum og hefur náð að innleiða bættu öryggismenningu hjá viðskiptavinum sínum. „Við þökkum þann árangur frábærum sérfræðingum innan okkar raða og samstarfi við lykilaðila innan fyrirtækjanna. Stuðningur og eftirfylgni æðstu stjórnenda er helsta forsendan fyrir góðum árangri í þessum efnum“, segir Auður Björk.

Slysinn gera boð á undan sér

„Raunin er sú að slys gera oftast boð á undan sér. Það er því mikilvægt að við lærum af reynslunni og finnum leiðir til að fyrirbyggja slys“, segir Auður Björk.



Auður Björk Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Fyrirtækjaviðs VÍS.

VÍS býður viðskiptavinum sínum sem eru í forvarnarsamstarfi við félagið, eins og Vísir, upp á sérstakt atvikaskráningaforrit sér að kostnaðarlausu. Forritið veitir yfirsýn yfir vinnuslys og hættur á vinnustöðum, greinir tækifæri til úrbóta og stuðlar þannig að öruggari vinnustað. Fyrirtæki geta því gripið til aðgerða áður en vinnuslys verður. Úr forritinu er hægt að nálgast upplýsingar og tölfræði

sem má nýta til að stuðla að úrbótum og greina tækifæri til að efla öryggi í starfsemi fyrirtækisins.

Auk þess að huga að öryggismálum í landvinnslu verður farið í öflugt forvarnarsamstarf í öryggismálum sjómanna í samvinnu við Slysavarnarskóla sjómanna. VÍS hefur frá árinu 2009 unnið með skólanum að því að efla öryggismenningu til sjós hjá útgerðum með góðum árangri svo eftir er tekið. „Það er samfélagsleg skylda okkar að miðla okkar þekkingu til að hægt sé að fyrirbyggja slys og stuðla þannig að því að allir komi heilir heim“, segir Auður Björk.

Til hamingju með daginn sjómenn

„Í auglýsingum frá VÍS sendum við kveðju að þessu sinni með táknmáli þeirra. Þannig bregðum við á leik með merkjafána sem tákna stafi í stafrófinu og eru notaðir til að koma skilaboðum frá skipum. Við bendum öllum sem vilja senda sjómönnum kveðju í tilefni dagsins á að heimsækja vis.is/sjomenn. Við óskum sjómönnum innilega til hamingju með sjómannadaginn“, segir Auður Björk að lokum.



Kæru sjómenn
og fjölskyldur ykkar!

Til hamingju með sjómannadaginn



Grindavík



Útgerðarbær

www.grindavik.is

Lengsta sjómanna verkfall Íslandssögunnar að baki

Þrautseigja, harðfylgi og samstaða sjómanna skilaði kjarasamningi

Lengsta sjómanna verkfalli Íslandssögunnar lauk með nýjum kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi 19. febrúar síðastliðinn. Þá hafði verkfallið staðið í rúma tvo mánuði. Kjaradeilan einkenndist af eindreginni samstöðu sjómanna og jafnframt mikilli hörku beggja aðila. Til marks um það lögðu útgerðarmenn ítrekað fram stífar kröfur en þeim var umsvifalaust hafnað af sjómönnum.

Ekki voru allir sjómenn jafn himinlifandi með nýja samninginn. Hann var samþykktur af rétt rúmum meirihluta félaga Sjómannasambandsins, nánar tiltekið 52,9%. Áður höfðu sjómenn felld samninginn tvisvar með mjög afgerandi hætti, fyrst 10. ágúst 2016. Samningar sem voru undirritaðir í nóvember á milli Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) og Sjómannasambandsins, Verkalýðsfélags Vestfjarða, Sjómannafélags Íslands og Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur voru felldir aftur í atkvæðagreiðslu 14. desember.

Sjómenn voru meira og minna kjarasamningslausir í kringum aldamótin 2000 eða þar til tímamótasamningur náðist

árið 2004. Sá samningur var framlengdur tvisvar, en frá 1. janúar 2011 höfðu sjómenn verið með lausa kjarasamninga og hvorki gengið né rekið í viðræðum þeirra og útgerðarmanna. Var sjómönnum nú loks nóg boðið. Verkfallið hófst 15. desember 2016 og varð hið lengsta í sögunni.

Verkföll og bráðabirgðalög

Sjómenn fóru síðast í verkfall árið 2001 en því verkfalli lauk með lagasetningu og gerðardómi í kjölfar hennar. Forystumenn sjómanna höfðu á orði í undanfara verkfallsins í desember á síðasta ári að sá gerðardómur væri enn að bíta þá í hælana og væri þeim til mikils ama.



Einar Hannes Harðarson og Óskar Sævarsson.

Frá árinu 1938 hafa 14 sinnum verið sett lög á sjávarútveginn, en aðrar starfsstéttir hafa fengið á sig lög í sex skipti. Þrisvar sinnum hefur Alþingi sett almenn lög um kjaramál. Sem dæmi um lagasetningar eða tilraunir löggjafans til þeirra má nefna, að 1962 voru bráðabirgðalög sett á deilur fiskimanna og útgerðar en þau voru ekki staðfest. Sama ár voru bráðabirgðalög sett til lausnar á síldveiðideilu en þau fengust ekki heldur staðfest. Árið 1963 voru sett lög á kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum og fjórum árum síðar, 1967, voru sett bráðabirgðalög um stöðvun verkfalls á farskipum og jafnframt bráðabirgðalög um kaup og kjör sjómanna. Lög voru einnig sett um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum. Árið 1968 voru bráðabirgðalög frá árinu áður staðfest á Alþingi. Ári síðar voru sett bráðabirgðalög um stöðvun verkfalls á farskipum. Aftur var gripið til lagasetningar 1970, að þessu sinni til að fresta verkfalli fiskimanna. Þá voru lög sett um kjaramál sjómanna en samningar náðust



síðar á árinu án lagasetningar. Fjölmíðlar orðuðu það svo að sjávarútvegurinn væri hinn óumdeildi bikarmeistari þegar kæmi að lögum á kjaradeilur.

Almennt talað hafa verkföll verið tíð á Íslandi, að meðaltali sjö á ári á árunum 1985-2010. Þótt sjómenn séu langt í frá fjölmennasta atvinnugrein landsins hafa verkföll sjómannastéttarinnar alltaf verið mjög áberandi í fjölmíðlum enda valda þau miklu tekjutapi fyrir þjóðarbúið. Árið 2015 störfuðu alls 4.100 manns við fiskveiðar, eða um 2,2% af heildar vinnuafli landsins.

Íslenska ríkið hefur talið sig hafa rétt til þess að grípa inn í kjaradeilur þegar afleiðingar þeirra eru taldar efnahagsleg ógn við almenning í landinu. Í þessu sambandi má minna á það, að Alþýðusamband Íslands hefur fjórum sinnum höfðað mál vegna inngripa íslenska ríkisins í vinnudeilur og ríkið tapaði öllum málunum. Samkvæmt álitni Alþjóða vinnumálastofnunarinnar, ILO, eru lagasetningar á löglega boðuð verkföll aðeins heimilar

þegar um er að ræða algjört hættuástand og markmiðið er að forða vá sem ógnað geti heilsu og öryggi manna.

Helstu kjarabætur

Helstu kjarabætur í nýjum samningi Sjómannasambandsins og SFS eru:

- Hækkun kauptryggingar til samræmis við hækkanir á almennum markaði frá 2011
- Frítt fæði um borð
- Útgerðin leggur til nauðsynlegan hlífðar- og öryggisfatnað
- Olíuverðsviðmið hækkar um 0.5% og skiptaprósentan eykst að sama skapi.
- Nýsmíðaákvæði dettur út árið 2031
- Aukin orlofsréttindi
- Kostnaður vegna fjarskipta verður sundurliðaður og útgerð tryggir fjarskipti utan þjónustusvæða símafyrirtækja
- Sérstök kaupskráruppbót að fjárhæð 300 þúsund kr. með orlofi, miðað við 180 lögskráningardaga eða fleiri árið 2016.

Helstu ágreiningsmálin

Hlutaskiptin og nýsmíðaálagið voru þau mál sem helst bar á milli í samningaviðræðunum. Laun sjómannsins hafa lengst af ráðist af svonefndu hlutaskiptakerfi. Fram á fjórða áratug síðustu aldar voru sjómenn á föstum launum og ekkert tillit tekið til afkasta og aflaverðmætis við launagreiðslur. Það þótti því veruleg kjarabót þegar hlutaskiptakerfinu var komið á, en sjómenn eru eina starfsstéttin á Íslandi sem fær laun sín greidd með þessum hætti.

Í mjög greinargóðu yfirliti Guðrúnar Erlingsdóttur og Siggeirs F. Ævarssonar, meistaránema í blaða- og fréttamennsku við HÍ sem birtist í vefritinu Kjarnanum 25. febrúar sl. segir m.a.: „Skiptahlutur sjómanna stendur eftir þegar rekstrar-kostnaður og hlutur útgerðar hefur verið dreginn frá aflaverðmæti veiðiferðar. Hluturinn er á bilinu 25% til 33%, en breytilegur eftir gerð og mönnun skipa. Deila sjómanna og útgerðarmanna um



hlutdeildina af aflaverðmætinu er eilíft þrætuepli í kjaraviðræðum. Deilan hefur aðallega staðið um olíuverðsviðmið og verðmyndun. Olíukostnaður í veiðiferð gat stundum numið um 30% af aflaverðmæti.

Árið 1983 var mælt fyrir lögum sem bundu 30% af aflaverðmæti hverri veiðiferðar við olíukostnað með þeim rökum að útgerðin glímdi við aflabrest, olíuverðshækkun og mikinn fjármagnskostnað. Athugun Hagstofunnar fyrir árin 2010-2014 leiddi í ljós að raunverulegur olíukostnaður flotans var aðeins um þriðjungur af þeirri upphæð sem dregin var frá til olíukaupa. Sjómenn töldu sig eiga inni leiðréttingu á launum, enda hafi viðmiðið lítið breyst þrátt fyrir miklar sveiflur á heimsmarkaðsverði á olíu. Hefur olíuskiptaviðmiðið nú verið endurskoðað og hækkar skiptaverð til sjómanna samkvæmt nýju viðmiðunum. Áfram verður þak og gólf á viðmiðunum og getur skiptaverðmæti aldrei farið yfir 80% né undir 70%. Viðmiðið tekur breytingum samkvæmt heimsmarkaðsverði á olíu.

Nýsmíðaálagið

Guðrún og Siggeir benda á að ákvæði um nýsmíðaálagið hafi verið ósanngjarnt fyrir sjómenn því útgerðir nýrra skipa gátu lækkað skiptahlutinn um 10% í sjó

ár og sjómenn voru í sumum tilfellum að borga 10-12% af verði skipsins án þess þó að eignast nokkuð í því. „Upphæðirnar gátu hlaupið á hundruðum milljóna,” segir í grein þeirra. „Nýsmíðaálagið kom inn í kjarasamningana 2004 og voru rökin þau að á nýjum skipum búin nýjustu tækjum og tólum séu allar forsendur fyrir því að afköst verði meiri og aflaverðmæti þannig hærra. Þannig ætti lækkunin á skiptahlutum í raun að jafnast út. Mjög skiptar skoðanir eru á því hver útkoman var í raun og veru. Í nýja kjarasamningnum eru ákvæði um að nýsmíðaákvæðið falli út að fullu árið 2031 en réttindi sem sjómenn fengu þegar samið var um álagið skerðast þó ekki. Í dag geta skip nýtt sér nýsmíðaálag í sjó ár.”

Tvennskonar fyrirkomulag verðmyndunar

Strax í október á síðasta ári var farið að fjalla um tvennskonar fyrirkomulag verðmyndunar á fiski. Sjómenn á skipum útgerðarfélaganna sem reka eigin fiskvinnslu fá um fimmtíu prósent lægra verð fyrir fisk sinn en gengur og gerist á frjálsum fiskmörkuðum. Slíkar útgerðir, svonefndar „lóðrétt samþættar útgerðir“, borga skiptaverð sem er útgefið af Verðlagsstofu skiptaverðs samkvæmt

kjarasamningum útgerðarfélaganna við sjómenn.

Í viðtali við fjölmiðla sagði Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands, að það yrði mikil búbot fyrir sjómenn þessara útgerða ef þeir fengju markaðsverð greitt fyrir fiskinn. „Kjarni málsins er sá að okkur finnst of mikill munur á markaðsverðinu og verði sem skyldir aðilar fá að kaupa fiskinn á,” sagði Valmundur. „Það er tvöfalt kerfi á fiskverðmyndun í gangi. Selt er á fiskmarkaði fyrir markaðsverð og síðan er verð sem er ákveðið milli skyldra aðila þegar menn kaupa af eigin útgerð.”

Verðið er ákveðið af nefnd sjómanna og útvegsmanna eftir ákveðnum forsendum. Kerfið var dæmt á sjómenn árið 2001 í gerðardómi og unnið var eftir því allar götur síðan. Afleiðingin er sú að verð á fiskmarkaði er að jafnaði um þrjátíu prósentum hærra en í beinum viðskiptum. „Það sem við erum að fara fram á er að allur fiskur verði verðmyndaður á fiskmarkaði þannig að rétt verð fái á fisk,” segir Valmundur.

„Eintóm steypa”

Undir þessi orð Valmundar tók Jón Steinn Elíasson, formaður Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ) en í þeim samtökum eru fiskvinnslur sem

ekki reka eigin útgerð og kaupa því sinn fisk af fiskmarkaði á hærra verði.

Jón Steinn sagði í viðtali við fjölmiðla að ekki væri hægt að vera með margfalda verðmyndun í landinu. Það gengi ekki upp að tveir sjómenn sem veiði á sömu slóðum fái misjöfn laun einfaldlega vegna þess að annar þeirra selji fiskinn á markaði og hinn beint til vinnslu útgerðarinnar.

„Þetta er eintóm steypa og ég er undrandi á hvað sjómannasamtökin hafa verið róleg og þessi hagsmunasamtök hafa leyft þessu að ganga lengi,“ sagði Jón Steinn. Hann bætti því við að stjórnvöld bregðist ekkert við þessu því það séu gullkálfnir þeirra sem þeir vinna fyrir. Hann vísaði til álits Samkeppniseftirlitsins frá árinu 2012 um að fyrirkomulag skiptaverðs væri hindrandi fyrir frjálsa samkeppni. Þrír sjávarútvegsráðherrar hafa gegnt embætti síðan Samkeppniseftirlitið beindi þessu áliti til ráðherra en enginn þeirra hefur aðhafst neitt í málinu. „Það er svolítið slappt fyrir Samkeppniseftirlitið að hafa ekki getað tekið á þessu máli eins og það hefur gert með annan rekstur,“ segir Jón Steinn.

Þeir Jón Steinn og Valmundur segja báðir að of lítill hluti afla fari á markað. „Það er ekki nógu mikið magn inni á fiskmörkuðum til að við getum vigtað rétt verð. Núna eru innan við tíu prósent af slægðum þorski sem fara á markað en hann vegur samt fimmtán prósent í ákvörðun okkar um fiskverð til skyldra aðila,“ segir Valmundur. „Það ætti allur fiskur að fara á markað og þær útgerðir sem ekki myndu setja fisk sinn á markað ættu að þurfa að gera upp á markaðsverði. Það er það eina rétta í þessu. Það myndi leysa svo mörg mál, margar deilur.“ Að verð séu tilbúin á skrifstofu með samþykki ríkisins ætti ekki að liðast. „Svona sovéskur búskapur á að heyra sögunni til,“ sagði Jón Steinn í ágætu samtali við Fréttablaðið 20. október 2016.

Verkfall í undirbúningi

Sjómenn sögðu strax í upphafi samningaviðræðna á síðasta ári að forgangskrafan í samningagerðinni við útgerðina væri að menn greiði rétt verð fyrir veiddan afla. Sjómenn höfðu verið með lausan samning frá árinu 2011 og voru orðnir langþeyttir á tregðu útgerðarmanna til að semja. Ljóst var að ef ekkert gerðist myndi íslenski flotinn leggjast allur við bryggju þann 10. nóvember næstkomandi.

Eins og fram hefur komið var meðal ágreiningsefna í viðræðum sjómanna og SFS þátttaka sjómanna í greiðslu veiðigjalda og hvort afnema skuli nýsmíða-



Þorvaldur Sæmundsson.

álagið. Þegar nýtt skip kemur til landsins renna tíu prósent af launum skipverja næstu sjö árin í kostnað sem hlýst af smíðinni. Um þetta var samið árið 2004 en forvígismenn Sjómannasambandsins bentu á að þá hafi ástandið í greininni verið annað og meðan útgerðin búi við mikinn arð eins og gerst hafi á undanförunum árum sé ekki rétt að sjómenn greiði með skipunum. Verkfallsaðgerðir höfðu verið í undirbúningi í nokkra mánuði og engum duldist að verkfall myndi hafa viðtækar afleiðingar í för með sér fyrir landvinnslu og greinar tengdar sjávarútvegi.

Þann 10. nóvember var ljóst að verkfall myndi skella á fyrir miðnætti. Engin sátt hafði náðst í langvinnnum samningaviðræðum, sjómenn höfðu slitið þeim, sögðust ekki hafa getað teygst sig lengur. Viðræður SFS við Sjómannasambandið sigldu í strand á tíunda tímanum um kvöldið þann 10. nóv. og strönduðu þær á mönnunarmálum og þá sérstaklega mönnunarmálum uppsjávarskipa. Samningamenn sjómanna bentu m.a. á að ástandið væri þannig að allt of fáir væru í áhöfn á þessum skipum og ekki væri lengur hægt að setta sig við það. Verkfallið náði til 3.500 sjómanna. Vélstjórar sátu þá enn við samningsborðið.

„Griðarleg vonbrigði“

Samningamenn SFS voru á þessum tíma ekki búnir að reikna út hversu miklu efnahagslegu tjóni verkfallið gæti valdið,

en bæði nóvember og desember eru mjög stórir mánuðir fyrir ferska fiskinn. Bent var á að eftir áramótin kæmu Norðmenn inn á markaðinn, verðin myndu lækka og hægjast um á markaðnum. Verkfallið hlýti því að vera mikið högg fyrir sjómenn á bolfiskskipum því þetta væru með bestu mánuðum á árinu. Jens Garðar Helgason, formaður SFS taldi að verkfallið mundi standa í að minnsta kosti viku þar sem skip væru á leið í land úr Barentshafi, en sigling þaðan og hingað tekur um viku. Hann átti von á að Bryndís Hlöðversdóttir, ríkissáttasemjari, tæki þá stöðuna á mönnum. Jens kveinaði sáran í viðtölum við Vísi, sagði þetta griðarlega mikil vonbrigði því mikill og góður árangur hefði náðst í mörgum mjög stórum málum, til að mynda varðandi fiskverðið, um nýsmíða-ákvæði og færslu á orlofsrétti. „Þetta kemur mér virkilega á óvart þar sem ég hélt að þessi mál væru komin í ákveðinn farveg en þetta er síðan dregið upp úr hatti hérna seinni partinn í dag,“ sagði Jens í samtali við Vísi.

Hráefnisskortur

Í lok desember þegar verkfall sjómanna hafði staðið yfir í rúman hálfan mánuð var hráefnisskortur byrjaður að gera vart við sig hjá fiskvinnslufyrirtækjum víða um land. Hátt í hundrað starfsmenn í fiskvinnslu á Þingeyri og Patreksfirði voru teknir af launaskrá. Finnbogi Svein-

björnsson formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga sagði þetta áhyggjuefni en í mörgum tilvikum var um að ræða erlent vinnuafli með takmörkuð réttindi til atvinnuleysisbóta hér á landi. „Hér er ekkert hægt að hlaupa í einhver störf,“ sagði Finnbogi. „Það er hávetur. Erfitt að fara á milli byggða og samgöngur mjög erfiðar. Þannig að það er ekkert um auðugan garð að gresja. Þetta er tap fyrir samfélagið í heild sinni.“

Forystumenn SFÚ kvörtuðu einnig sáran, sögðu 2016 hafa verið mjög erfitt út af sterku gengi krónunnar. Jón Steinn Elíasson sagði verkfallið koma sér illa fyrir þær fiskvinnslur án útgerðar sem aðilar eru að samtökunum og jafnframt minni fyrirtæki í sjávarútvegi um land allt sem hvorki væru í verkfalli né aðilar að samningsnefnd.

Eftir þriggja vikna verkfall sjómanna voru afleiðingarnar byrjaðar að segja til sín af alvöru. Togararnir lágu verkefnalausir við bryggju, fiskvinnslufyrirtæki víða um land glímdu við hráefnisskort og mörg hundruð manns höfðu misst vinnuna. Verð á algengum fisktegundum á innanlandsmörkuðum hafði margfaldast á síðustu vikum.

Tapaðar útflutningstekjur vegna verkfalls sjómanna námu á þessum tíma rúmum tíu milljörðum króna að mati Heiðrúnar Lindar Marteinsdóttur, framkvæmdastjóra SFS. Hún sagðist gera ráð fyrir að tapið næmi 500 milljónum á hverjum einasta degi í töpuðum útflutningstekjum. Jón Steinn sagðist ekki geta lesið annað út úr þessu orðum en að útgerðin ætli ekkert að semja heldur bíða eftir að ríkisstjórnin setji lög á verkfallið.

Staðan botnfrosin og ömurleg

Þann 4. janúar tók formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis á móti Sigurfara GK með hálfrar milljón króna sekt í hendi. Grunur lék á verkfallsbrotum þegar Sigurfari GK og Siggí Bjarna, sem Nesfiskur gerir út, héldu til veiða. Talið var að skipstjóri og vélstjórnarmenn hefðu gengið í önnur störf á skipunum, meðal annars matsveina um borð sem voru í verkfalli. Í viðtalið við Bítíð á Bylgjunni sagði Kristján Gunnarsson formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur að túlkun félaganna væri sú að verið væri að ganga í störf félagsmanna jafnvel þótt ekki væru eldaðar einhverjar stórsteikur og menn borðuðu

bara kók og prins. Kristján sagði að verkfallsbrot af þessum toga hefðu í för með sér meiri afleiðingar en bara sektar-ákvæði því þau tefji líka fyrir samningaviðræðunum. „Við höfum ekki mikinn áhuga á að ræða við samtök útvegsmanna um að gera nýja kjarasamninga ef þau eru að brjóta verkfallið. Við munum beina því til samninganefndarinnar og forsvarsmanna Sjómannasambandsins að taka þessi atvik upp á næsta fundi. Aðalatriðið er að menn virði kjarasamninga. Staðan í samningaviðræðunum er botnfrosin og ömurleg, komin í hefðbundnar stríðsyfirlýsingar aðila. En þegar við sjáum hvað sjómenn hafa átt erfitt með að ná fram sínum málum þá sjáum við að þetta hefur yfirleitt endað með lagasetningu.“

Tekið dýfurnar með útgerðinni

Vegna málflutning SFS um áhrifin af sterku gengi krónunnar sagði Konráð Alfreðsson, varaformaður Sjómannasambandsins, í samtali við Vísi að það væri af og frá að kenna hækkun krónunnar um að samningar við útvegsmenn hafi ítrekað verið felldir. Samfara hækkun krónunnar hafa tekjur sjómanna lækkað



MANNVIRKI - IÐNAÐUR - ÖLL ALMENN RAFFJÓNUSTA - STÝRINGAR - SKIPAFJÓNUSTA

www.tgraf.is - s: 426-7660

Pétur Vilbergsson.



og þess vegna fráleitt að kenna hækkun hennar um að samningar við útvegsmenn hafi ítrekað verið felldir. „Við ráðum ekki genginu,“ sagði Konráð og bætti við að sjómenn hefðu tekið þessar dýfur með útgerðinni og risið líka þegar það kæmi. „Þetta á bara ekkert að blandast inn í kjarasamningsumræðuna og það er algjörlega óásættanlegt að útgerðin sé með þennan málflutning,“ segir Konráð.

Í byrjun janúar höfðu alls 1.075 umsóknir um atvinnuleysistryggingar sem tengjast vinnslustöðvun í fiskvinnslu verið skráðar inn í kerfi Vinnumálastofnunar. 36 fyrirtæki í fiskvinnslu höfðu sagt upp fleiri en tveimur starfsmönnum en Samherji hafði sagt upp flestum, eða 127 manns. Flestum hafði verið sagt upp á Norðurlandi eystra og Suðurlandi.

Vilhjálmur Birgisson formaður Verkalýðsfélags Akraness, sagði að útgerðarmenn sýndu of mikla hörku í deilunni og þeir fari illa með starfsfólk sitt í fiskvinnslu. Til séu aðrar leiðir en að hreinlega segja fólkinu upp. „Það er verið að setja fólk á atvinnuleysisbætur og ég harma það því fiskvinnslufyrirtækin hafa heimild til að halda ráðningarsambandi við fiskvinnslufólkið og fengið mótframlag frá atvinnuleysistryggingasjóði. Þau geta þannig haldið fólki í ráðningarsambandi og greitt þeim grunnlaunin.“ segir Vilhjálmur.

„Rakalaus þvættingur Heiðrúnar“

Forystumenn sjómanna gáfu lítið fyrir orð Heiðrúnar Lindar Marteinsdóttur, framkvæmdastjóra SFS, í Viðskipta-

blaðinu um að það lægi beinast við að forstjórar og framkvæmdastjórar færu næst í verkfall þar sem tekjur sjómanna væru ekki víðs fjarri þeirra tekjum. Greinin vakti nokkra athygli en þar sagði Heiðrún að meðaltekjur sjómanna hefðu hækkað úr 2,1 milljón króna á mánuði árið 2014 í 2,3 milljónir króna í fyrra. Sagði hún laun sjómanna vera hærri en lækna og að forstjórar fjármálafyrirtækja hljóti að fara fram á launahækkun ef sjómenn nái fram sínum ýrtruðum kröfum og sjómannaverkfallið leysist. Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, sagði í grein

á vef félagsins þennan samanburð Heiðrúnar vera með miklum ólíkindum því þessi meðallaun sem Heiðrún nefndi séu í engu samræmi við þau laun sem hásetar á ísfisktogurum og frystiskipum hafa.

Vilhjálmur sagði að staðan væri einfaldlega þannig, að ef skoðuð væru meðallaun frystitogarásjómanna og þeirra sem eru á ísfisktogurum kæmi í ljós að tekjur þeirra árið 2015 hefðu ekki verið 2,3 milljónir að meðaltali heldur rétt rúm 1,1 milljón. „Árið 2016 voru þessi meðallaun komin niður í 990 þúsund krónur, reyndar enn lægri sé tekið tillit til orlofsgreiðslna“ sagði Vilhjálmur og vísaði í iðgjaldaskrá Verkalýðsfélags Akraness. Þegar orlof er dregið frá eru sjómenn komnir niður fyrir 800 þúsund krónur en þessu til viðbótar þurfa sjómenn að standa straum af netakostnaði um borð í skipunum, þeir þurfa að borga hlut í fæði og vinnufatnaði. „Þannig að þetta eru nú öll þau ofurlaun sem talað er um að sjómenn á Íslandi fái í dag,“ sagði Vilhjálmur. „Þessi framsetning er til skammar því þarna er ýjað að því að þetta séu meðallaun háseta sem eru í verkfalli en þau eiga við tekjuhæstu sjómenn Íslands, skipstjóra og yfirvélstjóra og annarra yfirmanna á fiskiskipum sem ekki eru í verkfalli.“ Vilhjálmur tekur þess utan til þeirra fórna sem sjómannsstarfið felur í sér – ekki síst langra fjarvista frá heimili og fjölskyldu.

Hroki og virðingarleysi

Fjöldi sjómanna boðuðu komu sína á Facebook á mótmælafund fyrir utan skrifstofu ríkissáttasemjara 9. janúar. Stofnuð var Facebook-síða þar sem sjómenn voru hvattir til þess að sýna samstöðu og mótmæla þeim hroka og



hjá
höllu

Við óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn !

virðingarleysi sem útvegsmenn hafi sýnt þeim og þeim áróðri sem þeir haldi uppi og felist í því að fá fólkið í landinu upp á móti sjómönnum. „Við mótmælum því einnig að útgerðin hefur með algjöru virðingarleysi sagt upp yfir 1000 manns úr landvinnslunni í stað þess að halda ráðningasambandi við starfsfólk sitt og fá greitt mótfamlag úr atvinnuleysis-tryggingasjóði til að geta greitt fólki grunnlaunin eins og þeir hafa heimild til að gera,“ sagði á Facebook-síðunni. Alls boðuðu hátt í fimm hundruð manns komu sína á mótmælin. Ástæðan var meðal annars sú að farið var að bera á umræðu um lagasetningu á verkfallið, en talsmenn beggia fylkinga kváðust því andsnúnir, og sjómenn voru staðráðnir í að hunska lögin, yrði þau sett. Konráð Þorsteinn Alfreðsson, varaformaður Sjómannasambands Íslands, sagðist ekki ætla að hafa neinar áhyggjur af lagasetningu. Það væri það heimskulegasta sem hægt væri að gera í stöðunni.

Áframhaldandi uppsagnir

Alls höfðu 36 fyrirtæki í fiskvinnslu sagt upp fleiri en einum starfsmanni vegna vinnslustöðvunar á fiski sökum verkfallsins sem, að sögn SFÚ, hafði haft áhrif á markaði erlendis. Um 1400 manns hafði verið sagt upp í fiskvinnslum landsins, flestum á Norðurlandi eystra. Allt að því jafnmörgum starfsmönnum var sagt upp á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjunum samanlagt og Norðurlandi eystra. Á Vestfjörðum höfðu á annað hundruð misst vinnuna vegna verkfalls sjómanna en það er stórt hlutfall starfandi einstaklinga á Vestfjörðum. Forystumenn sjómanna bentu itrekað á að fiskvinnslur gætu haldið fólki við störf þó hrafnískortur væri viðvarandi en kostnaður við laun starfsmanna er greiddur úr atvinnuleysistryggingasjóði á grundvelli laga. Samherji var það fyrirtæki sem sagði upp flestum starfsmönnum eða um 200 manns bæði hjá Samherja og ÚA, en Samherji tók yfir þá landvinnslu árið 2011. Athygli vakti að rúmur helmingur þeirra sem sagt var upp vegna verkfalls sjómanna voru erlendir ríkisborgarar. Þar voru Pólverjar í miklum meirihluta eða tæplega fjórir af hverjum tíu þeirra sem sagt var upp.

Fisklaust í Grimsby

Þingkona ein í Grimsby lýsti yfir óánægju sinni með aðgerðarleysi breskra stjórnvalda vegna verkfalls sjómanna á Íslandi. Kaupmenn í Grimsby kaupa jafnan mikið af fiski frá Íslandi og voru þeir farnir að óttast um lífsviðurværi sitt. Þingkonan, Melanie Onn, spurði ráð-



herrann George Eustice hvort að bresk stjórnvöld hefðu rætt við Íslendinga og skoðað hvaða áhrif verkfallið væri að hafa á bresk fyrirtæki. Samkvæmt Grimsby Telegraph svaraði Eustice á þá leið að áhrif verkfallsins í Bretlandi hafi ekki verið könnuð en viðskiptasambandið við Ísland væri mikilvægara en nokkru sinni áður þar sem Bretlandi væri á leið úr Evrópusambandinu. Samtökin Grimsby Fish Merchants Association eru samkvæmt Grimsby Telegraph einu aðilarnir sem ræddu verkfall sjómanna á Íslandi á opinberum vettvangi. Samtökin eru í forsvari fyrir 80 fyrirtæki.

Stál í stál

Þann 23. jan. sagði Valmundur deiluna vera „stál í stál“. Sjómannasambandið, Sjómannafélag Íslands og Félag vélstjóra og málmtæknimanna höfðu slititð kjaraviðræðum við SFS sem sagði ljóst að „ógerlegt“ væri að ganga að öllum kröfum sjó-

manna. Sjómannasamband Íslands varpaði öllu tali um samfélagslega ábyrgð aftur til SFS og sagði útgerðarmenn ekki vilja koma til móts við sanngjarnar og réttlátar kröfur sjómanna um hækkun oliuverðs- viðmiðs né bætur vegna afnáms sjómanna-afsláttar. Á Facebook-síðu Sjómannasambandsins voru tekin af öll tvímæli um afstöðu sjómanna. Þar sagði: „Nú reynir á samstöðuna. Stöndum saman allir sem einn og brotnum ekki.“ Samninganefndir sjómanna, Sjómannasambands Íslands, Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur, Verkalýðsfélags Vestfirðinga og Sjómannafélags Íslands lýstu yfir vonbrigðum að slitnað hefur uppúr viðræðunum og öll þessi samtök vísuðu því til föðurhúsanna að það væri á ábyrgð sjómanna að aðilar næðu ekki saman.

Útflutningsaðilar kveina

Nú voru tæpar sex vikur síðan verkfall sjómanna hófst en viðræður deiluaðila

Stjórnvöld hafa sett lög á vinnudeilur í **28** skipti

- 1938 Lög um að ágreiningur milli útgerðarmanna botnvörpuskipa og sjómanna um kaupkjör skuli lagður í gerð.
- 1938 Lög um að ágreiningur milli Eimskipafélags Íslands hf. og Skipautgerðar ríkisins o.fl. annars vegar og Stýrimannafélags Íslands hins vegar skuli lagður í gerð.
- 1942 Bráðabirgðalög um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum.
- 1960 Lög um bann gegn vinnustöðvun íslenskra atvinnuflugmanna.
- 1961 Bráðabirgðalög um bann gegn stöðvun eða hindrun millilandaflegs íslenskra flugvéla.
- 1962 Bráðabirgðalög til lausnar á síldveiðideilunni sumarið 1962.
- 1963 Bráðabirgðalög um lausn kjaradeilu verkfræðinga.
- 1965 Lög um lausn kjaradeilu atvinnuflugmanna.
- 1966 Bráðabirgðalög um lausn deilu framreiðslumanna og veitingamanna.
- 1967 Bráðabirgðalög um framlengingu á kjarasamningi milli Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands.
- 1967 Bráðabirgðalög um lausn deilu stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna á íslenskum farskipum og eigenda íslenskra farskipa.
- 1969 Lög um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátafлотanum.
- 1969 Bráðabirgðalög um skipan gerðardóms í kjaradeilu atvinnuflugmanna og flugvélstjóra og íslenskra flugfélaga.
- 1970 Bráðabirgðalög um stöðvun verkfalls stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta á íslenskum farskipum.

- 1975 Bráðabirgðalög um stöðvun verkfalls hjá Áburðarverksmiðju ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins og Kísiliðjunni hf.
- 1979 Bráðabirgðalög um stöðvun verkfalls á farskipum og verkbannsaðgerða Vinnuveitendasambands Íslands. Bannið var endurnýjað með öðrum bráðabirgðalögum þar sem það hefði að öðrum kosti fallið úr gildi vegna þingrofs.



- 1981 Lög um úrskurðaraðila í deilu um starfsaldurslista flugmanna Flugleiða hf.
- 1984 Bráðabirgðalög um lausn á deilu verkalyðsfélaga og sláturleyfishafa á Suðurlandi.
- 1985 Lög um kjaradóm í verkfallsdeilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf.
- 1986 Lög um lausn vinnudeilu Mjólkurfræðingafélags Íslands annars vegar, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar.
- 1986 Bráðabirgðalög um stöðvun verkfalls félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands svo og félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur, sem vinna á farskipum.
- 1986 Bráðabirgðalög um stöðvun verkfalls flugvirkja og flugvélstjóra í Flugvirkjafélagi Íslands, sem starfa hjá Arnarflugi hf.
- 1993 Lög um bann við verkfalli og verkbanni á Herjólf.
- 1994 Bráðabirgðalög um stöðvun verkfalls fiskimanna í aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands utan Vestfjarða, svo og Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja.
- 1998 Lög um kjaramál fiskimanna.
- 2001 Lög um frestun á verkfalli fiskimanna.
- 2001 Lög um kjaramál fiskimanna og fleira.
- 2004 Lög um bann við verkfalli grunnskólakennara.



runnu út í sandinn 23. janúar. Ýmsir útflutningsaðilar kvörtuðu sáran og staðhæfðu að margir hefðu misst trúna á íslenskum sjávarútvegi og sögðu að markaðir fyrir ferskan fisk í Sviss, Bandaríkjunum og víðar hefðu tapast og erlend stórfyrirtæki sneru sér í auknum mæli til Noregs vegna sjómannaverkfallsins. Framkvæmdastjóri eins útflutningsfyrirtækis sagði að áform um sölu íslensks fisks í rúmlega þrjú þúsund verslunum Walmart í Bandaríkjunum væru í uppnámi. Nýlega hefði íslenskur þorskur verið seldur í rúmlega þrjú þúsund og fimm hundruð verslunum Walmart í Bandaríkjunum og til staði að bæta 2000 verslunum við á næstu vikum og mánuðum. Öll þessi áform væru nú í uppnámi. Svo stórir markaðir væru gulls ígildi enda stuðluðu þeir að hærra verði fyrir íslenskar sjávarafurðir. Biðlað var til sjómanna og útgerðar að leysa deiluna, of mikið væri í húfi fyrir landið allt.

Þann 29. jan. var enn allt fast og

strandaði á því að sjómenn stóðu fast við kröfuna um hækkun á olíuverðsviðmiðinu og bætur fyrir sjómannaafsláttinn. Þeir kváðust ekki óttast að lög yrðu sett á verkfallið enda væri það þvert gegn yfirlýstri stefnu stjórnvalda og lítill vilji til þess á Alþingi.

Stjórnvöld leysa ekki deiluna

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, kom þeim skilaboðum til deiluaðila 30. jan. að stjórnvöld myndu ekki koma að því að leysa deiluna, til að mynda með lagasetningu. Staðan var grafalvarleg - hún hefði ítrekað fengið skilaboð um alvarlega stöðu markaða fyrir íslenskar sjávarafurðir í útlöndum. „Þetta er orðið mjög þungt fyrir þjóðarbúið en eftir stendur að þetta er deila sem að sjómenn og útgerðarmenn verða að leysa sín á milli. Þau skilaboð eru mjög skýr af minni hálfu og ríkisstjórnarinnar,” sagði Þorgerður. Aðspurð hvort

það væri útilokað að Alþingi setji lög á verkfallið sagði Þorgerður að það væri ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar. „Ég tel að það væri ekki gæfulegt ef að ríkisstjórnin ætlaði að fara að stíga inn í þessa deilu þegar að við erum að sjá hugsanlega mjög þungar kjaradeilur á næstu misserum.”

Lilja áhyggjufull og vill kortlagningu

Lilja Alfreðsdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, taldi nauðsynlegt að gera þjóðhagslega útreikninga á tapi vegna verkfalls sjómanna. Henni var þó annnt um að deilan leysist án lagasetningar. „Þetta blasir þannig við mér að sjómenn og fjölskyldur þeirra eru að finna verulega fyrir verkfallinu sem hefur nú staðið í sjö vikur,” sagði Lilja og benti á að í sumum tilfellum koma allt að 40 prósent tekna sumra sveitafélaga beint eða óbeint frá sjávarútvegi. „Það sem ég hef verið að kalla á eftir er að hið þjóðfélagslega tjón sé metið

áður en að ákvarðanir um aðgerðir séu teknar. Persónulega skiptir það mig miklu máli að verkfallið leysist án lagasetningar en ég vill að tjónið sé metið áður en að menn fari að tala um þá stefnu sem þeir standa fyrir.“ Í framhaldi af þessu innleggi Lilju tilkynnti Þorgerður Katrín sjávarútvegsráðherra á Twitter að vinna yrði hafin á kortlagningu á þjóðhagslegum áhrifum sjómanna- og útgerðarmanna á fyrirtæki og sveitarfélög. Aðspurð hverju slík vinna á að skila og hvort hún myndi hjálpa að einhverju leyti til við að leysa þessa kjaradeilu útgerðarmanna og sjómanna svaraði Þorgerður að farið yrði í þessa kortlagningu svo hægt sé að átta sig á heildarmyndinni.

Fjölmiðlabann

Ríkissáttasemjari ákvað 3. febrúar að setja sjómanna og útgerðarmanna deiluna í fjölmiðlabann. Þetta var líka gert í október 2015 þegar kjaraviðræður lögreglumanna stóðu yfir. Bryndís Hlöðversdóttir ríkissáttasemjari sagði þetta brýningu um það að deilan væri í hörðum hnút, „Það er einfaldlega þannig að í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur segir að það sé háð trúnaði það sem fram fer á samningafundum þar til samningurinn hefur verið samþykktur. Það er þess vegna sem staðan er sem hún er,“ sagði Bryndís í samtali við Vísi. „Þegar deila er komin í harðan hnút þá er nú sjaldnast til þess fallið að stuðla að lausnum þegar tekist er á um málið fyrir opnum tjöldum.“



Kröfurnar fimm

Í fréttabréfi sem SFS sendi frá sér 4. febrúar kom fram að sjómannasamtökin hefðu krafist þess að rannsókn yrði gerð á fiskverði erlendra uppsjávarskipa. Þessi nýja krafa hefur ekki komið til umræðu áður. Farið er hörðum orðum um þessa kröfu sjómanna og hún sögð síst til þess fallin að færa aðila nær kjarasamningi. SFS sagði samninganefnd sjómanna hafa komið fram með fimm kröfur til viðbótar eftir að sjómenn felldu samningana öðru sinni 14. desember síðastliðinn, þ.e. að sjómannaafsláttur sem felldur var niður af stjórnvöldum yrði bættur af sjávarútvegsfyrirtækjum, olíuverðsvið-

miði yrði breytt og þessu til viðbótar frítt fæði, frír vinnufatnaður og frí fjarskipti. „Kröfur sjómanna munu draga úr fjölbreytileika sjávarútvegs til framtíðar. Af þeim sökum er ekki á þær fallist,“ segir í fréttabréfinu.

Skýrslan lögð fram

Kortlagningin sem Lilja Alfreðsdóttir hafði mælt með var lögð fram í skýrsluformi þann 10. feb. Sjávarútvegsráðherra kynnti hana á blaðamannafundi og sagði hana sýna mat atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á þjóðhagslegum kostnaði verkfalls sjómanna. Samkvæmt

Hvers vegna?

Sjómenn
vinna við hættulegar aðstæður fjarni heimilum sínum oft svo vikum skipti!

A meðan opinberir starfsmenn halda sínum skattafslætti í dagpeningaformi óskertum ræðst ríkisstjórnin á sjómannaafsláttinn

Þessari aðför að sjómönnum mótmælum við!

SJÓMANNNA- OG VÉLSTJÓRAFÉLAG GRINDAVÍKUR

Hvers vegna?

Sjómenn
vinna við hættulegar aðstæður fjarni heimilum sínum oft svo vikum skipti!

A meðan opinberir starfsmenn halda sínum skattafslætti í dagpeningaformi óskertum ræðst ríkisstjórnin á sjómannaafsláttinn

Þessari aðför að sjómönnum mótmælum við!

SJÓMANNNA- OG VÉLSTJÓRAFÉLAG GRINDAVÍKUR

Hvers vegna?

Sjómenn
vinna við hættulegar aðstæður fjarni heimilum sínum oft svo vikum skipti!

A meðan þingmaður með lögheimili norður í landi en býr hjá mömmu sinni í Gráfarvogi á fullum dagpeningum, ræðst ríkisstjórnin á sjómannaafsláttinn

Þessari aðför að sjómönnum mótmælum við!

SJÓMANNNA- OG VÉLSTJÓRAFÉLAG GRINDAVÍKUR



skýrslunni höfðu útflutningstekjur dregist saman um 3,5 til 5 milljarða hvað snerti framleiðsluminnkun á ferskum bolfskafurðum. Tekið var fram að þegar kæmi að útflutningstekjum væri þetta að nokkru leyti tap sem ekki yrði bætt með nýtingu aflaheimilda síðar. Í skýrslunni kom fram að ef verkfallið stæði fram á loðnuvertíðina og veiðar féllu niður yrði þjóðarþúið af tekjum sem líklega yrðu taldar í þúsund milljónum króna. Heildaráhrif verkfallsins á ráðstöfunartekjur sjómanna voru talin nema um 3,5 milljörðum króna frá upphafi verkfallsins 14. desember sl. til 10. febrúar. Áhrif á skylduiðgjöld til lífeyrissjóða sjómanna voru talin nema um 800 milljónum króna á tímabilinu. Hér var um að ræða tekjur sem að mestu eða öllu leyti kynnu að skila sér við nýtingu aflaheimilda síðar. Í það minnsta 2.400 til 2.600 starfsmenn í fiskvinnslu höfðu orðið fyrir tekjuskurðingu vegna verkfallsins. Tekjutap þessa hóps var metið á um 818 milljónir króna frá upphafi verkfalls til 10. febrúar. Atvinnuleysistryggingasjóður hafði þegar greitt um 312 milljónir króna í atvinnuleysisbætur og kauptryggingu til fiskvinnslufólks vegna verkfallsins. Gróflega áætlað tekjutap ríkissjóðs vegna lækkaðra staðgreiðslu skatta og tryggingargjalds fiskverkafólks og sjómanna (hásetar, skipstjórnarmenn, vélstjórar) vegna verkfallsins var metið alls 2,5 milljarðar króna. Þar af 392

milljónir vegna launa fiskverkafólks og 2,1 milljarður vegna launa sjómanna. Í skýrslunni kom fram að verðmætasköpun í fiskveiðum og vinnslu samkvæmt þjóðhagsreikningum hefði verið á bilinu 140 til 170 milljarðar króna árlega frá árinu 2008, á föstu verðlagi, sem samsvaraði 380 til 460 milljónum króna á dag að meðaltali. Að viðbættum óbeinum efnahagslegum áhrifum getum við leitt að því að verðmætasköpun sjávarútvegs og tengdra greina hafi numið 350 - 425 milljörðum króna árlega frá 2008 sem samsvarar 960 - 1160 milljónum króna á dag að meðaltali.

Engin ögurstund, bara djöfuls þrjúská

„Það er ekkert meiri ögurstund núna en oft áður,“ segir Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands, um frétt Morgunblaðsins þar sem talað var um að svo virtist sem komið væri að ögurstund eftir nær tveggja mánaða verkfall sjómanna. „Það er bara verið að reyna að fá menn til að hugsa öðruvísi. Bæði við og útgerðarmenn verða að hætta þessari djöfulsins þrjúsku báðu megin,“ segir Valmundur.

Lokatilboð

Samninganefnd Sjómannasambands Íslands gerði SFS tilboð í gær sem samninganefndin sagði að væri lokatilboð þeirra í kjaradeilunni. Í þessu tilboði var ófrávikjanleg krafa að sjómenn

myndu njóta dagpeninga eins og annað launafólk í þessu landi. Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS, sagði í Bítinu á Bylgjunni að þegar sjómannaafslátturinn var afnuminn árið 2009 hefðu í raun dagpeningar sjómanna verið að fullu skattlagðir. Hún kvaðst ekki skilja hvers vegna aðrar stéttir í landinu gætu dregið frá kostnað varðandi dagpeninga og þyrftu ekki að greiða skatt af þeim, og nefndi sem dæmi opinbera starfsmenn og flugáhafnir. Vilhjálmur Birgisson lét heyra í sér af þessu tilefni og skrifaði að engar líkur væru á nýjum kjarasamningi við SFS þótt þau myndu fallast á tilboð sjómanna því það var háð þeim ófrávikjanlegu skilyrðum að sjómenn myndu njóta dagpeninga eins og annað launafólk í þessu landi. “Málið er að sjómenn eru alls ekki að biðja um neina ölmusu heldur einungis það að fá að sitja við sama borð og allt launafólk í þessu landi sem þarf starfs síns vegna að

Vettlingar, buxur og kókópöffs fyrir tveggja mánaða verkfall

- *Heiðveig María Einarsdóttir, sjómaður og lögfræðingur var ekki hrifin af sjómanna-samningunum*

Lífsafkoma Heiðveigar Maríu Einarsdóttur hefur verið náteynd sjómennsku frá barnæsku og til dagsins í dag. Hún er dóttir sjómanns, hefur verið sjómaður sjálf og er gift sjómanni í dag, því stendur þessi málaflökkur henni nær en mörgum öðrum. Ástæðan fyrir því að hún lét til sín taka nú í aðdraganda kjarasamninga sjómanna var að henni blöskraði hvernig gengið er á rétt sjómanna og þykir henni sem þau félög sem eiga að gæta að réttindum sjómanna séu farin að missa sjónar á hlutverki sínu sem er það helst að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna, svo sem með því að semja um kaup og kjör, bættum aðbúnaði og gæta þess að ekki sé gengið á rétt félagsmanna.

starfa víðsfjarri sínu heimili!”

Loks farið að sjást til lands

Fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna komu saman til fundar í húsnæði ríkissáttasemjara 15. febrúar og samkvæmt heimildum var nú farið að sjást til lands í deilum aðila. Töldu bjartsýnustu menn mögulegt að samningar náist í deilunni þennan dag. Þorgerður Katrín kvaðst fyrst og fremst fara til fundar við sjómenn og útgerðarmenn í Karphúsinu þá um kvöldið til þess að hlusta á deiluaðila. Frá því var greint að heildartap ríkissjóðs af því að gera fæðispeninga sjómanna skattfrjálsa yrði um 730 milljónir króna á ári og þá yrðu sveitarfélög af um 330 milljónum króna í útsvarstekjur. Þorgerður vísaði í þessar tölur en sagðist ekki vita hvað menn væru að tala um í Karphúsinu. „En ég vona að menn séu að ná saman. Það er samt ekki þannig að menn stilli ríkinu upp við vegg á

lokametrinum og segi „Komið með milljarðana,“ sagði ráðherrann. Daginn eftir lagði hún fram tillögu á fundi með útgerðarmönnum og sjómönnum þess efnis að farið yrði í heildstæða greiningu á skattalegri meðferð dagpeninga og fæðispeninga almennt á vinnumarkaði. Samkvæmt heimildum Vísis miðaði greiningin að því að tryggja áfram einfalda og sanngjarna framkvæmd og jafnræði á milli launþega varðandi skattaumhverfi dagpeninga og fæðispeninga.

Krafa um skattfrjálsa dagpeninga

Fjölmiðlar greindu frá því að sjómenn kölluðu eftir því að fá greidda dagpeninga skattfrjálst og teldu að ekki væri samræmi í skattalöggjöfinni varðandi þennan þátt. Flugáhafnir og opinberir starfsmenn fengu til að mynda slíkar greiðslur skattfrjálsar. Greiningin miðaði meðal annars að því að ganga úr skugga um hvort að misræmi eða

ósanngirni felist í skattalegri meðferð þessara greiðslna. Þá ætti einnig að felast í henni athugun á hvort í aðgerð á borð við þessa fælist ríkisstyrkur eða niðurgreiðsla á launum. Varaformaður Sjómannasambandsins sagði viðbrögð sjávarútvegsráðherra við kröfu um að gera fæðispeninga sjómanna skattfrjálsa geta leitt til þess að viðræðum yrði slitið. Eftir árangursríkan fund í húsakynnum Ríkissáttasemjara mættu síðan samninganefndir útgerðarmanna og sjómanna til fundar við sjávarútvegsráðherra í ráðuneytinu og þar voru kynnt drög að nýjum kjarasamningi fyrir ráðherra. Aðeins eitt atriði stóð eftir – vilyrði frá ráðherra varðandi skattalega meðferð á dag- og fæðispeningum sjómanna. Aðgerð sem kostaði hið opinbera um 400 milljónir króna á ári. Konráð Þ. Alfredsson, varaformaður Sjómannasambandsins sagði aðspurður um viðbrögð ráðherrans að þau hefðu

Framkvæmdin ekki samkvæmt reglum

Heiðveig María er viðskiptalögfræðingur og hún lýsti því yfir skömmu eftir að kjarasamningarnir voru samþykktir í febrúar að engu skipti hvað þeir hefðu að geyma. Framkvæmd kosningarinnar meðal sjómanna um land allt hefði ekki verið samkvæmt reglum sem ASÍ gefur út og Sjómannasambandið er aðili að. Of skammur tími hefði t.d. gefist til að kjósa á ýmsum stöðum. Heiðveig fer fyrir hópi sjómanna sem mun kæra niðurstöðu kosningarinnar. Strax í byrjun atkvæðagreiðslu sjómanna um nýgerða kjarasamninga spáði Heiðveig María því að atkvæðagreiðslan um hann yrði mjög jöfn. Hún sagði að hörð umræða hefði farið fram meðal sjómanna um samningana og margir verið ósáttir við fyrirkomulagið á atkvæðagreiðslunni enda knappur tími fyrir félagsmenn til þess að kynna sér efni samninganna.

Endalaus vanvirðing

„Ég skil ekki alveg lætin í þessu,“ sagði Heiðveig í samtali við fjölmiðla þegar atkvæðagreiðslan fór fram. „Það eru 100 dagar síðan þetta byrjaði í október, 66 dagar síðan verkfall hófst, af hverju þarf þetta allt í einu að gerast á núllinn? Og þar að auki um helgi? Menn ná ekkert að kynna sér þetta almennilega. Það hefur komið í ljós í þessum felldu samningum, þeir eru illa fram settir, þeir eru illa skrifaðir og það gefur augaleið að þegar þú ert búinn að keyra fólk í tuttugu tíma, þrjá daga í röð þá getur

þetta ekki komið almennilega út. Þetta er bara algjör þvæla, frá upphafi til enda, öll þessi atburðarás og endalaus vanvirðing. Það er okkar upplifun. Ég er búin að fá svona 120 einkaskilaboð frá ókunnugum sjómönnum, með spurningum um hvort að þetta sé svona í alvöru, sem furða sig á þessu, hvort að kosningin sé lögleg og í lagi. Þetta verður mjög tæpt, það fer eftir

því hvernig menn selja þetta og hversu þreyttir menn eru orðnir. Umfram allt er þetta bara algjörlega glataður samningur og eins og einhver sagði: „Fint að fá nokkra vettlinga, buxur og kókópöffspakka fyrir þetta helvítis tveggja mánaða verkfall. Það er allt sem þetta er,“ sagði Heiðveig María.



verið mjög neikvæð og hann hefði lýst vonbrigðum sínum við þessi viðbrögð hennar og teldi þau ósanngjörn.

Tregða ráðherra kemur í veg fyrir lausn

Samkvæmt upplýsingum fjölmiðla var sjávarútvegsráðherra boðaður á sameiginlegan fund efnahags- og viðskiptanefndar og atvinnuveganefndar Alþingis. Páll Magnússon formaður atvinnuveganefndar, sagði að staðan væri grafalvarleg og nú þegar samningur væri í höfn milli sjómanna og útgerðarmanna væri það tregða sjávarútvegs- og fjármálaráðherra, til að verða við eðlilegri kröfu sjómanna sem kæmi í veg fyrir að deilan leysist og flotinn fari til veiða. Páll taldi líklegt að lög yrðu bráðlega sett á verkfall sjómanna. Þorgerður vildi ekki svara því beint hvort til greina kæmi að fæðispeningar sjómanna yrðu skattfrjálsir eins og til umræðu var og þótti umdeilt. Töldu ýmsir að þannig vildi útgerðin koma eigin kostnaði yfir á ríkið og þar með almenning. Líkur á að loðnuflotinn nái í tæka tíð að veiða 190 þúsund tonna kvóta áður en loðnan hrygndi og dræpist minnka með hverjum deginum sem líður, en kvótinn myndi skila að minnsta kosti 20 milljörðum króna ef hann næðist. Þorgerður Katrín ýjaði að „sértækum aðgerðum“, sagði að ef sjómenn féllust

ekki á það sem stjórnvöld væru að segja yrðu þau að grípa til annarra ráða. „Línan er skýr. Við viljum nálgast þetta á almennan hátt. Engar sérreglur. En eftir stendur að það þarf að leysa deiluna, hagsmunir eru miklir og það er mikið í húfi. Við þurfum að fara að ná í auðlindina í sjónum, skapa verðmæti. Við höfum ekki mikinn tíma áður en kemur að ögurstundu.“

Samningar takast

Samningar hafa tekist á milli sjómanna og útgerðarmanna og skrifuðu þeir undir kjarasamning á þriðja tímanum aðfaranótt 18. febrúar í Karphúsinu. Sjómenn höfðu þá verið í verkfalli í tvo mánuði en áður hafði Þorgerður Katrín fundað með deiluaðilum í sitt hvoru lagi. Þar lagði hún fram málamiðlunar-tillögu og eftir fundina með ráðherra héldu útgerðarmenn og sjómenn í Karphúsið þar sem þeir freistuðu þess að klára samninga. Það tókst á endanum og verkfalli sjómanna var þar með lokið en samkvæmt heimildum fjölmiðla voru samningarnir án aðkomu ríkisins. Flotinn, sem hafði legið við bryggju síðustu tvo mánuði gat því haldið von bráðar út á miðin en þær góðu fréttir bárust í vikunni að loðnukvótinn hefði verið aukinn um 184 þúsund tonn. Samningar voru kynntir félagsmönnum áður en

þeir fóru í atkvæðagreiðslu og gert ráð fyrir að henni lyki á sunnudagskvöld.

Sjómenn samþykkja 20. febrúar

Fiskiskipafloptinn streymdi út á miðin eftir að verkfalli sjómanna hafði verið aflýst en sjómenn samþykktu nýjan kjarasamning með naumum meirihluta. Strax sama daginn og samninganefndir sjómanna og útgerðarmanna skrifuðu undir nýjan kjarasamning var samningurinn kynntur sjómönnum og fór til atkvæðagreiðslu. Hún stóð stutt yfir og á áttunda tímanum voru kjörkassar með atkvæðum sjómanna um nýjan kjarasamning bornir inn í húsakynni ríkissáttasemjara. Fulltrúar sjómanna tóku sig til og undirbyggðu talningu sem hófst formlega klukkan átta.

Já sögðu 623 eða 52,4%, nei sögðu 558 eða 46,9%. Auðir og ógildir voru átta eða 0,7%. Ríkissáttasemjari tilkynnti að samningurinn teldist samþykktur að hálfu sjómanna og stjórn SFS hefði líka samþykkt samninginn einróma.

Samkvæmt upplýsingum frá ríkissáttasemjara er deilan sú lengsta í sögu embættisins frá upphafi. Samningur sjómanna við útgerðina losnaði 1. janúar árið 2011 og höfðu sjómenn verið án kjarasamnings í sex ár, einn mánuð og nítján daga. Kjaradeilan fór til ríkissáttasemjara 22. maí 2012 og var þar í 1735 daga.



Bókhalld.net

Bókhaldsþjónusta og ráðgjöf

Víkurbraut 25. 240 Grindavík

Sími: 583-0040

www.bokhald.net

th@bokhald.net



HS VEITUR HF



Óskum sjómönnum
til hamingju
með daginn



Löggiltir endurskoðendur ehf

Hlíðasmári 4, 201 Kópavogur. Tel.: +354-534-7000

Skárri kosturinn valinn

Fulltrúar sjómanna og útgerðamanna voru fegnir niðurstöðunni og fóru strax í að tilkynna um niðurstöðuna svo skip gætu haldið til sjós eins fljótt og auðið var. „Við erum komin með samning sem að báðir aðilar hafa samþykkt og það er ótrúlega dýrmætt að það þurfti ekki að grípa til inngrips þriðja aðila,“ sagði Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS.

Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands sagðist halda að menn hefðu alveg gert sér grein fyrir því að það gætu komið lög ef þetta yrði ekki samþykkt og hann teldi að menn hefðu valið skárri kostinn.

„Ég fékk þá tilfinningu að við myndum klára þetta og ná þessu í gegn núna þegar við skrifuðum undir og við fengum staðfestingu á því í kvöld og ég er bara gríðarlega ánægður og þakklátur,“ sagði Jens Gardarsson, formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

Verkfall sjómanna hefur haft viðtæk áhrif, þá sérstaklega á landvinnsluna en meira en fimmtán hundruð manns voru komnir á atvinnuleysissskrá vegna verkfallsins.

Pungu fargi létt af mönnum

Það voru stressaðir fulltrúar útgerðarinnar sem biðu í húsakynnum ríkissáttasemjara meðan talning stóð yfir. Sjómenn höfðu í tvígang fellt fyrri samninga og það sló ekki á stressið þegar fyrir lá að kjörsókn var dræm eða um 53 prósent. Pungu fargi var létt af samningamönnum þegar niðurstaðan var kynnt. „Við erum mjög ánægð og þetta er mikill léttir. Það er stór kostur að sjómenn hafi samþykkt,“ segir Heiðrún Lind Marteinsdóttir framkvæmdastjóri SFS. „Brýnasta verkið er að koma skipunum út á sjó og ná þessari loðnu. Síðan taka við önnur mál sem hafa setið á hakanum meðan á þessu hefur staðið.“

„Þetta var tæpt en það hafðist,“ segir Valmundur Valmundsson. „Nú tekur við vinna við samninginn og að koma honum í framkvæmd. Það er hellings vinna framundan í sambandi við fiskverðið og nýja kerfið þar.“ Þegar upp var staðið taldi Valmundur að skynsemin hefði ráðið för þegar menn greiddu atkvæði um samninginn. Hann þakkaði þeim fjölmörgu sem komu að því að kynna samninginn og taldi að það hafi tekist vel. Mörgum hafi snúist hugur við þá kynningu.

Ýmsir voru neikvæðir í garð sjómannaforystunnar og létu þá skoðun sína í ljós. „Ég tók þá ákvörðun að láta það ekki á

Magnús Kr. Guðjónsson skipstjóri.



mig fá,“ segir Valmundur um umræðuna. Sjávarútvegsráðherra kvaðst fegin niðurstöðunni en vildi ekki gefa upp hvort lög hefðu verið sett á verkfallið ef niðurstaðan hefði orðið önnur. Samningurinn hafi verið samþykktur og því óþarfi að velta öðru fyrir sér.

Ósáttur við aðkomu sjávarútvegsráðherra 20. feb.

Það stóð samt tæpt að samningurinn yrði samþykktur og staðreyndin var sú að rétt rúmlega fimmtíu prósent þeirra sem voru á kjörskrá tóku þátt í atkvæðagreiðslunni. „Það er alltaf þannig að þegar verið er að leysa eina erfiðustu kjaradeilu Íslandssögunnar, ef þannig má að orði komast að þá er viss léttir í því. Það er alltaf smá kvíðbogi yfir því þegar atkvæðagreiðsla fer með þessum hætti þar sem að helmingur félagsmanna er ekki sáttur,“ sagði Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness. Hann neitaði að tjá sig um aðkomu sjávarútvegsráðherra. „Hún var henni ekki til sóma. Svo mikið er víst,“ sagði Vilhjálmur. „Hún sagði bara við fulltrúa í samninganefndinni að lögin væru klár. Tók jafnframt fram að þetta væri ekki hótun og hún lagði fram svona sáttatilboð til okkar þar sem við áttum að skilja 40 prósent af okkar sjómönnum eftir óbætta frá garði varðandi fæðishlunnindi og gaf okkur síðan frest til

miðnættis um það að svara og ef við myndum ekki svara þá þyrfti hún að hringja í forseta Alþingis, þá væntanlega til að undirbúa lagasetningu á sjómenn. Annað hvort takið þið þessu sáttatilboði stjórnvalda eða það verða sett á ykkur lög. Það var enginn millivegur í því,“ sagði Vilhjálmur.

Sjómenn fegnir að vera aftur komnir til starfa

Sjávarútvegsráðherra þvertók fyrir það í viðtali við Morgunútvarp Rásar 2 í morgun að hafa hótad deiluaðilum með lagasetningu. „Það er eðlilegt og hefði verið ábyrgðarleysi að minni hálfu á þessum tímapunkti að vera ekki tilbúin með lögin en það er hins vegar þannig að menn ákváðu einfaldlega í húsi ríkissáttasemjara að leysa þetta sjálfir sem er mun betra. Það var aldrei þannig að ég segði að það væri verið að fara í lagasetningu á morgun en það blasti við að það þurfti einfaldlega að vera tilbúið með plan a, plan b og plan c. Annað hefði verið ábyrgðarlaust,“ sagði Þorgerður Katrín.

Þrátt fyrir að tæpur helmingur sjómanna hafi ekki mætt á kjörstað og greitt samningnum atkvæði um helgina eru flestir fegnir því að vera komnir til vinnu aftur. Eins og sjá mátti víða um land voru flest þeirra skipa sem þar höfðu legið undanfarnar vikur farin til veiða.

Eðvarð T. Jónsson:

Grindvískir sjómenn hafa sínar eigin skoðanir og liggja ekki á þeim

- segir Einar Hannes Harðarson, formaður SVG og samninganefndar



Samþykkt var á aðalfundi SVG milli jóla og nýárs að stjórn Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur færi í samningaviðræður vegna verkfalls sjómanna, undir forystu formannsins, Einars Hannessonar. Í för með þeim var Kári Ölversson sem hefur einna mesta reynslu af samningaviðræðum þeirra sem eru að starfa núna fyrir félagið.

Samstarfið gott hjá Grindvíkingunum

Í viðtali við Sjómannadagsblaðið segir Einar, að Kári hafi áður átt sæti í samninganefndum fyrir Grindvíkinga og setið í stjórn Sjómannasambands Íslands. „Mér fannst mikilvægt að geta haft vanan mann með mér til að geta leitað ráða hjá honum því ég var að fara í þessar viðræður í fyrsta sinn og gerði mér ekki fyllilega grein fyrir út í hvað ég var að fara. Samstarfið milli okkar Grindvíkinganna var mjög gott en samstarfið var að öðru leyti nokkuð misjafnt. Við vorum ekki í alltof góðu sambandi við Sjómannasambandið svo dæmi sé nefnt – vorum engan veginn sammála þeim í einu og öllu og okkur



Einar Hannes Harðarson, formaður SVG.

var haldið dálítið utan við allt hjá forystu sambandsins. Forystan hélt til dæmis fundi sem ég var ekki boðaður á þótt ég hafi setið í framkvæmdastjórn Sjómannasambandsins og samkvæmt lögum þess verður að boða mig á fundi. Við vorum engan veginn sáttnir við þetta en væntanlega var ástæðan sú að ég hafði ekki sömu skoðanir og þeir á öllum málum.“

Allir aðilar eiga að vera með í ráðum

„Vestfirðingarnir sem voru með umboðið heima hjá sér voru heldur ekki boðaðir en þeir eiga líka mann í framkvæmdastjórn og lögum samkvæmt átti að boða bæði mig og Sævar Gestsson, formann Sjómannafélags Ísfirðinga, á alla fundi. Við gerðum svo sem ekkert sérstakt í þessu máli nema hvað ég lét í ljós óánægju mína. SVG er stærsta og öflugasta sjómannafélag landsins og okkur finnst að við eigum að eiga þó ekki væri nema áheyrnarfulltrúa á þessum fundum eins og reyndar var búið að samþykkja í stjórn Sjómannasambandsins. Við vitum aldrei fyrir víst hvort við séum að missa af einhverju sérstöku á þessum stjórnarfundum en það hvernig Sjómannasambandið stóð að þessum málum fannst mér einfaldlega rangt. Alla aðila að vinnudeilum á að hafa með í ráðum þegar reynt er að finna lausn og komast að niðurstöðu og það er alltaf betra að fleiri en færri séu hafðir með í þeirri vinnu.“

Góð frammistaða ríkissáttasemjara

„Mér fannst ríkissáttasemjari, Bryndís Hlöðversdóttir, standa sig nokkuð vel í þessari deilu. Hún var vinur allra, alltaf hress og í góðu skapi. Hitt er svo annað mál að þetta samningamódel er ævagamalt og úr sér gengið. Ég er ekki viss um að það sé farsælt og virki vel í dag að menn þrátti hver í sínu horni í stað þess að ganga í það saman að breyta hlutunum. Ég er ekki með neina sérstaka lausn á þessum vanda en það er deginum ljósara að einhverju þarf að breyta og það er engin glóra í þessu stappi. Sáttasemjari reyndi það sem hún gat til að leysa málin á hlutlausan og upplýstan hátt. Hún var í góðu og miklu sambandi við alla aðila og með alla með sér, pólitikusana, Sjómannasambandið og útgerðina. Við gátum valsað inn og út í húsakynnum sáttasemjara, höfðum það eins og við vildum, og hún var tilbúin að aðstoða okkur hvort heldur var á nóttu eða degi.“

Löng og erfið lota

„Flest félögin eru með samningsumboðið hjá Sjómannasambandinu en Grindvíkingar drógu það til baka 14. nóvember og þá ákváðum við að hafa umboðið heima. Eitt félag stendur fyrir utan þetta og það er Sjómannafélag Íslands. Vestfirðingar eru einnig með umboðið heima og sjá sjálfir um að semja fyrir sína félagsmenn. Formaður Vélstjórafélagsins er með umboðið fyrir vélstjóra. Skipstjórnarmenn



PGV FRAMTÍÐARFORM EHF

öskar sjómönnum/konum og fjölskyldum
til hamingju með daginn

voru búnir að samþykkja samningana og þeir voru ekki með í þessari lotu. Þetta var afar löng og erfið lota, byrjaði 24. júní í fyrrasumar. Þá var skrifað undir nýjan kjarasamning sem virtist nánast hafa dottið af himnum ofan. Þar voru Grindvíkingar nánast ekkert með í ráðum. Sjómannasambandið var með okkar umboð og við vorum ekki hafðir með í ráðum og alls ekki sáttir við það. Sá samningur var felldur eins og kunnugt er og var þá gerður annar samningur sem var felldur með enn meira afgerandi hætti. Þriðji samningurinn var samþykktur með tæpum meirihluta atkvæða.“

Gjá milli sjómanna og útgerðar

„Við vorum búnir að vera samningslausir í sex ár sjómenn og það hafði myndast gjá á milli okkar og útgerðarinnar. Þetta eru mál sem þarf að vinna í. Traustið sem áður ríkti milli manna virðist farið og báðir aðilar þurfa að hysja upp um sig og fara að vinna í þeim málum og bókunum í nýja samningnum. Sú vinna þarf að fara fram hratt og örugglega með það fyrir augum að byggja aftur upp traustið sem hefur glatast. Það er því miður þannig hjá einstaka útgerðum að menn þora ekki að tjá sig um þann rétt sem þeir eiga og standa ekki á sínum eigin skoðunum af því að þeir eru hræddir um að missa vinnuna. Við Grindvíkingar erum nokkuð heppnir að því leyti að við getum haft okkar skoðanir og látið þær í ljósi. Þá er einfaldlega tekin umræða um málið og reynt að ganga í að laga hlutina. En því miður er það þannig að hjá vissum útgerðum má ekki hafa skoðanir á málunum án þess að gerðar séu athugasemdir við það. Ég varð var við að með okkur þarna inni á fundunum voru aðilar sem voru hræddir við útgerðina og jafnframt heyrðum við í sjómönnum sem hringdu inn og sögðust ragir við að segja sína skoðun á opinberum vettvangi.

Mér fannst samstarfið ágætt sem við áttum við SFS, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. Jens Garðar Helgason, formaður SFS, var í forystu í samningaviðræðunum og stjórnaði þeim meira og minna af hálfu samtakanna. Það er ekki þannig eins og sumir halda að talsmenn sjómanna og útgerðar séu bara að rífast og þrátta. Auðvitað erum við ekki samála og við segjum það fullum fetum og þeir segja okkur það á móti, en menn eru ekki að berja í borðin og skella hurðum. Það gerðist bara einu sinni á öllum þessum samningstíma að hreinsa þurfti andrúmsloftið og það var bara gert allrækilega. Annars var þetta málefnaleg og góð vinna. Samningamenn útgerðarinnar



eru að vinna fyrir sína menn og sín samtök eins og við fyrir okkar og báðir aðilar leggja áherslu á að verja sína hagsmuni.“

Fjölmiðlasirkus

Áhrifin sem alræmd grein Heiðrúnar Lindar Marteinsdóttur, framkvæmdastjóra SFS, hafði voru þau að hún gerði sjómenn enn reiðari og þjappaði þeim meira saman. Heiðrún talaði þar um kjarabaráttu hinna hæst launuðu og smurði verulega á laun sjómanna með villandi framsetningu.

„Það sem Heiðrún sagði í fjölmiðlum held ég ekki að hafi orðið henni til góða, heldur miklu frekar okkur sjómönnum,“ segir Einar. „SFS voru alltaf að reyna að vinna almenningssálitið, en við sjómenn virtumst vera með almenningssálitið með okkur allan tímann. Það fór auðvitað ákveðinn sirkus þarna í gang sem var þessi fjölmiðlaumræða öll í heild sinni, en ég tel að sjómenn hafi komið vel út úr þessu og samúðin var hiklaust með þeirra málstað eftir allt þetta samningsleysi árum saman. Það er auðvitað drjúgur hluti af gjánni sem hefur myndast milli aðilanna hvað lengi hefur dregist að semja. Átta ár hafa liðið milli samninga og það er auðvitað gersamlega út í hött. Tækniþróunin er svo hröð og breytingarnar miklar á skömmum tíma. Þegar síðasti samningur var gerður 2009, sá sem rann út 2011, voru samskiptamálin í gegnum netið mjög ofarlega á baugi hjá mönnum. Ekkert var um það rætt á þeim tíma og netið var ekki einu sinni komið um borð þegar síðasti samningur var gerður. En nú hefur náðst slík framþróun í þessum málum hvað varðar hraða nettengingar og annað að nú geta menn verið í ágætis sambandi við fjölskylduna í

gegnum netið. Þetta er mikil bylting fyrir sjómenn. Þetta hefði aldrei orðið eitt af þrætueplunum í síðustu kjarasamningum en vegna þess hve langt leið á milli orðu þessi mál að mínu mati mun erfiðari en þau hefðu þurft að vera.“

Nauðsyn að nútímavæða kjarasamninga

Aðeins hluti sjómannastéttarinnar samþykkti samningana og hljóðið í mönnum er misjafnt. „Einhverjir telja okkur hafa náð ágætum samningi, aðrir eru minna sáttir,“ segir Einar. „Síðan er það mjög ríkt í sjómönnum að fara verði í þær bókanir sem eru í samningnum og ég tel það sjálfur skipta meginmáli að ná sátt um þau mál sem enn er verið að þræta um. Við þurfum bara meiri tíma því breyta þarf heilmiklu í kjarasamningum sjómanna. Við þurfum að nútímavæða þennan kjarasamning, það er fjöldamargt í honum sem er aldrei notað. Þetta er alltof gamalt plagg sem verður að taka í heildarendurskoðun og betrumbæta á ýmsan hátt. Það virðist vera sátt um þetta báðumegin borðsins og þessi vinna er nú þegar byrjuð. Nefna má í þessu sambandi oliuverðsviðmiðunina, það sem nefnt er kostnaðarhlutdeild útgerðar – breyting á henni gæti hækkað skiptaverð til sjómanna. Skýra þarf samsetninguna á þessum 30% sem bundin eru við oliukostnað af aflaverðmæti hverrar veiðiferðar. Það hefur reynst sérlega erfitt að fá viðhlítandi skýringar á þessu og nauðsynlegt að sjómenn skilji hvað hér er um að ræða. Utgerðarmenn og forystumenn sjómanna eru búnir að tala um að þessu þurfi að breyta og ég hef fulla trú á því að það verði gert núna á samningstímanum. Það er fullkomlega



óviðunandi fyrir okkur eins og útgerðina að lenda í löngu verkfalli með tilheyrandi launamissi. Menn vilja eðlilega helst að það sé kominn nýr samningur áður en hinn fer úr gildi.“

Verkfallssjóðurinn tæmdist

„Verkfallssjóður SVG tæmdist í verkfallinu en hann var rúmar 70 millj. kr. Hann fór ekki að vaxa fyrr en eftir árið 2001. Þá fórum við að fá umtalsverða peninga inn í sjóðinn en fram að því fengum við kauptrygginguna sem var lítil. Í verkfallinu 2001 tæmdist þessi sjóður. Gjaldkeri félagsins fór yfir þessi mál á öllum fundum félagsins í haust og á aðalfundinum eftir áramótin. Þar kom fram að þótt SVG væri stórt félag og búið að vaxa hratt á undanförunum árum hefðum við bara úthald í einn mánuð til að borga verkfallsbætur. Við komumst síðan að því að ASÍ ætti ágætis verkfalls-sjóð og sóttum um í þann sjóð en okkur var hafnað og það sýnir sig nú greinilega hvernig ASÍ virkar. Þessi samtök eru ekki fyrir alla heldur aðeins útvalda. Þú þarft að rétta upp hönd á réttum tíma og vera sammála því sem forysta ASÍ segir. Við erum ekki sáttir við vinnubrögð ASÍ í þessu máli.“

Vitundarvakning hjá útgerðinni

„Það eru bókanir í samningnum sem á að fara að vinna í og ég held að sú vinna verði tekin fljótlega því útgerðin er okkur sammála um að það þurfi að vinna hratt í þessu. Einhverjar útgerðir voru með kröfur um að við færum að bera meiri kostnað af tryggingum en því höfnuðum við alfarið. Við erum að fara í meiri greiningu varðandi slysa-málin og það hefur greinilega orðið smá vitundarvakning hjá útgerðinni í þessum málum. Flestar stóru útgerðirnar hafa ráðið til sín öryggisfulltrúa sem eiga að vinna í nánú sambandi við sjómenn hvað varðar umbætur á þeim öryggisatriðum um borð sem eru ekki í lagi. Markmiðið er auðvitað að reyna að fækka slysum og það hlýtur að vera fyrsta skrefið í rétta átt að búa til öryggisteymi um borð í skipum og kanna hvað megi betur fara og ef eitthvað þurfi að laga verði það gert hratt og örugglega. Svona forvarnarvinna er náttúrulega langhlaup en þetta er án vafa rétt byrjun. Kostnaður útgerðar hefur vaxið mjög mikið vegna tryggingarmála sjómanna og þær eru að vinna að því að lækka þann kostnað. Þannig að báðir aðilar munu njóta góðs af þessu. Þetta er fín lína sem menn eru að reyna

að feta sig eftir - kostnaður er alltaf að aukast því að keyrslan á þessum skipum er orðin gríðarleg og afköstin eftir því. Menn þurfa að hafa sig alla við í árferði eins og nú er þar sem laun sjómanna hafa lækkað mikið út af styrkingu krónunnar. Menn þurfa að róa meira og þá aukast álagsmeiðsli.“

Mönnunarmálin

„Samkvæmt samningnum á að fara í endurskoðun á mönnunarmálum skipanna og gera könnun á mönnun fiskiskipa og álagi sjómanna. Við teljum okkur í einhverjum tilfellum vera of fáa um borð og ég veit að þetta er með fyrstu málunum sem verður farið í. Ég vona að fenginn verði óháður aðili til að skoða mönnunarmálin og farið verði eftir því sem hann segir og þó ekki síður að menn segi sína skoðun á þessum málum þegar eftir því verður leitað og þeim upplýsingum verði haldið eftir hjá þessum óháða aðila. Þótt gengið hafi ágætlega að fækka mönnum held ég á endanum að við munum sjá eitthvað stórslys gerast ef ekki verði brugðist við og enginn vill bera ábyrgð á slíku.“

Þáttur sjávarútvegsráðherra

„Þáttur Þorgerðar Katrínar sjávarútvegsráðherra var nokkuð sérstakur. Hún

hamraði á því allan tímann að hún myndi ekki koma að deilunni á neinn hátt. Ég sat nokkra fundi með henni þar sem hún kvaðst hvorki ætla að setja lög á sjómenn né kaupa útgerðarmenn niður úr snörunni. En kvöldið áður en skrifað var undir samning sagði hún „annaðhvort skrifum við undir samning eða lögín eru klár.“ Hún talaði nokkuð afdráttarlaust í garð útgerðarinnar en ég held þegar menn eru í svona stöðu í miðjum erfiðum samningum sé betra fyrir ráðherra sjávarútvegsmála að segja sem allra minnst. Sú greiningarvinna sem fór af stað á seinni stigum málsins hefði mátt koma miklu fyrir. Ég var frekar ósáttur með þá afstöðu hennar að sjómenn fengju ekki skattfrjálsa fæðispeninga því við teljum okkur eiga rétt á þeim þar sem við erum með beinan kostnað á móti. Þetta er einfaldlega réttlætismál og fól í sér hugmynd að sjómannaafslætti. Þarna átti að slá tvær flugur í einu höggi en hún var gallhörd á móti þessu. Á endanum var samið um að útgerðin myndi borga fæðið en sjómenn hlunnindaskatt af matnum um borð. Um er að ræða 614 kr. á dag ef greiddur er hæsti hlunnindaskattur. Fyrri ríkisstjórn var reyndar búin að lofa skattfrjálsum



fæðispeningum, 500 kr. á dag, og þáverandi formaður atvinnuveganefndar Alþingis var talsmaður þess að sjómenn fengju skattfrjálsa fæðispeninga en ekki var samstaða um það innan ríkisstjórnar-flokkanna. Málið strandaði á Viðreisn enda var Þorgerður búin að mála sig út í horn. Hefði hún tjáð sig minna á fyrri stigum hefðum við kannski getað fengið þessa skattfrjálsu fæðispeninga.“

Mikil og góð samstaða sjómanna

„Það sem stendur upp úr er að sjómenn stóðu þétt saman og sýndu gríðarlega

sterka samstöðu. Þetta er í fyrsta sinn sem sjómannaforystan á Íslandi nær svona mikilli og góðri samheldni meðal sjómanna. Sjómannafélögin eru misjafnleg uppbyggð og inn á milli eru blönduð félög sjómanna og verkalyðsfélaga þannig að það getur reynst erfitt að fá alla til að standa saman. Við getum alltaf gert betur en þótt menn takist á inn á við og séu ósammála þurfum við ekki að ganga sundraðir út heldur vera sáttrir við að geta blásið út, tekist á og rætt málin,“ sagði Einar Hannes Harðarson að lokum.



Sendum sjómönnum, fiskvinnslufólki og öðrum Grindvíkingum hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn



Hákon EA 14 - Vörður EA 748 - Áskell EA 749

„Af hverju á ég að „pæla“ í þessu komin á þennan aldur?“

Raunfærnimat í fisktækni

Síðan 2012 hafa yfir tvö hundruð manns farið í gegnum raunfærnimat í fisktækni í gegnum Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum í samstarfi við Fisktækniskóla Íslands í Grindavík. Einstaklingarnir hafa það sameiginlegt að hafa starfsreynslu úr sjávarútvegstengdum greinum. Hópurinn hefur sýnt að gríðarleg reynsla liggur hjá starfsfólki fiskvinnslunnar og meðal sjómanna sem nýtist til styttingar á formlegu námi sem fisktækninámið er. Því hafa margir fengið mjög gott forskot í námið og stuttan tíma hefur tekið að ljúka því sem eftir stendur. Þess heldur hafa margir hverjir farið áfram í nám t.d. gæðastjórnunarnám eða Marel vinnslutækni sem er kennt í Fisktækniskólanum í samstarfi við ýmsa aðila. Jafnframt hafa þátttakendur raunfærnimatsins nýtt sér raunfærnimatið sem stökkpall í annað nám.

Jákvæð upplifun, styrking í núverandi starfi og viðurkenning á starfsreynslunni eykur sjálfstraust þátttakenda. Fyrir það eru flestir þátttakendur þakklátir og myndu gjarnan benda öðrum með reynslu að slá til. Röbert og Svanhvít eru fyrrum þátttakendur í raunfærnimati sem segja sína reynslu af matinu.

Robert Henry Vogt

„Ég lenti í óhappi út á sjó sem gerði mig óvinnufæran og vildi nýta tímann á meðan. Ég fór í MSS í Keflavík til að skoða hvaða námskeið væru í boði. Hitti þar hana Jónínu starfs- og námsráðgjafa og hún benti mér á þessa leið. Fór fyrst í sterkari starfsmaður og í framhaldi af því þá kom sú umræða upp hvort ekki væri gott að senda mig í raunfærnimat. Eftir að matinu lauk er ég búinn að ljúka námi í Fisktækniskóla Íslands og byrjaði þar á fisktækninum og tók síðan viðbótarnám í gæðastjórnun. Nú er ég að skoða í kringum mig varðandi vinnu í þessum efnunum.

Ég hvet alla eindregið til að fara í raunfærnimat á meðan það býðst. Þetta gefur manni forskot í námið. Að fara í nám á mínum aldri virkar eins og vítaminsprauta í tilveruna“.



Robert Henry Vogt

Svanhvít Másdóttir

„Ástæðan fyrir því að ég fór í raunfærnimat var smá forvitni í mér til að athuga hvar ég stæði í kunnáttu í sambandi við fiskinn og því sem snýr að honum. Áður en ég fór í matið þá hugsaði ég; af hverju á ég að pæla í þessu komin á þennan aldur (ca 47 ára) en ákvað að sjá hvað kæmi út úr þessu. Eftir matið þá áttaði ég mig á að ég kunni bara þó nokkuð og var eiginlega hissa á sjálfri mér. Þetta kveikti áhuga á að klára fisktækninn því ég átti svo lítið eftir þegar niðurstaðan úr matinu lá fyrir. Ég fór í Fisktækniskólann og kláraði fisktækninn og ætlaði að láta þar við sitja. Þegar útskriftin var þá var Fisktækniskólinn að auglýsa gæðastjórnunarnám um haustið og eftir gott spjall við kennara og aðra nemendur þá var ekki aftur snúið. Ég skráði mig í námið og kláraði það og útskrifaðist sem gæðastjóri í desember 2016. Síðan þá hef ég starfað sem gæðastjóri og er alltaf að læra eitthvað nýtt. Ef einhver er í vafa hvort hann eigi að fara í mat þá er mitt svar: Ekki spurning, þú tapar engu, bara græðir á því.

Kennararnir eru snillingar og eru alltaf tilbúnir að aðstoða hvenær sem



Svanhvít Másdóttir

er. Það sem hjálpaði mér mikið var að vita hversu kennararnir voru duglegir að útskýra og styðja við bakið á manni. Góð samvinna nemenda skipti líka miklu máli. Ekki skemmir að þetta bætti sjálfs-traustið töluvert“.

Allar upplýsingar um raunfærnimat í fisktækni veita:

Jónína Magnúsdóttir,
náms- og starfsráðgjafi, jm@mss.is

Nanna Bára Mariasdóttir,
verkefnastjóri atvinnulífs, nanna@mss.is



Vörðufell Gk. 205 í innsiglingunni til Grindavíkur á vetrarvertíð 1994. Um nauðlendingu var að ræða því skipið fékk á sig brotsjó og missti út öll siglingartæki.



Styrktar- og sjúkrasjóðsnefnd

Þann 12. mars árið 1898 var stofnaður styrktarsjóður sjómanna í Grindavík, var það gert að undirlagi Einarssonar hreppstjóra í Garðhúsum.

Skipulagsskrá sjóðsins var á þessa leið:

1. grein: Sjóðurinn er stofnaður með frjálsum samskotum sem við árslok 1898 námu 93,97 krónum.

2. grein: Sjóðurinn skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands og skulu vextirnir leggjast við höfuðstólinn, þar til eru krónur 500.- Frá þeim tíma má brúka hálfa vexti handa líðandi sjómönnum í Grindavík til styrktar jafnt úrsveitis sem innsveitis mönnum sem stunda þar atvinnu á vetrarvertíð, þar til sjóðurinn er orðinn krónur 1000.- Upp frá því má brúka 4/5 vaxta til þess sem hjér er sagt en 1/5 leggist ávallt við höfuðstól.

3. grein: Þau ár sem enginn fær styrk úr sjóðnum leggjast allir vextirnir við höfuðstólinn, en stjórn sjóðsins skal heimilt að veita þann hluta vaxta sem til útborgunar átti að koma það ár, þeim sem kunna að þurfa næsta ár.

4. grein: Í stjórn sjóðsins skulu vera presturinn í Staðarprestakalli í Grindavík, fyrsti sýslunefndarmaður sama hrepps og sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu.

5. grein: Þeir sem ætla að vera að-njótandi styrks úr sjóðnum, skulu fyrir lok vertíðar það ár sem þeir ætla að fá styrkinn, hafa sent umsókn sína þar að lútandi til einhvers af stjórnendum



Magnús E. Arthúrssen, Hallur J. Gunnarsson, formaður nefndar, og Þórólfur M. Þórólfsson.

sjóðsins og skýra þar frá ástæðum sínum, veikindum sínum og þar af leiðandi atvinnutjóni eða öðrum óhöppum sem þeir hafa orðið fyrir.

6. grein: Reikningur sjóðsins skal árlega birtast í B-deild stjórnartíðindanna. Garðhúsum 12.mars 1898.

Frá 1956 hefur Sjómanna og vélstjóra-félag Grindavíkur haft með höndum

styrktar og sjúkrasjóð, nefnd er kosin annað hvert ár og er hún skipuð þremur félagsmönnum.

Á síðastliðnum fjórum árum hefur félagið rúmlega tvöfaldað fjölda félagsmanna og afgreiðir nefndin nú rúmlega eitt þúsund erindi á hverju ári.

Orlofsnefnd

Orlofsnefndin fundar reglulega og fer yfir stöðu mála, með hverju nýju húsi eykst umfangið og er í mörg horn að líta eins og allir húseigendur vita.

Óhætt er að segja að orlofshús félagsmanna eru með því besta sem gerist og er mikil og almenn ánægja með dvöl í húsunum.

Orlofsvefur félagsins er vel nýttur en þar er að finna m.a. hótelmiða, veiði og útilegukortið o.fl.

Á næstu dögum mun félagsmönnum berast í pósti fríkort sem jafnframt er félagsskírteini og gefur það kost á afslætti á ýmisskonar þjónustu. Fréttabréf félagsins mun framvegis berast í tölvupósti og eru félagsmenn hvattir til þess að uppfæra og koma til skila netföngum.



Guðmundur Bjarnason, Sigurður Sverrir Guðmundsson, gjaldkeri SVG, Sigurður Jónsson og Skúli Hermannsson, formaður orlofsnefndar.



Minning Karl Arnar Helgason

Karl Arnar Helgason var fæddur 14. apríl 1939 í Reykjavík. Karl lést á heilbrigðisstofnun Suðurnesja 8. febrúar 2017.

Foreldrar hans voru Helgi Vigfússon og Sigríður Bjarnadóttir frá Flókastöðum í Fljótshlíð.

Karl átti tvo bræður, Ragnar Kristinn sem býr á Selfossi og Sigurð Grétar sem lést af slysförum árið 1951.

Karl ólst upp á Flókastöðum og í Reykjavík, hann útskrifaðist sem vélstjóri árið 1963 og starfaði sem slíkur alla tíð.

Karl flutti til Grindavíkur árið 1960. Tveimur árum síðar kvæntist hann Hjálmey Einaradóttur og áttu þau saman fjórar dætur, þau slitu samvistum.

Dætur þeirra eru Margrét, gift Kára M. Ölverssýni, þau eiga 2 dætur og 4 barnabörn, Eyrún, gift Ægi Jónssýni og eiga þau 3 börn og 2 barnabörn, Sigríður Helga, gift Stefáni Árna Friðgeirssýni og eiga þau 3 dætur, Elísabet, maki Oddgeir Guðnason, þau eiga 2 börn og 1 barnabarn.

Hjálmey átti fyrir eina dóttur, Agnesi, og gekk Karl henni í föðurstað, Agnes á 3 börn en missti eitt barn.

Seinni kona Karls var Vivian Osei, þau giftust árið 1998 en slitu samvistum, dóttir



þeirra er Linda Jane.

Karl byrjaði til sjós 1958 með Haraldi Kristjánssýni á Kristínu RE 45.

Karl byrjar með Svani Jónssýni á Þorsteini GK 15 en Karl Símonarson tók síðan við Þorsteini og voru þeir nafnar saman til ársins 1966.

Eftir það fór hann á Þórkötlum GK 97 til

ársins 1969 en þá hóf hann útgerð með félögum sínum Ólafi Sigurðssýni og Magnúsi Ásgeirssýni.

Þeir kaupa fyrst Guðmund Þórðarson RE síðar Hannes Hafstein og Reykjanes GK, útgerðina seldu þeir 1979 og fór Karl þá á Jóhannes Gunnar GK eina vertíð og þá á Hafbergið GK með Helga Einarssýni til 1992, næstu tvö árin er hann á ýmsum bátum.

Árið 1994 fer hann með Erni Traustasýni til Ghana með vélbátinn Lyngey Sf sem áður var Hópsnes GK, hann er þar í tvö ár, kemur heim í eitt ár og þá fer hann aftur til Ghana og er þar rúm tvö ár.

Alkominn heim fór Karl á nokkur skip en lýkur sjómannsferlinum á Hafberginu GK, alls spannaði sjómannsferill hans fjörutíu og sex ár og allan þann tíma starfaði hann sem vélstjóri. Karl var heiðraður af Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur á sjómannadaginn 3. júní árið 2007.

Sjómanna og Vélstjórufélag Grindavíkur minnst Karls með hlýhug og vottar aðstandendum hans samúðar, blessuð sé minning hans.

Ritstjóri.

Speedglas Elga KEMPPi The Joy of Welding

Sameinar það besta í rafsuðu

Smíðavogi 65 • 200 Elgavogi • Sími 558 5888 • www.landvelar.is

LANDVÉLAR



Torfi

Sveinn Torfi Þórólfsson verkfræðingur lést 28. desember 2016.

Góðir Grindvíkingar:

Maður lætur hugann reika aftur í tímann og skoðar gömlu Grindavík og fólkið sem varð manni samferða. Þá koma fram ýmis augnablik. Tveir strákar komu hjólandi upp eftir aðalgötunni. Þeir stöldruðu við fyrir utan Melstað, þar sem nokkur strákahópur var samankominn. Bræðurnir frá Eyvindarstöðum Sipli, Helgi og Gvendur voru að ræða um Hafrenning og hvað Þóri fiskaði mikið á síldinni fyrir norðan. Þormar í Brú og Gvendur í Borgarholti sögðu að Ingólfur á Þorbirninum og Erling á Þórkötlunni stæðu sig líka vel. Húsbændurnir í Brú og Borgarholti voru hluthafar í Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf, þeir gerðu út Þorbjörn og Þórkötl. Nonni og Óli á Melstað voru nýkomnir úr mat frá mömmu sinni. Hinni í Hjarðarholti, Elli í Heimalandi og Þorleifur í Brautarholti voru þarna líka, þeir voru á leiðinni austur í hverfi.

Jarðýta vestan við götuna djöflaðist með miklum hávaða við að brjóta niður hraunið undir ný hús og götur. Grindvíkingum var að fjölga. Góðar vertíðir skiluðu miklum tekjum og síldarævin-týrið var handan við hornið. Strákarnir á hjólunum voru bræður, Torfi og Almar, sögðust vera nýfluttir frá Skagaströnd og ættu heima niðri á Lundi. Þeir þekktu engan, voru á sinni fyrstu yfirreið en báru sig vel.

Foreldrarnir voru Þórólfur Sveinsson og Alma Norðman. Árni Valur og Þórólfur Már hétu yngri bræðurnir, Seinna um haustið fæddist Eva Kolfinna og Kristinn Bergmann nokkrum árum seinna. Fjölskyldan kom til Grindavíkur á stórum grænum amerískum bíl og setti mikinn svip og kærkominn á þessa sjöfundruð manna byggð, enda harðduglegt fólk.

Torfi var að verða 12 ára, hann var í sveit hjá bóndanum á Höskuldsstöðum, Stefáni Hólmi, tvö sumrin á undan, sagnaði félagi sinna á Skagaströnd. Þar bjó fjölskyldan í stóru húsi sem var kallað Höfðaborg. Höskuldsstaðir eru miðja vegu á milli Skagastrandar og Blönduóss.

Torfi settist í 12 ára bekk um haustið með Gauja í Vík og Gulla í Skálholti, Braga á Blómsturvöllum, Sigga á Akri, Kristni á Stað, tvíburunum á Sólheimum, Bjarney og Sóley, Helga á Eyvindarstöðum, Öggu í Miðfelli Dagnýju í Bræðra-



tungu og Nonna í Ásgarði.

Strákar á þessum aldri voru margir komnir í vinnu með skólanum. Sumir voru að skera utan af netum og aðrir að stokka upp línu. Einn og einn fékk að beita bjóð og bjóð. Torfi fékk vinnu sem handlangari í Smiðjunni hjá Herbert, hún var í næsta nágrenni við Lund þar sem fjölskyldan átti heima.

Hann brilleraði í skólanum, Torfi var alltaf með hæstu einkunn, afburðarnemandi. Hann var aðeins tvö ár í Grindavíkurskóla. Héraðsskólinn á Laugarvatni tók við Torfa 14 ára og eftir frábært landspróf færðist hann yfir í Menntaskólann á Laugarvatni. Torfi varð stúdent þaðan vorið 1965, 19 ára gamall.

Ungir menn sem vildu fara í nám á þessum árum urðu að vinna fyrir skólanum, það voru engin námslán til reiðu.

Torfi var til að byrja með hjá Todda í fiskinum í Þorbirni hf en fór á síld á Litla Hrafninum þegar Venni (Björgvin Gunnarsson) tók hann. Sigurður Magnússon sem var með bátinn frá því hann kom nýr var að fá nýjan bát, Hrafn Sveinbjarnarson II (Rauði Hrafninn). Honum líkaði vel á sjónum ekki síst vegna þess að þeir lönduðu síldinni oft á Skagaströnd, gamla þorpinu sem var honum svo kært. Toddi (Tómas Þorvaldsson) var forstjóri Þorbjarnar hf. Það getur verið að hann hafi séð mannsefni í þessum unga og harðduglega pilti. Torfi talaði mjög vel um forstjóran. Það er ekki óhugsandi að hann hafi verið velgjörðamaður í gegn um langt og strangt háskólanám. Hann lauk fyrrihlutaprófi í verkfræði frá Háskóla Íslands árið 1968.

Þórólfur keypti bát frá Vestmannaeyjum sem hét Frosti VE. Hann skipti um nafn á bátinum og skráði hann undir nafninu Sveinn Sveinsson GK 363. Synir hans stóðu með honum og voru duglegir að hjálpa til. Fjölskyldan flutti í nýtt hús sem þau byggðu og kölluðu Stapafell.

Torfi fór til Noregs og lauk námi með mastersprófi í verkfræði með vatnsveitu og fráveituverkfræði sem sérgrein, frá Norges Teknisk Høyskole NTH í Þrándheimi. Hann fór eftir mastersprófið til Osló í framhaldsnám í sinni sérgrein. Háskólinn í Osló skammstafað sig „NIVA“.

Nú hafði strákahópurinn frá Melstað breyst í unga menn, allir komnir á sjóinn og sumir með Þórarni Ólafssyni sem þeir dáðust að þegar hann var með Hafrenninginn á sínum tíma. Hann var



Sveinn Torfi fyrir framan gamla heimilið sitt, Stapafell í Grindavík.

nú landsþekktur aflamaður. Þóri var aflakóngur á vetrarvertíð og með efstu bátum á síldinni. Grindvíkingar sátu spenntir og hlustuðu á aflaskýrsluna sem lesin var upp í útvarpinu á mánudagskvöldum eftir tíufréttir. Menn héldu með sínum bátum rétt eins og nútímafolk heldur með fótboltaliði. Grindavíkurbátarnir voru framlag okkar í þeirra tíma úrvalsdeild.

Veðrið lék við Grindvíkinga þetta sumar og lífið var gott og spennandi. Englendingar héldu HM í fótbolta. Ray Davis söng um ríka yfirstéttargaurinn sem veldi eins og stunginn grís á kránni við Stamford Bridge þar sem áhangendur Lundúnarliðsins Chelsea fögnuðu með félögum sínum sem yfirleitt var forríkt fólk úr yfirstétt. Já sýslumaðurinn hafði gert lögtak í skútunni og innsiglað hana við legufærin, konan stungin af á bílnum hans heim til foreldranna, þar sem hún ásaði hann fyrir ofbeldi og fylleri. Sunny afternoon varð lag heimsmeistarakeppninnar. Sjöundi áratugurinn var algjör tónlistarsprengja fyrir heiminn þar sem Bítlarnir, Rolling Stones og Kinks réðu öllu í lífi unga fólksins þannig að menn voru ekki samir eftir, lífið var yndislegt.

Skyndilega skall á með miklum hveli, svarta myrkur yfir þetta litla sjávarþorp á Reykjanesi. Það varð slys um borð í Þorbirni öðrum GK 541 þar sem þeir voru að landa fyrir austan. Löndunarkrabbi féll niður á dekkið þar sem sjómennirnir voru við störf. Einn hásetinn varð undir krabbanum og lést samstundis. Þessi ungi piltur í blóma lífsins var einn úr strákahópnum sem kom saman fyrir utan Melstað á sínum tíma, Þormar í Brú. Þetta var gríðarlegt áfall fyrir byggðarlagið að ég tali nú ekki um skipshöfnina á Þorbirni öðrum og fjölskylduna, fólkið í Brú. Myrkrið var svart, það tók sólina langan tíma að koma upp á nýjan leik.

Sveinn Torfi Þórólfsson vann eftir nám á Verkfræðistofu Arne R. Reinertsen í Þrándheimi við hönnun fráveitumannvirkja í Noregi og Íslandi meðal annars fyrir Reykjavík, Akureyri og Vestmanna-



Sveinn Torfi í heimsókn hjá vinum sínum á Bryggjunni í Grindvík. Talið f.v. Gunnar Tómasson, Kristinn Jóhannsson, Sveinn Torfi og Aðalgeir Jóhannsson.

eyjar. Hann vann samt lengst af sinni starfsævi við Háskólann í Þrándheimi, Norwegian University of Science and Technology, NTNU. Torfi stundaði rannsóknir í sínu fagi og tók virkan þátt í að móta og þróa þau fræði í Noregi og víðar. Hann samdi námsefni og skrifaði kennslubækur og útskrifaði yfir 150 meistara og doktorsnema. Torfi var deildarstjóri í verkfræðideildinni við skólann árin 1991 til 1993. Hann hélt fyrirlestra við háskóla víða um heim og tók þátt í verkefnum út um allan heim. Þau voru í Kína, Svartfjallalandi, Katmandu í Nepal, Svalbarða, Japan og fleiri löndum í Evrópu.

Torfi var tvisvar í rannsóknardvöl við University of Washington, UWA, Seattle í Bandaríkjunum og einu sinni við Háskóla Íslands. Hann var brautryðjandi í sínu fagi og hlaut fjölda verðlauna og viðurkenninga. Torfi fékk Vannprisen verðlaunin árið 2006, fyrir þá miklu þýðingu sem starf hans hafði fyrir „Norsk vannmiljö“ gegnum sínar rannsóknir og kennslu á þessu fagsviði frá 1997. Verðlaunin voru frá Ráðgivende Sivilingeniörs forening, RIF og vannforening í Noregi. Hann fékk verðlaun í kennslufræði fyrir nýjungar og þróun í

kennsluáðferðum við NTNU 2002.

Torfi var brautryðjandi í þróun á kennsluáðferðum, m.a. PBL (Problem Basert Lærning) sem var tekin í notkun í allri verkfræðikennslu við NTNU. Hann var heiðraður af Det Kongelige Selskap for Norges Vel ved Direksjonen, með heiðursorðu fyrir langa starfsævi og góð störf við NTNU í 35 ár.

Torfi Þórólfsson hélt þennan fina fyrirlestur á BRYGGJUNNI í apríl 2012. Hann notaði myndvarpann til skýringar sínu máli. Þetta var á kvöldi sem Bryggjumenn kalla „KRÓNIKKU“. Tveir voru á undan honum í dagskránni sem lásu Grindavíkursögur. Þá sagði Torfi svolítið sem kom öllum mjög á óvart. Hann sagðist ekki geta lesið eins og þessir tveir góðu menn, vegna þess að hann hefur alla tíð þjáðst af mjög alvarlegri lesblindu.

Torfi fann ástina í menntaskólanum. Konan hans heitir Sigríður Erla Gunnarsdóttir frá Eyri við Ingólfsfjörð, þau eignuðust eina dóttur, Guðbjörgu. Hún dó langt fyrir aldur fram. Börn Guðbjargar eru Sigríður og Hákon. Fjölskyldan býr í Þrándheimi.

Sveinn Torfi Þórólfsson lést eftir erfið veikindi um nokkurn tíma 28. desember síðast liðinn. Hann var borinn til grafar í Hafsteinskirkju í Þrándheimi 17. janúar síðast liðinn.

Við sendum fjölskyldunni samúðarkveðjur; ekkjunni Sigríði Gunnarsdóttur, afabörnunum, Sigríði og Hákon, föður þeirra og systkinunum, Árna Val, Þórólfi Má, Evu Kolfinnu og Kristni Bergmann og minnumst Sveins Torfa Þórólfssonar með söknuði, þakklæti og virðingu.

melurinn 14,05, 2017

Munnlegar heimildir

Jón Ingi Ingvarsson

og Morgunblaðið 17. jan 2017.



Sveinn Torfi ásamt nemendum sínum í HÍ.

ÞJÓNUSTA :



HÖNNUN VEIÐARFÆRA

Hönnun veiðarfæra: Hönnun veiðarfæri frá grunni ef með þarf. Einnig sjáum við um breytingar og lagfæringar á veiðarfærum til að aðlagja þau að óskum kaupenda.

UPPSETNING OG FRÁGANGUR VEIÐARFÆRA

Sjáum um uppsetningu og frágang veiðarfæra að óskum kaupenda.

VIÐHALD VEIÐARFÆRA

Yfirförum allar gerðir veiðarfæra.

VÍRAR, HÓLKAR, 600TN VÍRAPRESSA

Eigum á lager flestar gerðir vinnsluvíra og kranavíra. Erum með 600tn vírapressu, og þrykkjum bæði ál og stálhólka með hefðbundnum augum með eða án kóssa. Erum einnig með stálaugu f/ víra og vírmanillu.

ROCKHOPPERAR OG FÓTREIPI

Erum með rockhopperpressu. Setjum upp og lagfærum lengjur af öllum stærðum og gerðum, að óskum kaupenda. Eigum ávallt til á lager rockhopperdiska 10-24" í ýmsum þyngdum. Einnig erum við með milligúmmi af flestum stærðum. Setjum einnig upp fótreiði fyrir dragnætur og humartroll.

KEÐJUR OG LÁSAR

Stálkeðjur 9-32mm og galvanisíraðar 4-32mm frá Trygg í Noregi. Patentlása frá Parson og Silverline, og járnvara frá Markussen.

NET TÓ OG GARN

Net tó og garn frá Hampiðjunni, Cotesi og Euronet í Portugal.

ALL T Í NETAÚTHALDIÐ

Eigum efni í færri, sérta, baujur, belgi, teina og fleirra

NETAFELLING OG AFSKURÐUR

Tökum að okkur netafellingu og afskurð.

SKILJUR

Setjum upp og sjáum um viðhald á Sort-V smáfiskaskiljum og rækjuskiljum.

SJÓFATNAÐUR

Sjófatnaður, vettlingar, hnifar, brýni og ýmislegt fyrir útgerðina.

Frekari upplýsingar færðu á www.veidarfaeri.is



Óskum sjómönnum til hamingju með daginn

JÓN & MARGEIR
Grindavík

Seljabót 12 • Grindavík • Sími 840 1330 • jon@jonogmargeir.is

Hetjur hafsins

Á sjómannadaginn fögnum við
hetjum hafsins um land allt og
sendum þeim okkar bestu kveðjur

Íslandsbanki

Kæru sjómenn og fjölskyldur ykkar!
Til hamingju með sjómannadaginn



Sjómannna- og vélstjórafélag Grindavíkur

Hafnargötu 9 Sími 426 8400 • Fax 426 8405 • Netfang: svgrindavik@gmail.com • www.svg.is

Skrifstofan er opin alla virka daga frá klukkan 8:00-13:00.

Hann er sjómaður dáðadrengur...

Þann 1. febrúar árið 1999 kom að landi við Reykjanesið gríðarlega öflug lægð sem hlaut nafnið „ófreskjulægðin“. Varað var sérstaklega við hárri sjávarstöðu og flóðum.

Það gekk eftir, mikill áhlaðandi síðustu dagana á undan varð til þess að á síðdegisflóðinu svona um kvöldmatarleytið voru allar bryggjur í Grindavík komnar á kaf.

Björgunarsveitin var kölluð út og þurfti meðal annars að sækja menn um borð í fiskibáta sem þar höfðu staðið spottavaktina.

Mikinn fjöldi fólks dreif þar að til þess að fylgjast með fyllunum ganga upp eftir bryggjunum, þegar að stærstu fyllur gengu vel uppá Ægisgötuna þurftu bílstjórar að keyra að næsta ljósa-staur, skrúfa niður rúðuna og halda sér í staurinn (a.m.k. einn).

Kemur þá Leifur Guðjónsson rétt nýkominn með bílpróf á rúntinum með tveimur félögum sínum og tekst með mikilli út-sjónarsemi að keyra eftir bryggjunni út að ós, afleiðingarnar má svo sjá hér á þessum myndum, og enn frekar á youtube þar sem atburðurinn er sýndur í heild sinni.



Að lokinni Sjómannamessu er haldið fylktu liði í skrudgöngu að minnisvarða um týnda og drukknáða sjómenn, Von.



Ljósmyndir Haraldur Hjalmarsson.

Sjómannadagurinn er hátíðisdagur haldinn sjómönnum til heiðurs

Í lögum um sjómannadaginn segir m.a.

Sjómannadagsráð hefur með höndum hátíðahöld sjómannadagsins ár hvert í samræmi við stofnskrá um sjómannadag frá 1937 og lög um sjómannadag frá 1987.

Stofnskráin er viðamikil og kemur m.a. fram að stuðla skuli að því að sjómannadagurinn skipi verðugan sess í íslensku þjóðlífi, að efla samhug meðal íslenskra sjómanna, hinna ýmsu starfsgreina stéttarinnar, að heiðra minningu látinna sjómanna, að heiðra fyrir björgun



Séra Elínborg Gísladóttir, Hinrik Bergsson og herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands.

mannslífa, kynna þjóðinni störf sjómanna og mikilvægi starfanna í þágu þjóðfélagsins. Að auki má þar finna ákveðin höfuðmarkmið í velferðarmálum sjómanna eins og dvalar og orlofsmál o.s.frv.

Nú er svo komið að höfuðstaðurinn á Íslandi hefur breytt nafni dagsins í „Hátíð hafsins“ og gert úr hálfgerðan skripaleik með sáralítilli skirskotun til sjómannadagsins, er þetta fyrirbæri að verða smitandi því a.m.k. eitt annað sveitarfélag nefnir hátíðina „Hafnardaga“.

Í Grindavík höldum við margra daga hátíð sem er samofin sjómannadeginum og nefnum hana „Sjóarinn Síkáti“. Þarna er ekkert slitið úr samhengi og farið að lögum í einu og öllu. Sjómannadagurinn er að sjálfsögðu hápunktur hátíðarinnar.

Sjóarinn Síkáti átti 20 ára afmæli 2016, myndaröðin sem með fylgir er tekin í fyrra, sjómannahelgin tókst með ágætum. Mikill fjöldi fólks lagði leið sína til þess að fagna sjómannadeginum með okkur Grindvíkingum og var ekkert til sparað.

Sjómannna og Vélstjórafélag Grindavíkur þakkar öllum þeim sem komu að framkvæmd og veittu aðstoð.

Ritstjóri.









Heiðrun á sjómannadaginn 2016



Frá vinstri: Einar Hannes Harðarson formaður SVG, Alda Hafðís Demusdóttir, Sveinn Þór Ísaksson, Þorsteinn Óskarsson, Hrönn Ágústsdóttir, Sæunn Kristinsdóttir, Einar B. Bjarnason, Krístrún Bragadóttir og Guðmundur Karl Tómasson.



Einar Björn Bjarnason
vélstjóri og útgerðarmaður er fæddur
23. nóvember 1949 á Siglufirði.

Hann er sonur hjónanna Bjarna
H Þórarinssonar fyrrv. hafnarstjóra
í Grindavík og Ástu Björnsdóttur,

fósturmóðir Einars er Ásdís Sigurgeirs-
dóttir frá Hlíð í Grindavík.

Systkini Einars eru, samfeðra, Guð-
rún, Þórkatla, Sigurgeir og Sveinbjörn.

Systkini sammæðra eru Snorri og
Sigurður.

Eiginkona Einars er Sæunn Kristins-
dóttir og eiga þau fimm börn, Garðar,
látinn 12. júní 2015, Ásta Björg, Rakel,
Kristinn og Anna Sveinborg.

Einar sleit barnsskónum í Grindavík,
gekk barnaskólann og undi sér við leik
og störf við höfnina, og sjómennskan
var hugleikin. Á 16. árinu er farið í
fyrstu róðrana og byrjar svo sína fyrstu
vertíð á Mána GK með Ella frá Höfn.
Sjómennskan varð að ævistarfi.

Einar rær með föður sínum á Hrafn



Herra Ólafur Ragnar Grímsson forseti
Íslands heldur háttíðarræðu á tilefni sjó-
mannadags 2016.

*Landsveit kvenna frá Vísi h/ f sigræði í kappróðri, t.h. Steingrímur
E. Kjartansson formaður Sjómannadagsráðs SVG.*



11. GK, á Hrafn Sveinbjarnarsyni GK
með Péttri Sæmundssyni og síðar á Hrafn
Sveinbjarnarsyni 111.GK með Péttri frá
Höfn. Hann rær með Sveini Ísakssyni sem
var þá kominn með Hrafn Sveinbjarnarson
og með honum fer hann á Hrafn GK 12.

Eina vertíð var hann á Víkurberginu GK
með Reyni Jóhannssyni.

29 vertíðum síðar fer Einar í útgerð með
Guðmundi K. Tómassyni er þeir kaupa
Vörðufell Gk. 205, og gera þeir út í 12 ár.

Þá gerir Einar út krókabátinn Sæunni
GK. til ársins 2002, þegar að hann
hættir útgerð.



Næstu fimm árin er Einar vélstjóri á Tómasi Þorvaldssyni GK með Sæmundi Halldórssyni.

Frá árinu 2008 hefur Einar róíð með Óskari Jenssyni á Aski GK 65 og kom úr sínum síðasta róðri fyrir rétt mánuði síðan og 51 vertíð betur.

Einar Björn Bjarnason: Sjómannanna og Vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum og færir þér og fjölskyldu þinni heilla-óskir, guðs blessun og von um farsæld um ókomin ár.

Megir þú njóta heiðursins.



Guðmundur Karl Tómasson
útgerðarmaður og rafvirkjameistari er
fæddur í Reykjavík þann 19. maí 1951

Hann er sonur hjónanna Tómasar Guðmundssonar rafvirkjameistara og Ingu Guðmundsson húsmóður.

Bræður Guðmundar eru Haraldur og Róbert.

Eiginkona Guðmundar er Krístrún Bragadóttir og eiga þau tvö börn, þau eru Hjördís og Tómas.

Guðmundur sleit barnsskónum í Grindavík, gekk í barnaskólann og líkt og flestir drengir á þessum árum var gert út á Hópið á kassabátum. Guðmundur fer að afloknum grunnskóla í Iðnskóla Suðurnesja og lýkur þaðan námi í rafvirkjun.

Sjómennskan blundaði og á 16. ári var Guðmundur messagutti á Esjunni.

Á næstu árum rær Guðmundur með Guðmundi Eggertssyni á hinum ýmsu bátum sem hann gerði út.

Inn á milli vertíða greip Guðmundur í rafvirkjun með föður sínum og þjónustaði Grindavíkurflotann.

Það er svo vorið 1983 sem Guðmundur hefur útgerð með bræðrum sínum er þeir kaupa Svan GK og gera þeir út til hausts '85 er þeir kaupa Vörðufell GK 205.

Fljótlega gengur Einar B Bjarnason til liðs og bræður Guðmundar hætta.

Þeir gera út Haförninn GK um skeið.

Árið 1986 kaupa þeir félagar nýtt Vörðufell GK 205 og gera samfleytt út í 14 ár.

Um síðustu aldamót er Guðmundur kominn í land og tekur til við fyrri iðju, rekur rafmagnsverkstæðið Rafborg og sem fyrr er þjónustan við Grindavíkurbáta í fyrirrúmi.

Guðmundur lét af störfum á síðasta ári.

Guðmundur Karl Tómasson: Sjómannanna og Vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum og þjónustu við Grindavíkurbáta.

Og færir þér og fjölskyldu þinni heilla-óskir, guðs blessun og von um farsæld um ókomin ár.

Megir þú njóta heiðursins.





Helgi Theódór Anderssen og Guðrún Aradóttir á heimili sínu að Þórkötlustöðum í Grindavík.

Helgi Theódór Anderssen
útgerðarmaður og matsveinn er fæddur þann 15. maí 1933 í Reykjavík.

Hann er sonur Alfreðs E. Andersen og Áslaugar Theódórsdóttur.

Systkini Helga eru Hjálmar, látinn og Bryndís.

Dóttir Helga er Halldóra Guðrún.

Helgi flytur til Grindavíkur 3. ja ára

gamall að Þórkötlustöðum og Júlíus A. Hjálmarsson gengur honum í föður stað.

Helgi sleit barnsskónum í Þórkötlustaðarhverfi og gekk í barnaskólann í hverfinu.

Snemma byrjar Helgi að róa til fiskjar, fær lánaða jullu hjá Júlía Dan og sjómennskan varð að ævistarfi.

Hann er á ýmsum bátum frá Grindavík og víðar m.a. Pólstjörnunni frá Ísafirði.

Helgi er með Sigurði Magnússyni frá Sólheimun á Hrafn Sveinbjarnarsyni GK, Símoni Þorsteinssyni frá Múla á Bjargþór GK. og mörg ár á Gylfa Erni GK.

Um skeið er hann á togurum og oftast kokkur.

Hann er skipstjóri á Glæð GK, og hefur eigin útgerð með bátinn Leif ÓF. Sjómannsferill Helga nálgast sex áratugi, þegar hann kemur í land og við taka ýmis störf tengd akstri o.fl.

Hann er um skeið formaður Verkalýðs og Sjómannadeildar Grindavíkur. Síðustu starfsár keyrir Helgi hjá Steypustöðinni hér í Grindavík.

Sambýliskona Helga er Guðrún Aradóttir og búa þau að Þórkötlustöðum í Grindavík.

Helgi Theódór Andersen: Sjómannanna og Vélstjóraráfélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum, og færir þér og fjölskyldu þinni heilla-óskir, guðs blessun og von um farsæld um ókomin ár.

Megir þú njóta heiðursins.



Sveinn Þór Ísaksson
skipstjóri er fæddur á Grenivík við Eyjafjörð þann 28. september 1945.

Hann er sonur hjónanna Ölmú Oddgeirsdóttur og Ísaks Vilhjálmssonar frá Svalbarða á Grenivík.

Syskini Sveins eru, Oddgeir, Hjördís, Sjöfn, Guðrún, Vilhjálmur, Ásta, Sóley og Haukur.

Eiginkona Sveins er Alda Hafdís Demusdóttir frá Ásvöllum í Grindavík og eiga þau þrjú börn, elst er Guðbjörg María, þá Almar Þór og yngstur er Ægir Demus.

Barnabörnin eru átta og eitt langafa og ömmu barn.

Sveinn sleit barnsskónum í Grenivík og gekk þar í barnaskólann fram á unglings ár.

Snemma beygðist krókurinn, Sveinn er kominn til sjós þá 12 ára gamall, fyrst með föður sínum á trillu og síðar með Vilhjálmi bróður sínum.

16 ára gamall fer Sveinn suður á sína fyrstu vertíð 1961, hann fylgir ættfólki sínu sem kennt er við Gjögur h/f og rær með frænda sínum Adolf Oddgeirssyni á Áskeli ÞH 48.

Hann er þar til ársins 1964 þar til að hann fer í Stýrimannaskólann í Reykjavík og útskrifast um vorið 1966, þá tvtugur að aldri.

Að skóla loknum er hann stýrimaður og afleysingaskipstjóri á Búðarkletti GK 251, skipstjórnarferill Sveins hefst '68 og nær óslitið í hart nær fimm áratugi, fyrst hjá Þorbirni h/f eða í 26 ár, lengst af með Hrafn Sveinbjarnarson 111. Gk 11, þá Hrafn Sveinbjarnarson GK 255 og svo Hrafn GK 12. Í fyrstu er útgerðarmynstrið hefðbundin vetrarvertíð á netum og svo á síldveiðir á nót.

Á Hrafninum er Sveinn fljótlega orðinn einn af allra afkastamestu skipstjórum landsins á nótaveiðum.

1996 kaupir Fiskimjöl og Lýsi í Grindavík Hrafninn og fylgir Sveinn með, hann tekur við Jóni Sigurðssyni GK hjá sömu útgerð.

'98 tekur hann við Víkingi AK frá Akranesi, þá gerður út af Haraldi

Böðvarssyni h/f síðar H.B. Granda.

Sveinn er svo kominn aftur á kunnulegar slóðir nokkrum árum síðar, þegar að hann fer í brúna á uppsjávarveiðiskipinu Áskeli ÞH 48 sem áður hét Hákon ÞH. í eigu Gjögurs h/f.

Síðustu tvö árin hefur Sveinn leyst af sem skipstjóri á línuskipum hjá Vísi h/f í Grindavík, mest á Sighvati GK, hann kom úr sínum síðasta röðri í janúar 2016.

59 árum frá fyrstu sjóferð.

Sveinn Þór Ísaksson: Sjómanns og Vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum og færir þér og fjölskyldu þinni heilla-óskir, guðs blessun og von um farsæld um ókomin ár.

Megir þú njóta heiðursins.



Þorsteinn Óskarsson

skipstjóri og útgerðarmaður er fæddur í Firði, Múlahreppi í Austur Barðastrandasýslu þann 26. nóvember 1945.

Hann er sonur hjónanna Óskars Þórðarsonar frá Firði, hreppstjóra í Múlahreppi og Ólafíu Kristínar Þorsteinsdóttur húsmóður í Firði.

Þorsteinn er þriðji elstur í röð 7 systkina. Eldri bræður eru Jens Valgeir og Einar, þá Þórður, Bergljót Ósk, Óskar Kristinn, látinn 15. mars 1987, og yngstur er Brynjólfur.

Eiginkona Þorsteins er Hrönn Ágústs dóttir frá Hraunteigi í Grindavík og eiga þau þrjú börn, elst er Ólafía Kristín, þá Salbjörg Júlía og yngstur er Brynjar Davíð, barnabörnin eru fimm og barnabarnabörn eru tvö.

Þorsteinn sleit barnsskónum á Firði í Múlahreppi þar sem hann gekk í farskóla í sveitinni þar sem farið var milli bæja og bjó hann þar til 16 ára aldurs.

Hugurinn stefndi til sjós og árið 1964 er Þorsteinn kominn til Tálknafjarðar og rær á Sæulfi BA 75 á vertíð og á síld.

Árið 1965 kemur Þorsteinn til Grindavíkur og byrjar að róa á Búðarfelli SU 90, síðar Hópsnesi GK 77og var þar til ársins 1966.

Hann er svo kominn á Geirfuglinn 1967 og er þar á vertíð og á síld.

Haustið 1967 fer Þorsteinn í Stýrimannaskólann og lauk 1. stigi vorið '68, gerir þá hlé á skólagöngu og rær með Bjarna Þórarinssyni á Hrafni Sveinbjarnarsyni 11 GK 10.

Þorsteinn lýkur prófi á 11. stigi frá Stýrimannaskólanum vorið 1970.

Hann er stýrimaður á Geirfugli GK 66 til ársins '72 og fer með allri áhöfn yfir á Grímseying á loðnuveiðar árið '74.

Það sama ár er Þorsteinn skipstjóri á Hrafni Sveinbjarnarsyni 111. GK 11 og er með hann til '76 þegar að hann í félagi við svila sinn Guðmund Sævar Lárusson kaupir Höfrung 11. GK 27 og eru með hann til ársins 1984, þá kaupar þeir félagar Eldey GK og síðar 25 tonna bát sem fékk nafnið Sandvík GK 325 og

gerðu hana út til ársins '92.

Þá láta þeir smíða krókabátinn Sæstein og gera út til ársins '95.

Þorsteinn og Guðmundur Sævar slitu samstarfi sínu 1996, en höfðu þá síðasta árið gert út Tálkna Ba.

Þorsteinn hóf þá trillu útgerð óslitið til ársins 2011 og lauk þar með sjómannsferli og kemur í land.

Þorsteinn starfaði síðustu 10 árin sem hafnarvörður við Grindavíkurhöfn og lét af störfum sl. haust.

Þorsteinn Óskarsson: Sjómanns og Vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf að sjómennsku og færir þér og fjölskyldu þinni heilla-óskir, guðs blessun og farsæld um ókomin ár.

Megir þú njóta heiðursins.

**Við hönnum og
prentum nánast
allt sem þú þarft!**

stapaprent
P R E N T Þ J Ó N U S T A

- | | |
|---------------------|--------------------------|
| • <u>nafnspjöld</u> | • <u>bækur</u> |
| • <u>bréfsfni</u> | • <u>blöð</u> |
| • <u>reikninga</u> | • <u>fréttabréf</u> |
| • <u>umslög</u> | • <u>myndir á striga</u> |
| • <u>bæklinga</u> | • <u>ritgerðir</u> |
| • <u>dreifibréf</u> | • <u>sálmaskrár</u> |
| • <u>boðskort</u> | • <u>plaköt</u> |

stapaprent

Grófin 13c • 230 Reykjanesbær • Sími 421 4388 - stapaprent@simnet.is • stapaprent.is

*Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra
hátíðarkveðjur á sjómannadegi*



Athygli almannatengsl
Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík
Glerárgötu 24, 600 Akureyri
Sími 515 5200 - Fax 515 5201
www.athygli.is
athygli@athygli.is



Þorbjörn Pálsson - löggiltur fasteignasali
Dagbjartur Willardsson - sölumaður 861-7507
Dagný Erla Vilbergsdóttir - sölumaður 698-2977



REYKJANESHÖFN



ÍSLANDSBLEIKJA



HAMPIÐJAN
DYNEX®



Sjómenn!

Til hamingju með daginn

Starfsgætt Ísfells óskar öllum sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með Sjömannadaginn.



ÍSFELL

Ísfell ehf., Ólafsvíkbraut 24
230 Húsnartjörður, Sími 4000 800
www.isfell.is, isfell@isfell.is

Hinrik Bergsson:

Greinarhöfundur hallar sér upp að gömlu tundurdufli á planinu fyrir ofan höfnina í Hirtshals. Hægra megin, hinumegin við götuna, (séð ekki á myndinni) var Hirtshalskráin og er þar vonandi enn. Ljósmynd: Hinrik Bergsson.




Hratt flýgur stund

Hálf öld er liðin frá því að ég réði mig í skipsrúm á Albert GK 31, til Þóra, alltaf kallaður svo hér í Grindavík. Fullu nafni hét hann Þórarinn Ingibergur Ólafsson, fæddur 24.8.1926 og lést 4.8.2009.

Árið 1966 stofnuðu þeir bræður, Þórarinn og Helgi Ólafssynir, ásamt Helga Hjartarsyni, rafveitustjóra í Grindavík, hlutafélagið Þrótt hf. Félagið áttu þeir í jöfnu eignarhaldi. Í framhaldi keyptu þeir vélbátinn Eldborgu GK 13, 220 tonna stálbát úr Hafnarfirði sem smíðaður var í Noregi árið 1963. Skipið skírðu þeir Albert, eftir Albert Egilssyni, bróður Þóra og Helga sem fórst með Eddunni GK úr Hafnarfirði við Grundarfjörð 16. nóvember 1953.

Ég var í upphafi ráðinn sem 1. vélstjóri á Albert. Hafði ekki starfað áður með þeim félögum, þekkti reyndar þá bræður Þóra og Helga úr Þórkötlustaðahverfinu þar sem við vorum fæddir og uppaldir. Feður okkar höfðu róið saman úr Nesinu á Vini GK 176. Formaður var Haraldur Haraldsson frá Eyvindarstöðum. Þóri



Vélstjórinn spariklæddur á bryggjurölti í Hirtshals með börnin sín, Jóhönnu, Guðbjart og Berg. Ljósmynd: Hinrik Bergsson.



Breiðu bökin á Albert á vetrarvertíð-inni 1969, þar sem við áhöfnin skiluðum meiri afla á land í Grindavík en áður hafði þekkt. Ljósmynd: Ólafur Arnberg Þórðarson.

byrjaði sína sjómennsku á vetrarvertíð með þeim á Vininum, 14 ára gamall. Skipspláss hjá Þóra var eftirsótt og sjálfsagt hefur það ráðið að ég var að ljúka svonefndu „meira mótornámskeiði“ Fiskifélags Íslands og hafði full réttindi á vélbúnaðinn í Albert.

Vetrarvertíðina 1967 byrjuðum við á síldveiðum með nót. Á þeim tíma tíðkaðist að róíð var með línu í janúar og febrúar en ekki var til línuúthald á bátinn. Suðurlands síldveiðarnar gengu



Loðnunni dælt um borð í Albert. Ljósmynd: Hinrik Bergsson.



Nýja Alpha vélin hífð um borð og Þóri fylgist vel með öllu. Ljósmynd: Hinrik Bergsson.



Auglýsing úr Sjómannablaðinu Víkingi frá árinu 1972, Þóri og nýi Koden dýptarmælirinn hans í brúnni á gamla Albert.

ekki vel og var því fljótlega skipt yfir á netaveiðar. Vetrarvertíðin var ákaflega ógæftasöm með tilheyrandi veiðarfæratjóni, þó fiskuðum við 1.000 tonn.

Um sumarið var farið norður á síldveiðar. Þá brá svo við að norsk-íslenska síldin fannst ekki, eins og kunnugt er. Við snérum okkur því að Suðurlands-síldveiðum sem Þóri þekkti vel til, frá fyrri skipstjórnarum. Þær veiðar gengu heldur ekki vel hjá okkur á Albert. Seinni hluta sumars var haldið á móti þeirri norsk-íslensku, alla leið norður til Jan Mayen og landað í flutningaskip. Þegar líða tók á haustið kom síldin örlítið nær Íslandi og man ég eftir að við lönduðum fullfermistúr á Raufarhöfn í salt.

Hrun norsk-íslenska síldarstofnsins var áfall fyrir okkur á Albert eins og aðra Íslendinga sem stunduðu sjávarútveg.

Fyrstu útgerðarín voru því þung fyrir Þrótt hf. og Þóra. Nú var hann í eigin útgerð og var allt í senn, skipstjóri, útgerðarstjóri og gjaldkeri. Hann var Þróttur og Þróttur var hann. Ég skynjaði vel og greinilega áhyggjur hans, þótt hann bæri sig vel.

Sem betur fer voru næstu vetrarvertíðir góðar og vertíðin 1969 var mjög eftirminnileg. Þá fiskuðum við tæp 1.600 tonn, aflatölur sem ekki höfðu áður sést hér í Grindavík. Þá var Þóri í fiskistuði, sem aldrei fyrr, og aflakóngur Grindavíkur og Suðurnesja.

Að finna verkefni fyrir skip og áhafnir utan vetrarvertíðar var vandasamt og fóru skipstjórnar og útgerðarmenn



Frá vinstri: Heiða, kona kokksins, Daddi á Hrauni og Stella skipstjórafrú á árunum í Hirtshals. Ljósmynd: Hinrik Bergsson.



Góður afli á dekkinu á Albert. Ljósmynd: Hinrik Bergsson.



Frá vinstri: Mangi í Vík og Hörður Thor í borðsalnum á Albert. Á veggnum fyrir aftan þá sést málverk eftir Begga á Brimnesi, „Blái svanurinn“, málað á striga. Beggi sagði oft að Þóri hefði ekkert vit á myndlist. Ljósmynd: Magnús Þorláksson.

nokkuð ólíkar leiðir í þeim málum. Þar sem ekki var fiskverkun á bak við Albert, hafði Þóri frjálssari hendur en margur skipstjórinn. Við á Albert fórum á línuútilegu þar sem beitt var um borð, fiskitroll eða síldveiðar fyrir Suðurlandi eða í Norðursjónum. Við síldveiðar í Norðursjó var landað í Þýskalandi en oftast í Danmörku. Á trollinu var oftast landað heima eða í Englandi.

Vegna smæðar Alberts fyrri, var þetta



Gúndi Jóns, háseti með fallett trönusíli úr Norðursjó. Ljósmynd: Hinrik Bergsson.

oft ansi „braskamt“, sér í lagi að ísa síld í kassa í Norðursjónum.

Þóra langaði í stærra skip og tækifærið kom 1972. Þá var Birtingur NK frá Norðfirði keyptur. Hann var smíðaður sem nótaskip í Noregi árið 1967 með hliðarskrúfum og tveimur fiskilestum. Nú var hægt að beita sér í Norðursjónum eða á loðnuveiðum hér heima.

Eitt af fyrstu verkefnum okkar utan fiskveiða á nýja Albert var að sinna beiðni um að fara til Vestmannaeyja gosnóttina í janúar 1973. Við vorum í höfn í Grindavík vegna veiðarfæraskipta þegar kallið kom frá Slysavarnarfélagi Íslands. Við vorum komnir til Eyja í morgunsárið. Þá var ekki óskað eftir frekari aðstoð þar sem íbúarnir voru allir farnir upp á land með öðrum skipum. Við fórum því heim eftir að hafa farið hring í höfninni. Við áttum svo eftir að landa loðnu í Vestmannaeyjum síðar á loðnuvertíðinni 1973 án þess að fara í land.

Albert seinni var vel búinn til veiða í Norðursjónum og til að ísa síld til sölu á fiskmörkuðum. Það var nokkur ævintýraljómi yfir Norðursjávartímabilinu en við litum á það sem nokkurs konar sumarfrí, ekki sama veiðistressið, meiri afslöppun en í annan tíma. Við tókum þátt í þessum veiðum á nýja Albert í þrjú til fjögur sumur og haust og lönduðum oftast í Hirstshals í Danmörku. Eitt sumarið vorum við skipverjarnir með fjölskyldur okkar og leigðum húsnæði í Hirstshals. Síðast lönduðum við þar 1977.

Nokkur velgengni var í íslenskum sjávarútvegi á þessum árum. Félagarnir í Þrótti hf. tóku þá ákvörðun að lengja og byggja yfir Albert og var það gert árið 1976 á Karmøy í Noregi. Breytingin nýttist vel við loðnuveiðarnar sem sífellt urðu fyrirferðarmeiri í rekstrinum. Áfram var þó haldið í útbúnaðinn til netaveiða á þorski. Hann var til staðar í skipinu.

Sérstakir hæfileikar og veiðisæld Þóra

fengu áfram að njóta sín. Ári síðar var sett ný vél í skipið. Það var gert í Friðrikshavn í Danmörku, 1.600 Hk Alpha í stað 800 Hk vélar sem fyrir var. Einnig voru hliðarskrúfur stækkaðar. Næstu ár voru hefðbundnar veiðar, þorskveiðar í net og loðnuveiðar í nót, sumar og haust.

Árið 1983 ákvað ég að taka mér frí frá sjómennsku og var ráðinn vélstjóri í nýbyggða ísverksmiðju Ísfélags Grindavíkur hf. Samstarf okkar þóra hélt þannig áfram þar sem hann var stjórnarmaður

og forstjóri þess félags í mörg ár.

Eftir að ég hætti á Albert var bætt við búnaði til togveiða með „autotrolli“ og stundaðar voru rækjuveiðar með góðum árangri. Aftur var skipið lengt, nú í Englandi og síðar endurnýjuð vélin í annað sinn í Danmörku. Nýir menn komu og aðrir fóru í land.

Þróttur hf. hætti útgerð og sneri sér að saltfiskverkun, það er hins vegar önnur saga sem ekki verður sögð hér.


Maður lítur til þessa tímabils ævinnar

með gleði og stolti og er ánægður með að hafa verið uppi á þessum tíma þar sem arðsemiskrafa útgerðarinnar var ekki sú sama og er í dag. Það hefur verið mér sannur heiður að taka þátt í atvinnusögunni og fá að njóta samveru og kynnast öllum þeim góðu mönnum sem með mér störfuðu.

Sjómannslíf mitt hefur yfir sér rómantískan blæ þess liðna.

Hinrik Bergsson, Grindavík

Síðari báturinn sem bar nafnið Albert á leið til löndunar í Vestmannaeyjum með loðnufarm. Hér er búið að lengja hann og byggja yfir dekkið, happa- og aflaskip frá upphafi. Ljósmynd: Sigurgeir Sigurgeirsson





MEIRA EN BARA BEITA

Beita Veiðarfæri Aðföng



Voot beita selur hágæða beitu fyrir allar stærðir línubáta ásamt veiðarfærum og ýmsum aðföngum og leggur mikla áherslu á að mæta kröfum viðskiptavina sinna með traustri og vandaðri þjónustu

Hafðu samband **núna!**



Afgreiðum **vörur** um allt land **samdægurs**

www.beita.is

Ægisgata 2, 240 Grindavík

s. 581-2222

Vélsmiðja Grindavíkur

hefur opnað nýja og stærri verslun



**Málning-penslar-rúllur-sparsl-verkfæri-hamrar-naglar-sagir
boltar-skrúfur-fittings-gas-bónvörur-sápur-olíur
Helly Hansen fatnaður-öryggiskór**

Opið alla virka daga frá kl 8-18 og laugardaga frá kl 10-14



Seljabót 3, 240 Grindavík
Sími 426 8540
www.vgsmidja.is

Skip, vitar og sjómennska á íslenskum frímerkjum

Saga íslenskra frímerkja er samofin íslenskri atvinnusögu allt frá því að fyrstu frímerkin voru gefin út árið 1873. Frímerkin hafa alltaf endurspeglad tíðarandann. Upphaflega voru skjaldarmerki og konungar Danmerkur eina myndefni íslenskra frímerkja, en á frímerkjunum sem gefin voru út í tilefni alþingishátíðarinnar 1930 mynduðu landvættir og rúnaletur ramma um þjóðlega reisn og tilvísanir í söguna. Frímerki eiga sér því langa sögu og henni er langt í frá lokið þótt notkun frímerkja hafi minnkað samfara tækninýjungum. Markaður fyrir íslensk frímerki er ennþá blómlegur. Meðan safnaraeðlið býr í manninum eiga frímerkin áreiðanlega eftir að lifa góðu lífi.

Atvinnusaga og menning í fyrirrúmi

Fyrstu íslensku frímerkin voru hin svokölluðu skildingamerki vegna þess að mynt Dana og þar með okkar Íslendinga hét skildingur. Þessi merki voru aðeins notuð í 3 ár en þá var tekin upp ný mynt og 1876 voru tekin upp auramerki. Þau voru í gildi fram yfir aldamót en ólíkt því sem nú tíðkast voru þau jafnan endurprentuð þegar upplag þraut. Frímerkjasöfnun er næstum jafngömul frímerkjunum. Um það leyti sem fyrstu íslensku merkin komu út var frímerkjasöfnun orðið þekkt tómstundargaman og er enn í dag.

Fyrstu íslensku frímerkin sem sýndu landið, náttúru þess og menningu og segja má að í stórum dráttum síðan hafi íslensk frímerkjaútgáfa mótast af þessu fjölbreytta og sívinsæla myndefni. Frá



Stanley var fyrsti íslenski fiskibáturinn sem sigldi fyrir eigin vélaraflí.

upphafi frímerkjaútgáfu hafa alls komið út rúmlega 1000 frímerki á Íslandi. Frímerki sem tengjast íslenskri menningu og daglegu lífi þjóðarinnar byrjuðu ekki að mótast fyrr en á öðrum og þriðja áratug síðustu aldar. Þau einkenndust af fjölbreyttu myndefni, vandaðri hönnun og fastmótaðri útgáfustefnu. Saga íslenskra frímerkja sýnir að ákveðnar hefðir hafa ráðið útliti merkja. Frá því Danakóngum sleppti árið 1925 hafa meginmarkmið og áherslur í vali myndefnis ávallt verið þau sömu, sterk tengsl við land og þjóð, menningu, náttúru og atvinnusögu. Þessir þættir hafa verið hafðir að leiðarljósi og þess gætt að merkin skipi strax sess í listaverkasögu

þjóðarinnar, enda eru frímerkin í sjálfu sér lítil listaverk.

Ákveðin myndefni hafa fengið að njóta sín fremur en önnur. Sígild myndefni eru til dæmis skip og sjómennska auk samgöngutækjanna sem notuð voru til að flytja póstin.

Sjávarútvegur tekur stökkbreytingum

Margir sjá frímerkjasafnara fyrir sér sem grúskara og gleyma því að merkin eru verslunarvara. Þau allra verðmætustu skipta sjaldan um eigendur og það gerist einkum á frímerkjauppboðum eða í kyrrþey milli einstaklinga. Verðminni merki skipta oft um hendur á fundum



frímerkjafélaga eða annarsstaðar þar sem safnarnar koma saman. Frímerkjasafnarnar eru allsstaðar í heiminum og íslensk frímerki víða um heim. Vegna þess hve íslensk náttúra er óvenjuleg hafa margir erlendir safnarnar haft mikinn áhuga á íslensku landslags- og dýralífsmerkjunum.

Um og eftir síðustu aldamót tók íslenskt þjóðfélag að breytast úr því bændasamfélagi, sem ríkt hafði lítt breytt allt frá landnámsöld. Sjávarútvegur tók stökkbreytingum og alls konar iðnaður eykst. Afleiðingin verður m. a. sú, að menn taka að flytjast úr sveitum og setjast að við sjávarsíðuna og mynda þorp og bæi. En á árum síðari heimsstyrjaldarinnar varð gjörbylting á flestum sviðum íslensks þjóðlífs. Íslenskri þjóð græddist geysimikið fé á fiskveiðum á styrjaldarárunum, sem mönnum kom saman um að nýta sem best, þegar ósköpunum linnti á meginlandi Evrópu. Ný veiðiskip voru smíðuð, og þar bar hæst nýsköpunartogarana svonefndu. Eins varð mikil breyting í íslenskum landbúnaði með tilkomu margs konar tækja til þess að létta undir með bændastétt landsins.

Fyrstu frímerkin úr atvinnulífinu

Árið 1950 minntist íslenska póststjórnin þessarar þróunar í sögu Íslendinga með útgáfu sérstaks flokks frímerkja með myndum úr atvinnulífinu. Myndefnið var þrenns konar. Nýsköpunartogari sem minnr á sjávarútveginn; dráttarvél minnr á landbúnaðinn og loks mynd af Vestmannaeyjahöfn en um þá höfn hefur langmestur sjávarútflutningur Íslendinga farið um margar aldir.

Vélbáturinn Stanley

Öllum þessum frímerkjum fylgir jafnan



Coot var fyrsti togarinn í eigu Íslendinga, gerður út frá Hafnarfirði 1905-1908.

ítarleg greinargerð fyrir myndefninu og sögunni á bak við það. Hér er því á ferðinni íslensk atvinnu- og menningarsaga í hnotskurn. Sem dæmi má taka fyrsta íslenska vélbátinn á Íslandi sem prýddi frímerki sem kom út árið 2002. Í fylgiskjali með frímerkinu segir að notkun véla hafi hafist fyrst í fiskibátum og trillum og í kjölfarið vélvæddist bátafloti landsmanna á skömmum tíma. Fyrsti fiskibáturinn, sem sigldi hérlandis fyrir eigin vélarafli var sexæringur sem í var sett tveggja hestafla dönsk Möllerupsvél. Fór báturinn, sem bar nafnið Stanley í sína fyrstu ferð 25. nóvember 1902 og var farið frá Ísafirði út í Hnífsdal. Árið 1904 var í fyrsta sinn sett vél í bát í Vest-

mannaeyjum. Hann hlaut nafnið Eros. Sú tilraun uppfyllti ekki væntingar Vestmannaeyinga því að báturinn gekk ekki eins hratt og búist hafði verið við og vélin var ógangviss. Ári síðar kom vélbáturinn Unnur til Vestmannaeyja og skömmu síðar m/b Knórr. Þessir tveir bátar hófu veiðar á næstu vetrarvertíð og gekk útgerð þeirra vel. Vélbátaöld hefst árið 1906. Upp úr því fjölgaði vélbátum ört enda mikill hagnaður af rekstri þeirra.

Coot – fyrsti togarinn

Árið 2004 var gefið út frímerki þar sem myndefnið var togarinn Coot. Vélvæðing íslenska fiskiskipaflotans hófst með Stanley 1902 og togaranum Coot 1904. Coot var fyrsti togari í eigu Íslendinga, en fyrsti togarinn sem var sérstaklega smíðaður fyrir Íslendinga var Jón forseti (1907). Coot var gerður út frá Hafnarfirði 1905-1908. Hann var knúinn gufuvél og fiskaði með botnvörpu. Fyrri tilraunir með vélvæðingu flotans og togaraútgerð voru misheppnaðar, en togaraútgerðin hafði áður verið í eigu út- lendinga. Engin framtíð hafði verið talin fyrir gufuvélum í bátum og seglatogarinn Anna Breiðfjörð (1901-02) var ekki vélvæddur. Vél var fyrst sett í sexæringinn Stanley á Ísafirði í nóvember 1902 en tíu árum síðar voru um 400 íslenskir róðrabátar komnir með vélar. Stanley og Coot eru nærri hinum miklu pólitísku tímamótum 1904 þegar Íslendingar fengu heimastjórn. Stærri vélknúnum fiskiskipum kynntust Íslendingar einkum af Bretum, sem voru með 150 togara á Íslandsmiðum árið 1905.





Jón forseti var fyrsti úthafstogari Íslendinga.

Jón forseti

Fyrsta frímerki ársins sem kom út árið 2007 var tileinkað togaranum Jóni

forseta. Tímamót urðu í janúar 1907 í útgerðarsögu Íslendinga þegar Jón forseti, nýsmíðaður 230 brúttólesta togari,



kom inn á Reykjavíkurböfn. Jón forseti var eign útgerðarfélagssins Alliance og var fyrsti úthafstogari sem smíðaður var sérstaklega fyrir Íslendinga. Veiðarnar gengu vel og mun Jón forseti hafa borgað sig upp á fáeinum árum. Síðar þetta sama ár kom togarinn Marz til hafnar á vegum Íslandsfélagsins hf. Þar með var togara-útgerð Íslendinga komin á fulla ferð. Rúmum tuttugu árum eftir að Jón forseti kom til landsins strandaði togarinn á Stafnesi. Þetta slys varð mjög til að ýta á eftir stofnun Slysavarnarfélagss Íslands.

Gömlu duggurnar

Gamlir vertíðarbátar voru myndefni tveggja frímerkjahefta sem komu út 2005. Íslenska vetrarvertíðin stóð frá 2. janúar til 15. maí en vertíðarbátarnir á frímerkjunum voru allir smíðaðir héraðs og hver með sínu byggingarlagi. Þeir eru allir frá miðbiki síðustu aldar. Bátarnir eru:

Vörður ÞH 4, smíðaður úr eik í Reykjavík 1947. Hann var 67 brl með 185 ha. Allen diesel-vél. Hann var upphaflega gerður út frá Grenivík. Báturinn var talinn ónýtur og tekinn af skipaskrá 13. maí 1976.

Kári VE 47 var smíðaður úr eik í Vestmannaeyjum 1944. Báturinn var 63 brl með 150 ha. Fairbanks Morse diesel-vél. Kári var talinn ónýtur eftir bruna og tekinn af skrá 4. nóv. 1965.

Sædis ÍS 67 er elst þessara báta, smíðuð úr eik og beyki á Ásafirði 1938. Hún var aðeins 15 brl með 45 ha. June Munkteill vél. Hún var lengst af gerð út frá Ásafirði en skráð í Bolungarvík 1988.

Guðbjörg NK 74 var smíðuð úr eik á Neskaupsstað 1948. Hún var 39 brl og upphaflega með 160 ha. Delta diesel-vél. Árið 1973 var sett í bátinn 340 ha. GM dieselvél og báturinn var skráður í Vestmannaeyjum 1988.

Síldarævintýrið

Árið 2004 kom út frímerki tileinkað íslenska síldarævintýrinu. Um aldamótin 1900 kynntust íslenskir sjómenn og útgerðarmenn nýrri tækni til fiskveiða. Góðsíldarsumur í heimskreppunni á 4. áratugnum, þegar þorsmarkaðir erlendis lokuðust, hafa líklega tryggt þjóðinni efnahagslegt sjálfstæði. Saltsíld var mörgum Evrópuþjóðum mikilvæg fæða á þrengingartímum heimstyrjaldanna. Mörg ár var verðmæti síldarafurða um 35% af heildar útflutningstekjum Íslendinga. Eftir 1950 þróuðu Íslendingar nýja og afkastameiri veiðitækni og síldin fór að veiðast sem aldrei fyrr. Árið 1969 hvarf stóri norsk-íslenski síldarstofninn vegna ofveiði Norðmanna, Íslendinga og Sovét-



manna. Hvarf sildarinnar varð íslensku sildarbæjunum og þjóðinni allri mikið áfall í atvinnu og efnahagslegu tilliti. Á þessum árum hafði allt að helmingur útflutningsteknanna verið af sildarafurðum og þjóðin búið við mikla hagsæld.

Gullfossarnir

Eimskipafélag Íslands, sem um langt ára bil var stærsta skipafélag landsins, var stofnað 17. janúar 1914 með almennri þátttöku landsmanna. Í tilefni 50 ára afmælis félagsins var gefið út frímerki 1964. Tilgangurinn með stofnun félagsins var sá að halda uppi siglingum til annarra landa og svo meðfram ströndum landsins. Fyrsta skip félagsins var Gullfoss, en það kom til landsins í apríl 1915. Var það skip í förum fram til ársins 1940, er það varð innlyksa í Kaupmannahöfn í síðari heimsstyrjöldinni. Eftir stríð seldi Eimskipafélag Íslands Færeyingum gamla Gullfoss, og nefndu þeir hann Tjaldur. Var hann svo í siglingum milli Færeyja og Danmerkur um mörg ár, en síðan höggvinn í brotajárn. Eimskip lét smíða annan Gullfoss sem kom nýr til landsins í maí 1950 og var síðan í förum milli Íslands, Skotlands og Danmerkur til ársins 1973. Var hann þá seldur sama ár til Beirút í Líbanon, en komst fljótlega í eigu Saudi-Araba. Nefndu þeir skipið Mekka. Örlög þessa góða fleys urðu þau, að það brann og sökk á Rauðahafi 18. desember 1976. Hinn 17. jan. minntist pósthjörnin 50 ára afmælis Eimskipafélags Íslands hf. og um leið hinna merku tímamóta í siglingasögu þjóðarinnar og gaf út sérstakt minningarfrímerki með mynd af seinni Gullfossi.

Þilskip og línuveiðarar

Árið 1983 komu út tvö frímerki, sem minntu á aðalvatninnveg Íslendinga, fiskveiðar. Hafa þær verið stundaðar allt frá landnámsöld samhlíða landbúnaði. Fyrst var sjórin söttur á litlum, opnum árabátum, en ekki varð komist á þeim á fiskimið langt frá landi. Samt varð það eini útvegurinn fram á 19. öld, en þá komu þilskip og seglskip til sögunnar. Stóð það tímabil, skútuöldin, fram yfir síðustu aldamót. Þá hófst vélbáta- og togaraútgerð, en fyrsti togari Íslendinga kom til landsins árið 1905. Togaraútgerð reyndist þegar frá upphafi arðvænleg og mikil lyftistöng í atvinnumálum þjóðarinnar og er svo enn í dag. Línuveiðarar komu hér einnig mjög við sögu og vélbátaútgerð er enn mikilvægur þáttur í fiskveiðum Íslendinga. Fram yfir miðja öldina voru notaðir svonefndir síðutogarar, en svo leystu skuttogarar þá af hólmi.



Togaraútgerð reyndist þegar frá upphafi arðvænleg og mikil lyftistöng í atvinnumálum þjóðarinnar og er svo

enn í dag. Línuveiðarar komu hér einnig mjög við sögu og vélbátaútgerð er enn mikilvægur þáttur í fiskveiðum Íslendinga. Fram yfir miðja öldina voru notaðir svonefndir síðutogarar, en svo leystu skuttogarar þá af hólmi. Þróstur Magnússon teiknaði frímerkin.

Fiskvinnsla og fiskiðnaður

Fiskiðnaði landsmanna hefur líka verið gerð góð skil á frímerkjum og 1971 komu út þrjú almenn frímerki með myndum úr fiskiðnaði. Tilgangur þessarar útgáfu var að minna á aðalvatninnugrein Íslendinga. Þetta hafði áður verið gert með útgáfu frímerkja með mynd af þorski og síld á árunum 1939 til 1945. Árið 1972 var gefið út almennt frímerki með landfræðilegan uppdrátt af Íslandi ásamt landgrunninu. Með útgáfu þessa frímerkis vildi íslenska pósthjörnin minna á, að landsvæði það, sem Íslendingar eiga afkomu sína undir, er stærra en það, sem úr sæ ris. Var talin brýn þörf á að benda umheiminum á þessa staðreynd og eins það, að Íslendingar fá lífsbjörg sína fyrst og fremst úr sjónum umhverfis landið, þar sem fiskveiðimörkin höfðu verið færð út að 50 sjómílum hinn 1. september 1972.

Landgrunnið er höfuðauðlind landsmanna, ekki vegna þess, að þar sé olíu að finna, gas eða önnur efni úr iðrum jarðar, heldur vegna þess, að á landgrunninu eru uppeldisstöðvar fyrir fisk þann, sem landsmenn draga úr sjó og myndar um 80% alls útflutningsvarnings landsins. Án þessa væri loku fyrir það skotið, að á Íslandi þróaðist nútíma þjóðfélag. Það er því eðlilegt, að Íslendingar fylki sér í flokk þeirra, sem líta svo á, að hafsbotninn umhverfis landið sé hluti eðlilegs yfirráðasvæðis þess og réttur strandríkis til hagnýtingar hans sé óskoraður. Hefur

þeirri skoðun og vaxið mjög fylgi meðal þjóða veraldarinnar og mörg strandríki búast nú til að vinna ýmis jarðefni úr hafsbótunum út frá ströndum sínum, svo sem olíu og gas. Eftir 1. september voru útlendum skipum bannaðar allar veiðar innan 50 mílna landhelginna. Nokkrum sinnum kom til átaka á miðunum milli íslenskra varðskipa og breskra og vestur-þýskra togara. Klíptu varðskipin stundum á togvira togaranna.

Listaverk tengd sjómennsku

1981 var gefið út frímerki með mynd af málverki eftir Gunnlaug Scheving listmálara (1904-1972). Nefnist það „Línan dregin“ og er frá árinu 1945. Gunnlaugur Scheving var við myndlistarnám í Kaupmannahöfn á árunum 1923 til 1929. Hélt hann fjölda sýninga á verkum sínum, bæði innan lands og utan. Eru málverk hans víða í söfnum bæði hérlandis og erlendis og eins í mörgum opinberum byggingum í Reykjavík.

1988 komu að venju út tvö jólafrímerki sem sýndu fiskimenn að störfum á höfum úti. Lærisveinar Krists voru fiskimenn og íslenskir sjómenn hafa um mörg jöl þurft að vera við störf á hafi úti, fjarri ástvinum sínum.

Árið 1996 komu út tvö frímerki þar sem myndefnin eru málverk eftir tvo þjóðkunna íslenska listamenn. Málverkin eru „Við þvottalaugarnar“ eftir Kristínu Jónsdóttur og „Sjómenn á báti“ eftir Gunnlaug Scheving. Gunnlaugur Scheving fæddist í Reykjavík árið 1904 en ólst upp á Austurlandi og bjó þar fram til ársins 1921 er hann hélt til Reykjavíkur. Gunnlaugur vann ætíð í figúratívum stíl og var maðurinn við vinnu sína honum hugleikið efni; bóndinn með hjú sín og fjölskyldu, járnsmiðurinn við aflinn og



síðast en ekki síst sjómennirnir sem voru myndefni sem heillaði hann sérstaklega. Strax á námsárum sínum hóf Scheving að mála myndir úr lífi sjómanna. Málverkið „Sjómenn á báti“ er frá árinu 1947 er ein af fjölmörgum myndum þess efnis. Listasafn Íslands varðveitir málverkið. Gunnlaugur lést árið 1972.

Slysavarnarfélagið og landhelgisgæslan

Árið 1978 kom út frímerki í minningu þess að Slysavarnarfélag Íslands - SVFÍ - hafði verið stofnað í Reykjavík 29. janúar 1928. Fiskifélag Íslands hafði forystu um stofnun félagsins. Í upphafi var tilgangur Slysavarnarfélagsins að koma í veg fyrir sjóslys og drukknarir og í því sambandi að afla björgunartækja til notkunar á sjó og landi.

Árið 1937 voru einnig varnir á landi teknar á stefnuskrá félagsins. Fljótlega voru deildir stofnaðar utan Reykjavíkur. Sérdeildir kvenna voru snemma stofnaðar innan SVFÍ, en þær hafa unnið mikið og gott starf. Þegar félagið varð fimmtugt, voru félagsmenn yfir 30 þúsund og deildir þess um 200. Þá starfrækti það 44 skipbrotsmannaskýli. Björgun manna úr sjávarhásku var frá fyrstu tíð meginviðfangsefni björgunarsveita SVFÍ. Starfrækir það því fluglínustöðvar um allt land.

Á frímerkjaörkinni sem kom út 18.





janúar 1996 var minnst 75 ára afmælis íslensku landhelgisgæslunnar. Landhelgisgæsla Íslands telst formlega stofnuð 1. júlí 1926 er íslenska ríkið tók við rekstri varðskipisins Þórs. Íslenska ríkið hafði áður komið að gæslu landhelginnar með ýmsum hætti en rekstur eigin varðskipa markaði tímamót. Hlutverk Landhelgisgæslunnar er löggæsla á hafinu umhverfis Ísland, að veita hjálp við björgun úr sjávarháska eða á landi, annast sjúkraflutninga og veita aðstoð þegar eðlilegar samgöngur bregðast vegna náttúruhamfara. Landhelgisgæslan sér einnig um sjómælingar og hún aðstoðar við framkvæmd almannavarna, almenna löggæslu, læknis-, tolla- og vitabjónustu. Núverandi skip Landhelgisgæslunnar eru Þrjú, Óðinn, Ægir og Týr. Það er einmitt Týr sem prýðir frímerknið ásamt Fokker 27 flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SYN og Super Puma þýrlunni Líf.

Stýrimannaskólinn

1991 kom út frímerki til að minnast þess, að öld væri liðin frá því er Stýrimannaskólinn hóf göngu sína. Var skólinn settur í fyrsta sinni 1. október 1891. Myndefni frímerkisins er núverandi hús Stýrimannaskólans á Rauðarárholti. Árið 1842 var í fyrsta sinn á prenti minnst á stýrimannaskóla á Íslandi. Þjóðfrelsis-hetjan Jón Sigurðsson forseti ritaði það ár um nauðsyn skóla í ritgerð sem birtist í Nýjum félagsritum. Fyrsta skólaárið, 1891-92 voru 14 nemendur í Sjómannaskólanum í byrjun skólaárs. Námsgreinar voru í fyrstu stýrimannafræði, sjóréttur og fleiri greinar. 1898 flutti skólinn í veglegt skólahús á þeirra tíma mælikvarða. Efst á stigahúsi skólahússins var pallur með járnhandriði umhverfis. Þar æfðu nemendur hornamælingar með sextanti, sem sýndur er á frímerkinu.

Póstskipin

Á Degi frímerkisins 1996 var gefin út falleg frímerkjaörk með myndefni, sem sýnir fjögur skip. Með tveimur frímerkja-anna er minnst póstskipanna, sem sigldu



til Íslands á öldinni sem leið, en hin tvö eru af þekktustu farþega- og flutninga-skipum Íslendinga á þessari öld og eiga sér mjög merkan feril í siglingasögu Íslendinga. Skipin sem hér hafa orðið fyrir valinu: Sölöven, Arcturus, Gullfoss I og Esjan. Þau eiga það sameiginlegt að hafa öll komið við sögu í póst- farþega- og vöruflutningum milli Íslands og



annarra landa um lengri eða skemmri tíma frá 1852-1969. Sölöven var seglskip, tvímöstruð skonnorta, smíðuð úr eik 1840-1841 um 108 brt. að stærð. Það var síðasta póstseglskipið í Íslandssiglingum og sigldi frá 1852 þar til það fórst í aftaka suðvestan veðri hinn 27. nóvember 1857 með allri áhöfn og farþegum undir Svörtuloftum við Snæfellsnes. Arcturus var gufuskip með seglbúnaði og var í Íslandssiglingum 1858 til 1868 og aftur 1876 til 1882. Arcturus hafði nokkurt farþegarými en sökk eftir árekstur við enskt skip skammt frá Falsterbo árið 1887. Mannbjörg varð.

Gullfoss hafði 1200 ha. gufuvél og var fyrsta skip Eimskipafélags Íslands. Hann kom nýbyggður til landsins 16. apríl 1915. Gullfoss var smíðaður í Kaupmannahöfn og það var fyrsta íslenska skipið með frystirými. Skipið hafði rúm fyrir 74 farþega á tveimur farrýmum. Gullfoss var flaggskip íslenska kaupskipaflotans í aldarfjórðung og er koma hans einn merkasti atburður í íslenskri samgöngusögu á þessari öld. Skipið var selt 1947. Esja var knúin tveim 1250 ha. diesel-vélum. Hún var smíðuð í Álaborg í Danmörku 1939 til strandferða



fyrir Skipaútgerð ríkisins. Farþegarymi skipsins var fyrir 148 manns á tveim farrýmum. Esja var seld til Bahamaeyja. Afdrif þess urðu þau að skipið sókk út af Monróvíu í Vestur-Afríku 1979.

Eyjaferjur

Árið 2003 komu út tvö smáhefti til-einkuð íslenskum eyjaferjum. Myndefni frímerkjanna eru ferjurnar Sævar, Sæfari, Herjólfur og Baldur. Ferjur hafa verið notaðar á Íslandi frá öröfi alda. Víðast hafa brýr gert þær óþarfar, en þeirra er enn þörf, þar sem þarf að þjóna byggðum eyjum umhverfis landið, þ.e. Vestmannaeyjum, Grímsey, Hrísey, Æðey, Vigur og Flatey á Breiðafirði. Ferðaþjónustan færir í aukana um allt land og þar með fylgar ferjum til skoðunarferða, hvort sem er til hvala-, fugla- eða náttúruskoðunar. Tími þeirra er því síður en svo liðinn. Fjórar ferjur eru á frímerkjunum sem Íslandsþóstur gefur út að þessu sinni: Sævar hélt uppi reglulegum samgöngum við Hrísey. Skipið var smíðað árið 1999 og er 149 brt. Sæfari sinnti Grímseyjarsiglingum og annaðist einnig þungaflutninga til Hríseyjar. Hann var smíðaður 1978 og er 367 brt. Breiðafjarðarferjan Baldur var smíðuð árið 1990 og er 647 brúttó-tonn. Herjólfur heldur uppi siglingum milli lands og Vestmannaeyja. Skipið var smíðað 1992 og er 3354 brt.

Togarar og fjölveiðiskip 2014

Útgerð skuttogara hófst hér á landi um 1970 en fyrsti skuttogarinn hóf veiðar um 20 árum áður. Andrés Gunnarsson, ungar vélstjóri, mun fyrstur manna hafa



Á frímerkinu er þess minnst þegar TF LÍF, þyrta Landhelgisgæslunnar, bjargaði sextán manna áhöfn fjölveiðiskipsins Baldvins Þorsteinssonar EA 10 þann 9. mars 2004.

kynnt hugmyndina að skuttogara sem gjörbreytti allri sjósókn og vinnuáðstöðu sjómanna. Í fjölveiðiskipum eru frystitæki og hægt er að vinna aflann um borð. Kostur útgerðarinnar við þessi skip er að skipið getur farið á nánast hvaða veiðar sem er. Togararnir á frímerkjunum eru þessir:

Barði NK 120, smíðaður í Frakklandi árið 1967 og mældist 328 tonn. Hann kom til landsins í janúar árið 1971 og er fyrsti skuttogari Íslendinga. Barði var seldur til Frakklands árið 1979.

Stálvík SI 1. Smíðaður 1973 hjá Stálvík í Garðabæ og mældist 314 brúttólestir. Skipið var fyrsti skuttogarinn sem smíðaður var hérlandis. Hann var lengdur 1986 og mældist þá 364 brl. Stálvík var



lagt 2004 og fór til Danmerkur til niðurrifs árið 2005.

Breki VE 61. Smíðaður 1976 hjá Slippstöðinni hf. á Akureyri og mældist 491 brl. Hann hét þá Guðmundur Jónsson GK 425 og var talinn fullkomnasta fiskiskip Íslendinga. Endurbýggður hjá



Fjögur frímerki tileinkuð togurum og fjölveiðiskipum.



Slippstöðinni á Akureyri 1978. Seldur til Noregs 2007 og fór síðar til niðurrifs.

Órvar HU 21. Smíðaður á Akureyri árið 1982 og var fyrsti flakafrystitogari Íslendinga. Skipið mældist 499 brl. Það var selt úr landi 1997 til Rússlands.

Flutningaskipin

Flutningaskipum voru gerð skil á frímerkjum 2007 en þá voru gefin út tvö smáhefti með 4 frímerkjum hvort. Myndefnin voru íslensk flutningaskip frá miðbiki 20. aldar:

Akranes, Reykjavík. Stálskip, smíðað í Þýskalandi 1970. 4808 brl. með 2 x 1900 ha. Bergen dieselvélum. Nesskip hf. keypti skipið upphaflega en seldi fyrirtækinu Ísskip hf. 14. maí 1981. Skipið var skráð í Reykjavík 1988.

Hamrafell, Reykjavík. Stálskip, smíðað í Þýskalandi 1952. 11488 brl. með 6650 ha. Man dieselvél. Eigandi var Samband Íslenskra samvinnufélaga frá 5. september 1956. Skipið var selt til Indlands og tekið af skrá 21. des. 1966.

Langjökull, Reykjavík. Stálskip, smíðað í Danmörku 1959. 1987 brl. með 2000 ha. Deutz dieselvél. Eigandi Jöklar hf. Reykjavík frá 5. okt. 1959. Skipið var selt til N-Kóreu og tekið af skrá 20. júní 1967.

Tröllafoss, Reykjavík. Stálskip, smíðað í Los Angeles 1945. 3997 brl með 1750 ha. Nordberg vél. Eigandi Eimskipafélag Íslands frá 14. maí 1948. Skipið var selt til Líberíu og tekið af skrá 14. okt. 1964.

Þorskastríðið

Í tilefni þess að 50 ár voru liðin frá fyrsta þorskastríðinu kom út frímerki árið 2008. Strax undir lok 14. aldar fóru breskir sjómenn að stunda veiðar á Íslandsmiðum. Þær veiðar héldu áfram langt fram undir lok 20. aldarinnar. Fyrsta þorskastríðið hófst þann 1. september 1958 þegar Íslendingar stækkuðu fiskveiðilögsöguna úr 4 sjómílum í 12 sjómílu. Bretar gáfu út yfirlýsingu um að togarar þeirra fengu herskipavernd til að stunda veiðar inni í nýju lögsögunni. Íslendingar höfðu þá sjö varðskip og eina sjóflugvél. Þann 4. september rákust



saman íslenska varðskipið V/s Ægir og HMS Russel frá Bretlandi. Þann 6. október skaut varðskipið María Júlía þrem skotum að breska togaranum Kingston Emerald. Bretar og Íslendingar komust að samkomulagi um 12 sjómílna íslenska lögsögu í nóvember 1958. Annað þorskastríðið hófst réttum 14 árum síðar, 1. september, 1972. Þá var fiskveiðilögsaga Íslands færð í 50 sjómílu. Þriðja þorskastríðið hófst í nóvember 1975 þegar Íslendingar færðu lögsöguna út í 200 sjómílu. Mikil harka einkenndi þriðja þorskastríðið en því lauk með fullum sigri Íslendinga.

Norðurlöndin við hafið

Norrænar pósthjónir hafa um nokkurt skeið gefið út frímerki með sameiginlegu myndefni og 2010 leit ein slík útgáfa dagsins ljós. Heiti hennar var „Norðurlöndin við hafið“ og þemað var lífið við ströndina. Smáörkin sem Íslandspóstur gaf út í þessu tilefni var tileinkuð síldarbænum Siglufirði. Hafið sem umlykur Norðurlöndin aðskilur þau og sameinar í senn. Fjölbreytileikinn er mikill við sjávarsíðuna. Djúpir firðir og tilkomumikil strandlengja, ísjakar, sæbarðar klappir og sumstaðar fagrar sandstrend-





Minningarfrímerki um fyrsta ljósvitann á Íslandi - Reykjanesvita.

ur bjóða upp á magnaða náttúruupplifun auk þess sem sjávarplássin skarta víða sínu fegursta. Fólkið sem býr við sjávarsiðuna lagar sig að nálægðinni við hafið og nýtir sér hana. Nýir atvinnuvegir bætast við hefðbundna starfshætti sjómennsku og veiða, en orkuvinnsla, fiskeldi og ferðamennska eru dæmi um atvinnugreinar sem verða mikilvægari með hverjum deginum við norrænu strendurnar. Fáar þjóðir eiga meira undir verndun hafsins og strandlengjunnar en Íslendingar. Þeim hefur með ströngum ráðstöfunum tekist að stöðva ofveiði og draga úr mengun sjávar. Mikilvægir fiskistofnar hafa styrkst, þar á meðal síldin. Fyrstu síldarverksmiðjurnar risu á Siglufirði og síldveiðar renndu stöðum undir íslenskt efnahagslíf. Sambúð Íslendinga við gjöfula en harðbýla náttúru

krefst þess að auðlindir hafsins séu nýttar með sjálfbærum hætti.

Önnur útgáfa Norðurlandanna við hafið kom tveimur árum seinna og þemað að þessu sinni var leitar- og björgunarskipunasta. Öldum saman hafa íslenskir sjómenn lifað með hættunni á sjónum og margir týnt lífi í harðri baráttu við öfl náttúrunnar. Landhelgisgæsla Íslands og slysavarnarfélagið Landsbjörg hafa nána samvinnu um björgunaraðgerðir þegar háski steðjar að fólki á sjó eða landi. Fagmennska íslenskra björgunarsveita hefur vakið athygli um heim allan. Landhelgisgæslan gegnir lykilhlutverki við björgun á sjó. Þar eru þyrlurnar öflugar ásamt skipum og flugvélum gæslunnar. Varðskip Landhelgisgæslunnar eru Ægir, Týr og Þór. Gæslan hefur einnig yfir að ráða tveimur flugvélum og tveimur þyrlum.

Á frímerkinu er þess minnst þegar TF LÍF, þyrila Landhelgisgæslunnar, bjargaði sextán manna áhöfn fjölveiðiskipsins Baldvins Þorsteinssonar EA 10 þann 9. mars 2004. Skipið strandaði í Skarðsfjöru á Suðurlandi eftir að það fékk nótna í skrúfuna við loðnuveiðar skammt undan landi. Björgunarsveitir slysavarnafélagsins Landsbjargar aðstoðuðu við björgunina frá landi. Við gerð frímerkisins var stuðst við verðlaunaljósmynd Jónasar Erlendsson fréttaritarar.

Millilandasiglingar eru snar þáttur í efnahag Íslands og þær voru myndefni þriðju útgáfunnar sem bar nafnið Norðurlöndin við hafið. Hlutdeild sjávarútvegs í þessari flutningastarfsemi er mikil. Fyrr á tímum voru landsmenn öðrum háðir um vöruflutninga á sjó og takmarkaði það mjög verslun og menningarleg samskipti. Síðar buðu íslensk skipafélög upp á alhliða flutningaþjónustu víða um heim sem byggir á áreiðanlegu og skilvirku siglingakerfi.

Þessi flutningafyrirtæki eru einn af mættarstólpum samfélagsins og gegna þýðingarmiklu hlutverki.

Nýsköpunartogarar

Nýsköpunartogarar prýddu tvö frímerkjahefti árið 2010. Þessir togarar voru keyptir til Íslands í lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Í stríðslok gerði íslenska ríkisstjórnin samning um smíði á 40 togurum í Bretlandi til endurnýjunar á íslenska togaraflotanum.

Ingólfur Arnarson RE 201 var fyrsti nýsköpunartogarinn sem var keyptur til Íslands. Hann var smíðaður í Englandi 1947. Stál, 654 brl. 1000 ha. 3ja þjöppu gufuvél. Eigandi Bæjarútgerð Reykjavíkur, Reykjavík, frá 4. mars 1947. Skipið fékk nafnið Hjörleifur RE 211 1972. Það var selt til Spánar í brotajárn og tekið af skrá 3. des. 1974.

Bjarni riddari GK 1. Smíðaður í Englandi 1947. Stál, 657 brl. 1000 ha. 3ja þjöppu gufuvél. Eigandi Akurgerði h/f, Hafnarfirði, frá 13. sept. 1947. Skipið var selt til Grikklands 28. sept. 1964.

Sólborg ÍS 260. Smíðuð í Aberdeen, Skotlandi 1951. Stál, 732 brl. 1000 ha. 3ja þjöppu gufuvél. Eigandi Ísfríðingur hf, Ísafirði, frá 6. apr. 1951. Skipið var selt til niðurriffs og tekið af skrá í maí 1968.

Harðbakur EA 3 var smíðaður í Englandi 1950. Stál, 732 brl. 1000 ha. 3ja þjöppu gufuvél. Eigandi Útgerðarfélag Akureyringa h/f. Akureyri, frá 2. des. 1950. Skipið var selt til Skotlands í brotajárn og tekið af skrá 18. sept. 1979.

Reykjanesviti

Vitar á Íslandi 100 ára 1978 Hinn 1.

desember kom út annað frímerki, 90 króna, til að minnast þess, að á því ári voru liðin nákvæmlega eitt hundrað ár frá því, er kveikt var á fyrsta ljósvita landsins, Reykjanesvita. Reykjanesvitinn eldri var reistur á Valahnúki, alveg fram við sjó. Byggingin var áttstrendur turn, gerður úr höggnu grjóti og um tíu metra hár. Ljóstækin voru 15 olíulampar, hver með sínum spegli. Þarna var vitinn í tæp 30 ár. Árið 1908 var kveikt á nýjum vita á svonefndu Bæjarfelli. Ástæðan fyrir flutningnum var sú, að mjög var tekið að hrynja úr Valahnúki. Vitastjórn Íslands rak á aldarafmæli Reykjanesvitans 118 ljósvita, 14 radióvita, tvo hljóðvita og þrjá radarsvara. Er meginhluti vitanna sjálfvirkur. Fyrir siglingaþjóð eins og Íslendinga er vitakerfið mjög mikilvægt hjálpartæki sjómanna og ómissandi öryggisbúnaður. Reykjanesviti er einn mikilvægasti viti landsins. Þess vegna ræð engin tilviljun því, að þar var fyrsti viti landsins reistur við fjölförnustu siglingaleiðina og jafnframt eina hina hættulegustu.

Gróttuviti og Kögurviti

Árið 2002 voru gefin út tvö frímerkja-hefti þar sem myndefnin voru tveir vitar á Íslandi, Gróttuviti og Kögurviti. Vitarekstur á Íslandi hófst 1. desember 1878 þegar tekinn var í notkun nýbyggður viti á Reykjanesi. Uppbyggingu ljósvitakerfisins lauk að mestu leyti á sjötta áratug 20. aldar, þótt nokkrir minni vitar væru byggðir eftir það. Rafvæðing vita hófst á 5. áratugnum. Um 1990 hófst nýting sólarorku í vitum og er nú svo komið að gas er einungis notað til ljósa í einum íslenskum vita, aðrir eru rafvæddir. Þetta hefur haft í för með sér að ekki er lengur þörf á fastri búsetu vitavarða á afskekktum vitum. Siglingastofnun Íslands á nú og rekur 104 ljósvita hringinn í kring um landið, en þar að auki eru milli 20 og 30 ljósvitar reknir af sveitarfélögum.

Fyrst var byggður viti í Gróttu árið 1897, síðan árið 1918, og sá sem nú stendur var reistur árið 1947. Vitinn er 23 m á hæð, að ljóshúsi meðtöldu, gerður úr steinsteypu. Ljósakerið er enskt, með eirþaki. var notað sem orkugjafi í Gróttuvita frá því hann var tekinn í notkun árið 1947 fram til 1956 að hann var rafvæddur. Vegna nálægðar sinnar við tvær af stærstu og fjölförnustu höfnum landsins, Reykjavíkurhöfn og Hafnarfjarðarhöfn, er Gróttuvitinn með mikilvægustu vitum landsins.

Kögurviti við Héraðsflóa var reistur árið 1945. Vitinn er gerður úr steinsteypu, 8 m á hæð að ljóshúsi meðtöldu.



Nýr viti var reistur á Langanesi árið 1950.



Ljóshúsið er sænskt, úr steypujárni með eirþaki. Upphaflega var gas notað sem orkugjafi í vitann, eins og meginþorra íslenskra vita á þeim tíma. Árið 1993 var hann hinsvegar rafvæddur með rafgeymum og árið 1996 var settur í hann búnaður til að nema og nýta sólarorku.

Langanesviti og Stokksnesviti

Árið 1910 var fyrst reistur viti á Fonti yst á Langanesi. Það var stólpaviti sömu gerðar og vitarnir sem reistir voru á Reykjanesi og Öndverðarnesi. Árið 1914 var reist í hans stað 3 m há járngrind með ljóshúsi og í það settur

ljósbúnaður stólpavitans. Nýr viti var reistur á Langanesi árið 1950. Ljóshús vitans er af sænskri gerð, 3,5 m hátt, með steinsteyptri undirstöðu og eirþaki. Langanesviti er steinsteypur 6 m hár kónískur turn á lágu sökkl.

Á Stokksnesi við Vestrahorn var reist 15 m há járngrind árið 1922 með 3,5 m háu ljóshúsi. Árið 1946 var byggður steinsteypur viti á Stokksnesi í stað járngrindarvitans. Árið 1958 var ljóshúsið endurnýjað, veggir steinsteyptrir og eirþak sett yfir. Vitinn var raflýstur ári síðar en gas haft til vara. Stokksnesviti er þristrendur kónískur 16 m hár



turn. Allir vitar á Íslandi eru í eigu og umsjón Siglingastofnunar Íslands.

Dyrhólaeyjarviti og Akranesviti

Fyrsti vitinn í Dyrhólaey var reistur árið 1910. Þetta var sænskur járngrindarviti og fyrsti járngrindarvitinn sem settur var upp hér á landi. Árið 1927 var byggður steinsteypur viti í Dyrhólaey. Hann er 12,7 m hár og 123 m yfir sjávarmáli, útbúinn með sænsku sívölu ljóshúsi, 4,7 m á hæð. Vitinn var rafvæddur með orku frá ljósavélum árið 1964 og gas haft til vara. Frumhönnun vitans var gerð af Guðjóni Samúelssyni húsameistara.

Akranesviti. Tveir vitar standa utarlega á Skipaskaga. Sá eldri er utarlega á Syðri-flös, steinsteypur turn, byggður árið 1918. Nýrri Akranesvitinn var byggður á árunum 1943-1944 eftir teikningum Axels Sveinssonar verkfræðings og tekinn í notkun 1947. Akranesviti er 19,2 m hár sívalur, kónískur turn með 3,5 m hátt sænskt ljóshús. Hann stendur á lóðréttum sökkli, áttstrendum.



Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, hannaði fyrsta vitann á Dyrhólaey.

> **ATW kerfið**, Automatic Trawl Winch kerfið er afrakstur þriggja áratuga þróunarvinnu starfsmanna okkar - alla tíð í náinni samvinnu við íslenska sjómenn. Ekkert annað fyrirtæki í heiminum hefur framleitt stýribúnað fyrir rafknúnar togvindur í jafn mörg og glæsileg fiskiskip og **Naust Marine**.

Yfir 100 ATW kerfi um borð í skipum um allan heim.

Er ATW kerfi um borð í þínu skipi?

**Sendum
sjómönnum
okkar bestu
kveðjur í tilefni af
sjómannadeginum**

NAUST *marine*

Miðhella 4 | 221 Hafnarfjörður | s: 414 8080

HEILDARLAUSN

í siglingatækjum

SAILON.



FREMSTIR / FJARSÍOPTUM

LAGN

- Fyrirbyggja áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla

JRC

gæðastofa
- áfanga og fylla

JLN-652 DOPPLER STRAUMMÆLI



- Fyrirbyggja áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla

SeapiX

LAGN
- áfanga og fylla




SEAPIX PRÍVÁÐARSÓNAR

- Fyrirbyggja áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla

WASSP

**NY
ÓTOLFAN**



WASSP FÖLGEISLA DÝPTARMÆLI

- Fyrirbyggja áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla
- Fylla áfanga og fylla

Bláa og
Hvítar og
Rauðar og
Gulnar og
Svartar og
Hvítar og
Rauðar og
Gulnar og
Svartar og

SÓNAR



Réttir í Grindavík

Eftirfarandi upplýsingar um Þórkötlustaðarétt eru fengnar úr minni Sigurðar Gíslasonar frá Hrauni við Grindavík, 84 ára (f: 05. maí 1923). Siggí á Hrauni, eins og hann er jafnan nefndur, þekkir manna best austurumhverfi Grindavíkur. Hann man tímana tvenna og hefur ávallt verið reiðubúinn að miðla öðrum fróðleik um liðna tíð. Siggí fylgdi FERLIRsfélögum að réttinni í Þórkötlustaðahverfi, sem lítið hefur verið vitað um - fram að þessu. (Rétt er að geta þess að Þórkötlustaðahverfið í Grindavík er eitt hið fegursta með því nafni á gjörvöllu landinu).





“Þórkötlustaðaréttin, sú sem nú er, var komin, óbreytt að stærð og lögun, þegar ég man fyrst eftir mér. Faðir minn sagði að hún hefði verið hlaðin af Grindavíkurbændum um aldamótin 1900. Grjótið var að einhverju leyti úr Vatnsheiðinni, auk þess sem kom upp úr túnsléttun í hverfinu og áreiðanlega hefur hraunhella verið þarna umhverfis réttina. Hún var síðan endurbætt fyrir nokkrum árum. Réttin hefur ávallt þótt góð til síns brúks.

Fyrrum var fé Grindvíkinga vel á fjórða þúsund á vetrarfóðrum. Féð af fjalli fyllti safnhólfíð sem og alla dilka. Urðu bændur að rýma af og til úr dilkunum svo þeir gætu dregið allt sitt fé. Þegar gerðið kom til ofan við réttina greiddist heldur úr þrengslunum. Fjárbóndinn





Dagbjartur Einarsson hefur upplýst um heildarféareign Grindarvíkurbænda á vetrarfóðrum, en hún mun nú vera 524 um þessar mundir (árið 2007) og er þá allt meðtalið.

Áður var lögréttin í Krýsuvík, suð-

vestur undan Arnarfelli (Arnarfellsréttin). Hætt var að nota hana um 1950. Þangað til varð að reka údrátt frá Þórkötlustöðum upp í Krýsuvík og var afgangsféð selt þar.

Réttin suðaustan við Bæjarfellið var

vorrétt. Þá voru rúningsréttir t.d. á Vigdísarvöllum og í Stóra-Hamradal, sem enn sjást leifar af.

Áður en Þórkötlustaðaréttin kom til réttuðu Þórkötlustaðabændur þar sem nú er grjótgardur vestast innan



*Hermann á Stað og
Birgir frá Hópi með
fallegan hrút.*





Sigurður Gíslason frá Hrauni við Þórkötludys.



girðingar Efra-Lands, þ.e. þar í norð-vesturhorninu, sem nú er. Þar var Gamla réttin. Í henni var enginn dilkur, einungis gerði. Sjá má leifar hennar ef vel er að gáð. Réttin var mun stærri en ætla mætti, en grjót var tekið úr henni og notað í garðana, sem sjá má ofan við Efra-Land.”

Hafur-Björn Molda-Gnúpsson er sagður, ef marka má þjóðsöguna, hafa átt gnægð fjár, enda “efnaðist hann mjög af fé” eftir draumfarirnar með landvættinum og tilkomu geithafursins í hjörð hans (þess vegna er allt fé Grindvíkinga öðruvísi en annað fé landsmanna), og bræður hans fiskuðu aldrei sem fyrr. Auðguðust þeir bræður bæði af gæðum lands og sjávar.

Ekki þarf að leita að fjárrétt Hafur-Björns og bræðra því annað hvort hafa þeir ekki þurft að rétta eða sú rétt gæti löngu verið komin undir hraun því ekki eru ófá hraunin við Grindavík, sem runnið hafa eftir að ætt Molda-Gnúps bjó þar eftir árið 934. Fyrstu heimildir um byggð í Þórkötlustaðahverfi er um

miðja 13. öld, en þá höfðu hraunin ofan núverandi byggðar runnið og kólnað að mestu. Við norðvesturhúshornið á núverandi Þórkötlustöðum (Miðbæjar) eru tóftir fornaldarskála að mati Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi (skrifað 1903). Hann skyldi þó aldrei vera eldri,

og það jafnvel mun eldri, en gosið ofan við Grindavík árið 1226. Minjarnar, ef vel er að gáð og ef tilgáta Brynjúlfs er rétt, gætu þess vegna verið frá upphafi landnáms í Grindavík.

Ómar Smári



PÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ VOLVO PENTA Á ÍSLANDI



TRUSTUR VÉLBÚNAÐUR OG FRAHÍGSLAÐANDI TEYMI

Volvo Penta vélbúnaður þýðir tryggi á sjó. Áreiðanleiki, afl og ending ásamt hugabæðum rekstri og góðri þjónustu er trygging Volvo Penta.

Nýjar Volvo Penta bílaverklar
Einsðlita bílaverkla eru kenta nærgætileguan gæðun og stærðna bóta. Hjá Volvo Penta á Íslandi færðu vélar með kútrífi, glæra og IPS drífkerfi.

Notaðar Volvo Penta bílaverklar
Volvo Penta á Íslandi býður uppáttu á notuðum vélbúnaði upp í nýjan. Eignu til notaðan uppgerðan vélbúnað á lagar. Nýntu þeir notaðar bílaverklar til selu.

Þjónusta við Volvo Penta
Framfarirverndi teymi Volvo Penta á Íslandi tryggir íslensku þjónustu með sérhæfðum verkstæðum og varahlutapjónustu ásamt öflugri þjónustuneti um allt land. Vélavakatalið Brimborgar tekur af sér náðunstringu á vélbúnaði. Næðarþjónusta Brimborgar fyrir Volvo Penta bílaverklar, ljósaverklar og náðstíklar er meginþættur umlaða þess aðfarnaðar vélbúnaðarinnar rannsókn. Fáðu verðbætur í þjónustuna sem þú þarft.

Varahlutir

Volvo Penta á Íslandi er með gott úrval varahluta á lagar. Sérfræðingar okkar í varahlutana vöku þeir fyrirklaka þjónustu og náðgjöf við kaup á varahlutum.


HAFTU SAMBAND: 515 7070

volvopenta@brimborg.is eða volvopenta.is



Hér með sjá Volvo Penta lagaríð
Á myndinni eru frá vinstri með Mikael Pólsen Lússon (þjálfari), Hilmar Elías Hjónsson vélbúnað, Ingvar Karl Ingvarsson verk- og verkstæði, Elmar Ólafur Elmarsson vélbúnaðarverkstæði, Elmarsson Elías Elmarsson vélbúnaðarverkstæði, Elmar Hjónsson vélbúnaðarverkstæði og Elmar Elmarsson vélbúnaðarverkstæði Volvo Penta á Íslandi.

**VOLVO
PENTA**



Öflugasta véla- og vélavörðun

Volvo Penta á Íslandi | Brimborg | Bíldshvörða 6 | Sími 515 7 070 | volvopenta.is

Fisktækniskóli Íslands - er framtíð í sjávarútvegstengdu námi ?

Það var ekki síst staðsetningin sem var þess valdandi að Fisktækniskóla Íslands var valinn staður í Grindavík. Hefðin fyrir öflugum sjávarútvegi, bæði í vinnslu og sjósókn á hér langa sögu og varla það heimili sem ekki hafði einhver tengsl við sjávarútveg, þó það hafi nokkuð breyst á síðustu árum. Eftir stendur, að ennþá er Grindavík með öflugri útgerðarstöðum á landinu með framsækin fyrirtæki í veiðum og vinnslu. Í þannig umhverfi þrífst skóli best, sem á allt sitt undir að vera í góðum tengslum við greinina. Forstöðumenn fyrirtækja og skipstjórar hafa sýnt skólanum mikinn skilning og velvilja með því að taka við nemendum frá skólanum. Það ber að þakka sérstaklega.

Hvernig skóli er Fisktækniskólinn? Skólinn býður upp á nám í fisktækni, sem er tveggja ára nám á framhaldsskólastigi og opinn öllum þeim sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun og náð 16 ára aldri. Námið er grunnnám í veiðum, vinnslu og fiskeldi og er þannig skipulagt að helmingur námsins er bóklegt nám, en hinn hlutinn starfsnám á vinnustað í samvinnu við fyrirtækin. Frá því skólinn fékk formlega viðurkenningu árið 2012, sem framhaldsskóli, hafa nálægt 30 nemendur útskrifast úr skólanum í grunnnámi í fisktækni, þar af 14 úr Grindavík. Annar og álíka stór hópur hefur lokið sama námi eftir að hafa farið í gegnum raunfærnimat. Sá hópur kemur víðsvegar að á landinu og samanstandur af fólki sem hefur mismunandi langa reynslu af störfum í sjávarútvegi, en ekki formlega menntun.

Stærsti hluti nemenda hefur hins vegar sótt styttra eins árs dreifnám, **Marel-vinnslutækni og gæðastjórnun** sem hentar vel fólki sem jafnframt stundar vinnu. Til þess að geta hafið nám á þeim brautum þarf nemi að hafa lokið námi í fisktækni, eða öðru sambærilegu námi sem metið er sérstaklega. Meta má starfsreynslu til jafns við hluta náms. **Marel-vinnslutækni** er áhugavert nám sem skipulagt er í samvinnu við Marel og kennt á tveimur önnum, vor og haust. Námið gefur starfsmöguleika, heima og erlendis, við vél- og hugbúnað frá Marel, þar sem markmiðið er að hámarka afköst, gæði og hagkvæmni með framleiðslustýringu. **Gæðastjórnun** er nám með sambærilegu fyrirkomulagi og Marel-vinnslutækni. Það nám skapar



Frá vinstri, Eydna Fossadal, Ásdís Vilborg Pálsdóttir, Gunnlaugur Dan Ólafsson og Klemenz Sæmundsson.

mikla möguleika á störfum við gæðamál og gæðastjórnun í sjávarútvegi og við almenna matvælaframleiðslu. **Fiskeldi** er ný braut í dreifnámi, sem fer af stað næsta haust, til að bregðast við í ört vaxandi umsvifum í fiskeldi á Íslandi. Meta má starfsreynslu til jafns við hluta náms. Auk þess sem hér hefur verið nefnt býður skólinn upp á nokkurn fjölda af styttri námskeiðum, eins og **12m skipstjórnarnám og vélstjórn**. Þau námskeið hafa verið vel sótt af Grindvíkingum. Ítarlegri upplýsingar um nám í Fisktækniskólanum er að finna á heimasíðu skólans <http://www.fiskt.is>.

Viðtal við Hallgrím Jónsson nemanda við Fisktækniskóla Íslands

Hallgrímur sem er Grindvíkingur hefur lokið grunnnámi í fisktækni og gæðastjórnun og stundar nú nám í Marel-vinnslutækni. Hallgrímur var til í að svara nokkrum spurningum um námið og framtíðarmöguleika. Hallgrímur fékk nýverið ríflegan styrk frá Icefish, íslensku sjávarútvegssýningunni, en það voru stjórnendur hennar sem lögðu fram styrkuppþæð í námssjóð til tveggja nemanda í Fisktækniskóla Íslands.

Hver var ástæðan fyrir því að þú valdir að fara í Fisktækniskólann?

Svar: Upphaflega var ástæðan sú að ég vildi fjárfesta í framtíðinni með því að taka stutt grunnnám í fisktækni sem kæmi mér vel og ekki síður að áhugasvið mitt liggur í sjávarútvegstengdum störfum.

Á hvaða nám lagðir þú stund á?

Svar: Eftir að ég lauk við tveggja ára fisktækninám, sá ég tækifæri í að bæta við mig einu ári í gæðastjórnun, sem var

frábært nám sem gefur mikla starfsmöguleika í matvælaíðnaði. Fiskvinnsla í dag er orðin hágæða matvælaframleiðsla þar sem gæðin skipta sífellt meira og meira máli. Fiskvinnslan er líka orðin hátækni iðnaður og eftir námið í gæðastjórnun ákvað ég að bæta við mig fjórða árinu sem er Marel-vinnslutækni og lýk því námi um næstu áramót.

Hvernig fannst þér námið?

Námið við skólann er mjög skemmtilegt og einstaklingsmiðað og mikil tengsl við kennara. Áherslan og tenging við atvinnulífið er mikil með vinnustaðanáminu og verkefnaíðunni námi. Sá hluti er helmingurinn af kennslutímanum. Þar fékk ég innsýn í hvað fjölbreytileikinn í sjávarútvegi er mikill.

Helsti kosturinn við námið?

Námið sjálft og atvinnumöguleikarnir að því loknu frábærir. Tenging námsins við atvinnulífið er sterk, sem gefur nemendum tækifæri á að kynnst raunverulegum verkefnum og gefur fyrirtækjum einnig tækifæri á að kynnst mögulegum framtíðarstarfsmönnum. Stór kostur fyrir mig var að skólinn er í heimabyggð sem gaf mér tækifæri á að geta unnið með skólanum og sparaði mér bæði tíma og akstur. Líka alltaf gaman að fara í heimsóknir á vinnustaði úti á landi og tala nú ekki um ferðir til Danmerkur og Portúgals og skoða muninn á vinnslum og menningu á milli landa.

Eitthvað að lokum?

Vil bara benda öllum þeim sem áhuga hafa á störfum í sjávarútvegi að kanna hvaða nám Fisktækniskólinn hefur upp á að bjóða, því ég er viss um að það er framtíð í sjávarútvegstengdu námi. Þar að auki er hér um að ræða framhaldsnám úr grunnskóla í heimabyggð sem hlýtur að vera ótvíræður kostur.

Tyrkjabyrgi í Sundvörðuhrauni

*Eftirfarandi eru opinberar umfjallanir um svonefnd „Tyrkjabyrgi“
í Sundvörðuhrauni ofan Grindavíkur*


Ferðir á Suðurlandi sumarið 1883 eptir Þorvald Throddsen

„Af Reykjanesi fórum við í Grindavík, eru eintóm hraun á leiðinni. Úr Grindavík fór jeg upp í Eldvarpahraun, í því skoðuðum við á einum stað gamlar mosivaxnar rústir, þær er mjög illt að finna á afskekktum stað í versta brunahrauni, hafa þær líklega einhvern tíma fyrir löngu verið einhverjum til athvarfs, sem einhverra orsaka vegna hefir orðið að flýja úr byggðinni.“

Heimild:

-Fróði, 4. árg 1883, 119. tbl., bls 345

„Frá Járngerðarstöðum í Grindavík fórum við upp í Eldvarpa-hraun; það er mjög nýlegt, og fjarska-illt yfirferðar; hesti er ómögulegt að koma við og illfært gangandi manni. Í því skoðaði jeg á einum stað gamlar, mosavaxnar rústir; þær er mjög illt að finna: á afskekktum stað í versta brunahrauni. Þar hefir líklega einhvern tíma í fyrndinni verið athvarf manns, sem einhverra orsaka vegna hefir orðið að flýja úr byggðinni. Ekki er hægt að sjá þessar rústir fyr en maður er rjett kominn að þeim; standa þær í kvos, á flötum hraunbletti, og há hraun allt í kring. Fram á miðjum fletinum eru 3 kofar, allir hlaðnir úr hraunhellum og hleðslan víðast einföld; gjört hefir verið yfir byrgi þessi með stórum hraunhellum. Allir eru kofar þessir smáir, 15 — 18 fet á lengd. Stærsti kofinn er inn í hraunviki; hafa hraunbrúnirnar verið notaðar fyrir veggi. Bak við þennan kofa var hlaðin tótt, djúp eins og brunnur; þar fundum við hálflúna tiltelgda spýtu undir mörgum hraunhellum og mosa. Önnur hringmynduð rúst var þar í nánd. Uppi á hæstu hraunbrúninni fyrir ofan var enn



eitt byrgi, alveg eins og það hefði verið notað til þess að skyggjast um. Allar eru rústir þessar mjög gamlar, því á þeim var nærri eins þykkt mosalag eins og á hrauninu sjálfu. Enginn veit neitt um þessa kofa; þeir fundust af tilviljun fyrir nokkrum árum.

Heimild:

-Andvari, 10. árg. 1884, 1. tbl., bls. 46

Brynjúlfur Jónsson, rannsókn í Gullbringusýslu- Árbókin 1903

„Útilegumannabæli hafa menn álitíð rústir nokkrar í hrauninu fyrir ofan Húsatóftir, svo sem 1 1/2 kl. tíma þaðan ef mannavegur væri. En líttfært er að komast þangað nema á einn veg, með því að fara langan krók og þó mjög

vandfarið. Má nærri geta, að þar er lítið um mannaferðir, þar eð enginn vissi af rústum þessum fyr en þær fundust af tilviljun litlu eftir 1870. Mér þótti einsætt að koma á þennan stað, en gat ekki upp-spurt neinn, er hefði komið þar, utan Sæmund bónda Jónsson á Járngerðarstöðum. Hann hafði tvisvar komið þar. Í síðara skiftið fylgdi hann Dr. Þorvaldi Thoroddsen þangað. En Sæmundur er nú orðinn sjónlaus. Fékk eg því með mér tvo aðra hina líklegustu. Leituum við nær heilan dag, en fundum ekki. Leitaði eg þá til Sæmundar. Hann gat lýst afstöðu staðarins svo nákvæmlega, að eftir þeirri lýsingu fundum við Einar hreppstjóri Jónsson á Húsatóftum staðinn daginn eftir. Hraunið þar um kring lítur út

fyrir að vera eitthvert yngsta hraunið á Reykjanesskaga, — þar má víða sjá, hvernig hraunflóðin liggja hvert ofan á öðru, — og er þetta hraun eitthvert hið hrikalegasta og órennilegasta sem eg minnst að hafa séð; eintómir standar og snagar, gjár og glufur. Þar er ekkert grasstrá á stóru svæði, en aðeins grámosi. Gangandi menn geta með lagi komist um það, og er þó hættu. Enda eiga menn þangað ekki erindi og fýsast þangað ekki heldur. Aðrar skepnur fara þar ekki um, nema »fuglinn fljúgandi«. Rústirnar eru í kvos, þar sem hraunið hefir klofnað. Og sinn hraunrimi oltið fram hvoru-megin, eftir flötu hrauni, sem áður hefir verið storknað. Sér að eins á einn veg út úr kvosinni, og á þeim stað er það, sem koma má þangað hesti, ef gætilega er farið. Við fundum þar 7 tóftir og var hver laus við aðra. Tvær eru afsíðis, suður með austurbrúninni, þær eru litlar og huldar mosa. Inni í kvosinni eru 3 tóftir, sem mynda röð yfirum hana þvera. Hin stærsta þeirra er við vestrbrúnina, nálægt 6 al. löng, 2 fðm. austar er önnur 5 al. löng, og þá 7 fðm. austar hin þriðja, 4 al. löng, og er hún við austurbrúnina. Allar eru þær jafnvíðar: rúml. 2 al.; þær eru byggðar af smáum braunhellum og aðrar stærri hafa myndað þak, en eru nú fallnar ofan í. Veggirnir standa lítt haggðir: eru gaflar hæstir og dyr á hliðinni við annan gaflinn, eins á öllum. Vindaugu eru á veggjum og göflum. Eigi snúa þær göflum saman og eigi heldur hliðum, en horfa skáum hver við annari. Ekki virtust okkur þær líklegar til íbúðar, en hefðu getað verið geymsluhjallar, t. a. m. fyrir þurkað kjöt. Í kvosarbotninum er hring-mynduð tóft, svo lág, að veggirnir eru mosa huldir. Það gæti verið niður hrunin fjárrétt. En eigi bendir það þó til þess, er Sæmundur sagði: að í henni hefði hann fundið ösku og skörung úr járn. Inn frá stærstu tóftinni er í hraunbrúninni glufa milli kletta. Sú glufa hefir verið notuð fyrir tóft; hlaðið í skörð og svo reft yfir með breiðum hraunhellum. Þær eru nú fallnar ofan í og hleðslan að nokkru leyti líka. Þetta kynni helzt að hafa verið íveruhúsið. Þar er skjól gott og fylgsni gott. En ólíklegt er, að menn hafi getað dvalið til lengdar á þessum stað. Þar hefir víst verið »á flestu góðu mesta óhægð«. Þar hefir ekkert verið til eldiviðar, því þá hefir mosinn ekki verið kominn. En gerum ráð fyrir, að íbúar hafi eigi kært sig um eld, hafi eigi viljað láta reyk sjást eða reykjarlykt finnast frá hýbýlum sínum. En þá er einn gallinn þó verstur. Þar fæst ekkert vatn nema regnvatn, eða snjór á vetrum. Var því ekki hægt að vera þar lengi í einu. Ekki er hægt að skilja, til



hvers litlu tóftirnar, sem fyrst getur, hafa átt að vera. Þær eru svo smáar, að það er eins og börn hafi bygt þær að gamni. Og trúa mundi eg, að þetta væri alt saman eftir stálpuð börn t. a. m. 10—14 ára gamla drengi ef líklegt væri, að þeir hefði komið á þenna stað. En það sýnist mér ekki vera. Á vorum dögum mundu flestir drengir kjósa annað til skemtunar, en að leita leiksvíðs í ófæru hrauni. Og fyrrum hefir hraunið þó verið enn verra yfirferðar, er það var mosalaust og lítt samansigið. Hafi drengir fyrri alda haft slíkar glæfraferðir fyrir barnleiki, og séu þessar menjar eftir þá, þá eru þær merkilegar fyrir þroskunarsögu vora. Og þó þær séu eftir útilegumenn, eru þær merkilegar. Auk þess sem þær sýna eymdarstöðu slíkra manna og það þrek, sem þurfti til að lifa í henni, þá sýna þær einnig það áræði, sem, þrátt fyrir hættuna, horfði ekki í að vera svo nærri mannabygðum. »Karlmennsku hugurinn harði« lýsir sér á sinn hátt í hvoru tilfelliinu sem er?

Heimild:

-Andvari, 10. árg. 1884, 1. tbl., bls. 46

Björn Þorsteinsson:

Rústirnar í Grindavíkur-hrauni

Undarleg mannvirki

„Á síðara hluta síðustu aldar fundu menn óvænt mannvirki inni í miðju Grindavíkurhrauni og ollu þau ýmsum nokkrum heilabrotum. Brynjólfur Jónsson frá Minna-Núpi og Þorvaldur Thoroddsen athuguðu þau báðir, og skrifuðu um þau, annar í Árbók fornleifafélagsins 1903, en hinn í Andvara, en síðan hafa menn ekki veitt þessum fornleifum frekari eftirtækt, þangað til síðastliðið vor. Eins og kunnugt er ritaði Halldór Kiljan Laxness „Litla samantekt um útilegumenn“ í Tímarit

máls og menningar 1949 og komst að þeirri niðurstöðu, að útilegumenn hefðu sennilega aldrei verið til á Íslandi að Fjalla-Eyvindi undanskildum. Unnendur útilegumanna fannst Kiljan gerast ærið stórhöggur í þessari grein og tala gálauslega um viðkvæmt málefni. Útilegumenn hafa þess vegna komizt aftur á dagkrá, og á næstu árum mun verða úr því skorið, hverju menn eiga að trúa í þessu efni.

Síðastliðið vor tóku nokkrir menn sig til og leituðu rústanna, sem Brynjólfur og Þorvaldur geta um, að séu í Grindavíkurhrauni, ef vera kynni að þar leyndust „augljós merki um útilegumanna-byggð. Eftir árangurslausa ferð fundu þeir rústirnar að tilvísan oddvitans í Grindavík, og nú kom í ljós, að sízt hafði verið frá þeim logið. Þessar tættur eru þær langmerkustu sinnar tegundar, sem fundizt hafa, og sumar þeirra svo kyndugar, að engum getum er hægt að leiða að því, til hvers þær hafa verið notaðar. Eitt af þessum furðuverkum er rúst, sem minnir einna helst á skýlin á áfangastöðum strætisvagnanna. Þetta eru þrjár skeifulaga tættur, sem snúa göflunum saman, en um 120 gráða horn myndast milli opanna. Uppi á hraunbrúninni er rúst af hringlögðuðum hrauk, ummál 75 sm. á lengd og 60 sm. á breidd, mesta hæð 122 sm. Þetta eru aðeins tvö af þeim tíu undarlegu mannvirkjum, sem þarna getur að líta, og munu margir spyrja, hvers konar fólk hafi verið hér að verki.

Varnir gegst Tyrkjum?

Í Ferðabók Þ. Thoroddsens, I. b. Khöfn 1913, bls. 174—75 segir Þorvaldur frá þessum fundi sínum: „Frá Járngerðarstöðum í Grindavík fórum við upp í



Eldvarpahraun. Það er mjög nýlegt og fjarska illt -yfirferðar. Hesti er ómögulegt að koma við og illfært gangandi manni. Hraunið er grátt af gamburmosa, en mjög lítill jurtagróður er þar annar. Í því skoðaði ég á einum stað gamlar mosavaxnar rústir. Þær er mjög illt að finna: á afskekktum stað í versta bruna-hrauni. Þar hefur líklega einhvern tíma í fyrndinni verið athvarf manns, sem einhverra orsaka vegna hefur orðið að flýja úr byggðinni. Ekki er hægt að sjá þessar rústir fyrr en maður er rétt kominn að þeim. Standa þær í kvos á flötum hraunbletti og há hraun allt í kring. Fram á miðjum fletinum eru þrír kofar, allir hlaðnir úr hraunhellum og hleðslan viðast einföld. Gjört hefur verið yfir byrgi þessi með stórum hraunhellum. Allir eru kofar þessir smáir, 15—18 fet á lengd, og snúa dyrnar til norðurs. Stærsti kofinn er inni í hraunvíki. Hafa hraunbrúnirnar verið notaðar fyrir vegg. Bak við þennan kofa er hlaðin töft djúp eins og brunnur. Þar fundum við hálfúna til telgda spýtu undir mörgum hraunhellum og mosa. Önnur hringmynduð rúst var þar í nánd. Uppi á hæstu hraun brúninni fyrir ofan var enn eitt byrgi alveg eins og það hefði verið notað til þess að skyggast um. Allar- eru rústir þessar mjög gamlar, því að á þeim var nærri eins þykkt mosalag og hrauninu sjálfu.

Enginn veit neitt um þessa kofa. Þeir fundust af tilviljun 1872. Það er mjög ólíklegt, að hér hafi - verið mannabyggð að staðaldri; líklegra er, að kofum þessum hafi verið hróflað upp til bráðabirgða á ófriðartímum, og að menn hafi flúið í hraunið úr Grindavík. Þar hefur oft verið agasamt.

Englendingar og Þjóðverjar börðust

þar 1532, og 1627 herjuðu Tyrkir á byggðina. Gamlar sagnir geta um stiga-menn eða útilegumenn á Baðvöllum einhvers staðar nálægt Grindavík, en hvort rústirnar standa í nokkru sambandi við þá illvirkja er efasamt.”

Barnagarðar?

Þorvaldur veit auðsæilega ekki hvað hann á að halda um þessi mannvirki, og sömu sögu er að segja um Brynjólf frá Minna-Núpi. Þegar hann fór að leita rústanna var Sæmundur bóndi Jónsson á Járngerðarstöðum, sá sem fylgdi Þorvaldi Thoroddsen um Grindav.hraun orðinn blindur. Fékk hann þá með sér tvo kunnuga menn, og leituðu þeir „nær heilan dag, en fundu ekki”. Með til-vísan hins blinda manns tókst þeim þó að finna rústirnar í annarri atrennu. Í Árbók fornleifafélagsins heldur Brynjólfur helzt, að tætturnar 3 í kvosinni hefðu getað verið geymsluhjallar, t.a. m. fyrir þurrkað kjöt. Í kvosarbotninum er hringmynduð töft svo lág, að veggirnir eru að mestu mosa huldur. Það gæti verið niðurhrunin fjárrétt, en eigi bendir það þó til þess er Sæmundur sagði; að í henni hefði hann fundið ösku og skörung úr jární”. Brynjólfur fellst á, að þarna hafi verið gott fylgsni, en ólíklegt er, að menn hafi getað dvalizt til lengdar á þessum stað. Þar hefur víst verið á flestu góðu mesta óhægd”, og bendir á, að þar hafi hvorki verið vatn né eldivið að fá. Kunnugir menn í Grindavík segja, að vatns-ból sé sæmilegt í djúpri gjá sunnan við Eldvarpahraun um 20—30 mín. gang frá rústunum, en eldiviður hefur auðvitað verið enginn nema mosi.

Brynjólfur bendir á, að sumar af töftum þessum eru svo smáar, „að það

er eins og börn hafi byggt þær að gamni, og trúa mundi ég, að þetta væri allt saman eftir stálpuð börn, t.a.m. 10—14 ára gamla drengi, ef líklegt væri að þeir hefðu komið á þennan stað, en það sýnist mér ekki vera. Á vorum dögum mundu flestir drengir kjósa annað til skemmtunar en að leita leiksviðs í ófæru hrauni, og fyrrum hefur hraunið þó verið enn verra yfirferðar, er það var mosalaust og lítt saman sigið. Hafi drengir fyrri alda haft slíkar smáglæfraferðir fyrir barnaleiki og séu þessar menjar eftir þá, þá eru þær merkilegar fyrir þroskunarögu vora, og þó þær séu eftir útilegumenn eru þær merkilegar, auk þess sem þær sýna eymdarstöðu slíkra manna og það þrek sem þurfti til að lifa í henni; þá sýna þær einnig það áræði, sem þrátt fyrir hættuna horfði ekki í að vera svo nærri mannabyggðum. „Karlmennskuhugurinn harði” lýsir sér á sinn hátt í hvoru tilfelli sem er.”

Junkerarnir í Grindavík

Þorvaldur og Brynjólfur vilja ekkert fullyrða um það, hverjir hafi staðið að húsagerðinni í Grindavíkurhrauni, en rústirnar benda ótvírætt til þess, að einhvern tíma í fyrndinni hafi menn hafzt þar við. Skammt frá sjálfum töftunum sér móta fyrir aðhaldi og lítilli rétt, en hverjir áttu að smala á þessum slóðum? Ef einhverjir óbótamenn hafa búið þarna, er harla ólíklegt, að einhver sögn um þá hefði ekki varðveizt, og nú vill svo vel til, að meðal Grindavíkinga hefur varðveizt saga um „útilegumenn” á Reykjanesskaga. Brynjólfur frá Minna-Núpi skrásetur þessa sögu, og er hún prentuð í Huld, H. b., útg. 1892, bls. 58—60.

Einhvem tíma í fyrri daga höfðu nokkrir menn — tólf eða átján — hafzt við í óbyggðinni milli Grindavíkur, Hafna og Njarðvíka. Áttu þeir sitt skip í hverri þessari veiðistöð og höfðu þar rammgjört gerði til að geyma skipið og það, er til þess heyrði. Enn heitir bær einn í Höfnum Junkaragerði, og gömul girðing, er leifar sjást af á Gerðavöllum milli Járngerðarstaða og Húsatöfta í Grindavík, er líka kölluð Junkaragerði. Eiga þeir að hafa haldið sig þar, er þeir voru í Grindavík, og róið út úr Stóru-Bót, sem þar er hjá. Þar er að vísu ekki ræði, nema brimlaust sé, og vindur standi af landi. En junkarar reru heldur aldrei nema þar sem vindur stóð af landi, og þá er svo var hvasst að aðrir reru ekki. Þá er logn var, voru þeir í landi, komu þá til bæja og réðu einir öllu hjá konum, meðan karlmenn voru á sjó. Höfðu menn því illan hug á þeim, en þorðu ekki á þá að ráða, því að þeir voru mestu garpar.

Og þó að að menn kæmist í gerði þeirra, þá er þeir voru ekki við, þorðu menn eigi að láta junkara sjá þess merki, þá var við hefnð að búast. Menn vildu samt fyrir hvern mun ráða þá af dögum og leituðu ýmissa bragða til þess. Einu sinni boruðu menn göt á skip þeirra upp við hástokk, þar sem ekkert bar á, fyrr en skipið var orðið hlaðið. Þá rann sjór inn um götin; en junkarar flóttu þá fisk og lögðu fyrir þau og björguðust svo til lands. Í annað sinn voru dregnir af keiparnir, keipanaglarir sagaðir sundur til háls og keiparnir svo reknir á aftur. Naglarnir brustu, þá er í land skyldi róa, því að þá var mótvindi. Þá reru junkarar við hné sér til lands. Í þriðja sinn voru skautarnir dregnir af árum þeirra, árastokkarnir svo sagaðir sundur til háls eða meira, skautarnir síðan negldir á aftur, svo að ekki bar neitt á neinu. Nú reru junkarar, er vindur stóð af landi, en í það sinni komu þeir ekki að landi aftur. Sagt er; að hverjir fyrir sig: Grindvíkingar, Hafnamenn og Njarðvíkingar hafi lengi eignað sér það, að þar hafi junkarar verið af dögum ráðnir.

Þessari sögu fylgir skýringarklausa frá Brynjólfi á Minna-Núpi: Þessi munnmæli voru mér sögð í Grindavík 1861. En seinna hefur mér dottið í hug, að þessi sögn kunni að standa í sambandi við tóftarústir þær, er sjómenn frá Húsatóftum í Grindavík - einn af þeim var Guðmundur, bróðir minn — fundu veturinn 1872 norðan í Sundvörðu-hrauninu, þar sem á stóru svæði er hvergi stingandi strá, og engin umferð af mönnum ná skepnum enda hafði þá enginn heyrt þeirra rústa getið áður. Þorvaldur Thoroddsen fann þær líka er hann rannsakaði Reykjanesskagann, og áleit eins og hinir, að þar hafi verið mannahýbýli. Vafasamt junkaragerði Þetta er eina sögnin, sem hægt er að tengja við tóftirnar í Sundvörðuhrauni, en hún hefur á sér ýmis einkenni góðrar þjóðsögu. Junkarnir eru 12 eða 18, en talan 13 er algeng í þjóðsögum um líkt efni. Í Grindavík lifði einnig saga um 15 þjófa í Þjófagjá í Þorbjarnarfelli en hún er farandsögn, sem ekkert á skylt við þessar rústir. Þrjár tilraunir eru gerðar til að ráða junkarana af dögum, og heppnast síðasta tilraunin, - en slík efnisatriði eru einkenni allra góðra þjóðsagna. Sannfræði þessarar sögu er því býsna vafasöm, en engu að síður standa rústirnar í Sundvörðuhrauni sem óbrotgjarnt vitni þess, að þar hafa menn verið að verki og sennilega dvalizt einhvern tíma. Ef bófaflokkur hefur haft þar bækistöð sína ætti að finnast einhver urmull af beinum eða öðrum úrgangi þar í grendinni, en þess sér engin merki. Útilegumanna-dýrkendur benda þó réttilega



á, að tættarnar séu mjög gamlar, því að þær eru huldar þykku mosalagi. Fangamark útilegumanna getur því birzt einn góðan veðurdag undir mosalaginu.

Það er eftirtæktafvert við rústirnar, að byggingarlag þeirra bendir til þess, að það sé miðað við þá möguleika, sem hraunhellurnar í nágrenninu skópu byggingameisturunum. Stærstu hraunhellurnar eru um 90 sm. á lengd, en tættarnar eru frá því um 50 sm til 80 sm. á breidd nema ein. Hún er um 150 sm., þar sem hún er breiðust. Þar hefur þó verið hlaðinn milliveggur, svo að þakhellurnar hafa ekki þurft að vera nema um 80 sm. til þess að ná milli veggja. Ef hér er um mannbústaði að ræða, þá er enginn öfundsverður af því að hafa hafzt þarna við. Mér er ókunnugt, að orðið junkari komi fyrir annars staðar í þjóðsögum. Orðið kemur inn í íslenskuna á ofanverðum miðöldum og er þá oft skrifað jungkæri, og bæjarnafnið Junkaragerði er skrifað Junkæragerði í Jarðabók Árna Magnússonar. Orðið jungkæri var notað um yngissveina af tignum ættum, en hefur festst t.a.m. í Þýzkalandi við landeigendaaðalinn.

Inn í íslenskuna er orðið auðvitað komið úr þýzku eða dönsku, en Þjóðverjar höfðu miklar bækistöðvar á þessum slóðum á 16. öld. Það er álitið kátbroslegt, að tignarheiti einnar illræmdustu

landeigenda stéttar Evrópu skuli tengt við kot eitt suður í Höfnum og þjóðsögn um kvennagull, sem eiga að hafa búið á óbyggðum Reykjanesskaga.”

Bréf sem varðveitt er í skjalasafni Þjóðminjasafns Íslands skrifað af Jóhanni Briem 17. apríl 1950 daginn eftir að hann skoðaði byrgin.

Útilegmannabæli í Grindavíkurbrauni.

Brynj. Jónss. Árb. Fornleifafél 1903, bls. 45-46

Sami Huld (annað heftir) 1892, bls. 59-60

Þorv. Thor. Ferðabók I. Bls 174-175

Engin þessara heimilda getur um afstöðu rústanna, þannig að hægt sé að finna þær eftir því. En rústirnar eru vel faldar langt inni í stórum hraunfláka, sem hallar lítið eitt til suðurs.

Afstöðunni er hægt að lýsa þannig. Rústirnar eru sunnan við Eldvörpin um 1 km nokkuð austur en hásuður frá því eldvarpinu sem næst þeim er, en það er eina eldvarpið sem jarðhiti er í og sést stundum úr því gufa. Frá rústunum ber Sundvörðuna næstum í toppinn á Þorbirni. Sundvarðan er örnefni á austurhorni hraunsins, þar sem gatan liggur frá Húsatóftum norður í Njarðvíkur. Varðan sést langt til og er auðkennd á kortum. (Greinilegustu á herforingjaráðskortunum 1:50 000) 1000 metra austur frá Sundavörðunni og sé fylgt línunni, að vörðunni ber í toppinn á Þorbirni, lendir maður á suðurbrún hvammsins, sem rústirnar eru í. Þar er lítil varða uppi á brúninni. En sú leið er mjög ill. Hraunið er þar eins ógreitt, eins og gamalt, mosavaxið hraun getur frekast orðið. – Sæmilega leið, en miklu lengri, má fá með því að fara frá Húsatóftum götuna sem liggur í Hafnir, allt upp að Eldvörpum. En þá fyrst stór eldgígaklasi austan við götuna og fer maður sunnan undir honum og stefnir á næsta eldvarp. Greiðast er að ganga norðan við það. Svo sunnan við það þriðja. Þegar komið er fram hjá því, sjást greiðfærar hraunbreiðir liggja í suðaustur í hrauninu. Fer maður eftir þeim til S.A. þangað til komið er svo sem 1 km. Suður fyrir Eldvarparöðina. Er maður þá komin á næstu slóðir við rústirnar og verður nú að hafa stuðning af miðinu (Strandarvarða- Þorbjörn). Hraunbrúninni sem rústirnar eru í er ekki regluleg, þannig að setja meggi hana á löngu svæði. Brúnnin er hæst fyrir botni rústar krikans en lækkar svo til beggja hliða og víkkar hvammurinn um leið. Hann opnast móti vestri. Nokkuð má hafa það til marks, að austan rústanna eru mjög ógreiðfær hraun en miklu greiðfærari vestur frá þeim. Þó er mjótt belti af mjög ógreiðu hrauni rétt vestan við rústirnar og er ýmist herra eða lægra en hraunið í kring. Löng lægð liggur niður eftir hraununum skammt vestan

NÝR RAV4

ÆVINTÝRIÐ BÍÐUR



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Uppgötvaðu ævintýrin í lífi þínu á ný. Það er innblásturinn að baki endurhönnun á RAV4. Ökutæki sem er fullkominn félagi fyrir skemmtun með vinum og fjölskyldu. RAV4 hefur burði til að koma þér hvert sem þú vilt fara og það er nóg rými fyrir farþega og farangur. Hann er hljóðlátur, öruggur og með framúrskarandi aksturseiginleika. Komdu og reynsluaktu alveg nýrri kynslóð af RAV4. Ævintýrið bíður.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is - Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

Verð frá: 5.985.000 kr.



Toyota Reykjanesbæ

Njarðarbraut 19

Reykjanesbæ

Sími: 420-6600

*Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgjöf verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. RAV4 2.2 dísil var prófaður og fékk fimm stjörnur á öryggisprófi Euro NCAP.

Gleðilega hátíð



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



við rústirnar. Br. J. Segir í „Huld“ að rústirnar séu norðan í Sandvörðuhrauninu (misprentað fyrir Sundvörðu_). Þetta er mjög villandi enda skrifaði Br. J. Þessa lýsingu eftir tilsögn áður en hann kom sjálfur á staðinn. Rústirnar eru langt inni í hrauninu og hallar því þar til suðurs. Þ. TH segir (Ferðabók I. Bls. 174): Fram á miðjum fletinum eru 3 kofar, allir hlaðnir úr hraunhellum og hleðslan virðist einföld. Þetta er misskilningur. Aðeins nyrsta tóftin er þannig hlaðin og hefur auk þess „glugga“ á öllum hliðum og er augljóslega þurrkunarhjallur til á þurrka í fisk eða kjöt. Hinar tóftirnar hafa þykka vegg, vel hlaðna, þótt grjót hafi fallið úr þeim sumstaðar. Spölkorn þar vestur frá eru tvær litlar tóftir saman mjög mosavaxnar og stendur hellan enn yfir dyrunum á annarri. Þessar tóftir getur Br. J um, en Þorv. Th hefur ekki séð þær. En aftur á móti getur Þ. TH um tóft uppi á hábrúnninni. Þá tóft nefnir B. J ekki og við gátum ekki fundið hana þrátt fyrir nokkra leit. En eina mjög litla tóft fundum við, sem hvorugur (BRJ eða Þ. Th) nefnir. Hún er niðri í kvosinni við suðausturbrúnnina sem svo mitt á milli rústarinnar í kvosarbotninum og þeirra

þriggja sem liggja yfir um lægðina. Ef einn kofi er svo uppi á brúnninni (eins og Þ. TH segir) eru kofarnir alls 9 að tölu og allir lausir hvor við annan. Á nýju herforingjaráðskortunum (mælikvarði 1:100 000) ættu rústirnar að vera mjög nálægt „d“ inu í orðinu „Sundvarða“.

Skrifað 17. apríl 1950 daginn eftir að ég skoðaði þennan stað. Jóhann Briem

Ath. „Sundvarðan“ er náttúrulegur klettur með vörðubroti á toppinum.”

Ný byrgi – notkun

Árið 2006 fundu þeir Óskar Sævarsson og Ómar Smári Ármannsson tvö áður óþekkt hlaðin byrgi í Eldvörpum, mosapakin og algerlega ósnert. Af útliti þeirra að dæma eru þau nánast eins og framangreind byrgi.

Ómar Smári telur nánast víst að byrgi þessi hafi aldrei verið ætluð sem dvalarstaðir manna heldur hafi þau verið fiskigeymslur líkt og má finna í Strýthólahrauni, Slokahrauni og neðst í Skollahrauni. Grindvíkingar hafi vafalaust falið þarna fisk, hvernig svo sem hann var fenginn, og ætlaður til að seðja hungur þeirra ef svo bar undir. Flóknari væri notkun þeirra ekki. Ekki væri ólíklegt að aldursgreina megin gólf

Höfundur Ómar Smári Ármannsson við refagildru.



hinna nýfundnu byrgja og þannig komast að aldri þeirra.

-Heimild:

-Fróði, 4. árg 1883, 119. tbl., bls 345

-Andvari, 10. árg. 1884, 1. tbl., bls. 46

-Árbók Hins íslenska fornleifafélags árið 1903

-Nýi tíminn, 9. árg 1950, 30. tbl. bls. 3 og 6

og sama frásögn í Þjóðviljinn 3. september

1950, bls. 5 og 7

Ómar Smári tók saman

Þekking í þína þágu

Raunfærnimat 2017

Hefur þú unnið við sjómennsku, fiskvinnslu eða fiskeldi í 3 ár eða lengur?



Áttu þú erindi í raunfærnimat

- » Ertu orðin/n 23 ára?
- » Hefur þú starfað við störf tengd sjárvarútvegi í 3 ár eða lengur?
- » Viltu bæta við menntun þína?
- » Viltu styrkja stöðu þína á vinnumarkaði?

Einstakt tækifæri, kynntu þér málið.

Nánari upplýsingar og skráning:

Jónína Magnúsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, sími 412 5958

Nanna Bára Maríasdóttir, verkefnastjóra atvinnulífs, sími 412 5981

Kynntu þér málið á mss.is eða í síma 421 7500



Næstu tvö árin í Grindavíkurhöfn er tími framkvæmda

Aflinn sem barst á land í Grindavíkurhöfn árið 2016 var töluvert undir meðaltali síðustu 10 ára. En heildar-afli (þ.e. afli í því ástandi sem honum var landað) var um 36.000 tonn, til samanburðar má líta á árið 2015 sem var mjög gott ár, var aflinn 43.000 tonn. Hvað árið 2017 varðar setti hið langa verkfall sjómanna mikið strík í reikninginn varðandi landaðan afla fyrstu tvo mánuði ársins en mars var svo metmánuður með afla um 7000 tonn. Aflinn í apríl og maí var í meðallagi.

Grindavíkurhöfn er að meðaltali í 6.-8. sæti í lönduðum ársafla og í öðru sæti hvað varðar aflaheimildir í aflamarkstegundum s.s. þorski, ýsu, gullkarfa o.s.frv. Á móti kemur að aflaheimildir grindvískra útgerða eru litlar í makríl og engar í loðnu. Aflaverðmæti landaðs afla skilaði Grindavíkurhöfn í þriðja sæti yfir þær hafnir á Íslandi þar sem landað er mestu aflaverðmæti sam-



Sigurður A. Kristmundsson hafnarstjóri.

kvæmt hagstofu Íslands árið 2015 eða u.þ.b. 11 milljörðum króna. Ef við þetta er bætt c.a. 20% vegna afla sem keyrt er til Grindavíkur vegna landana grindvískra skipa í öðrum höfnum má

sjá að hráefnið sem kemur til framleiðslu í Grindavík eru um 13 milljarðar. Með því að tvöfalda þá upphæð sem er kannski einföld þumalputtaregla sem vafasamt er að nota, má leiða að því líkur



að verstöðin Grindavík skapi útflutningstekjur upp á um 26 milljarða. Þrátt fyrir þessar flottu tölur er rekstur hafnarinnar í járnum og hefur það verið svo um langa hríð. Heildarútflutningur sjávarafurða frá Íslandi árið 2015 var samkvæmt Hagstofunni um 265 milljarðar og hlutfall kvóta grindvískra útgerða er um 10%. Þannig að með einföldum reikningi má segja 10% af heildarkvóta skapi 10% af heildarverðmætum. Heildarverðmæti alls útflutnings 2015 var samkvæmt hagstofunni 626 milljarðar. Grindvíkingar eru 3200 talsins sem er eitt prósent af þjóðinni en skapa bara með hlutdeild sinni í sjávarútveginum rúmlega 4% af útflutningstekjum þjóðarinnar, þ.e. fjórum sinnum meira en meðal Íslendingurinn. Í póstnúmeri 240 er auðvitað margt til viðbótar sem skapar gjaldeyris- tekjur; ýmiss konar ferðaþjónusta hefur vaxið ört líkt og annars staðar á landinu, ekki síst hið gríðarlega öfluga fyrirtæki Bláa Lónið sem afleiðing af orkuöflun í Svartsengi. Fiskeldið er einnig í örum vexti. Ég tek því heilshugar undir orð mannsins sem sagði að Grindavík væri einskonar Dúbai Íslands. Hvort rétt sé að líkja Grindavík svona saman við stórveldi úti í heimi þá má segja og væri það gaman ef einhver tæki sig saman og rannsakaði áhrif Grindavíkur á íslenskan efnahag. Næstu tvö árin í Grindavíkurhöfn er tími framkvæmda þar sem Miðgarðurinn mun fá allsherjar yfirhalingu. Ég kíktti í gamlar fundargerðir og sá að umfjöllun um þessa framkvæmd hefur átt sér stað í hafnarstjórn allt frá árinu 2004. Það getur tekið langan tíma að fá framkvæmd af þessari stærðagráðu inn í samgönguáætlun og enn lengri tíma til að ná inn á fjárhagsáætlun eins og sannast hefur í þessu tilviki. Nú loksins er verkið komið af stað og sem er gríðarlegur léttir ekki síst þar sem bryggjan er orðin vægast sagt hrörleg og ópraktísk; -dýpi við kantinn, rafmagn og vatn óboðlegt þeim skipum sem þiggja þjónustu af Grindavíkurhöfn. Mín skoðun og vonandi margra fleiri er sú að aldrei má láta staðarnumið í að byggja upp, þróa og efla starfsemi í fyrirtækjum því það leiðir af sér stöðnun. Sama á við um höfnina. Hafnir eru samgöngumannvirki og sem slík þarf sífellt að vera með hugann við það hverjum mannvirknið á að þjóna og hvernig framkvæmdir mæta þörfum þeirra sem þjónustuna nýta. Hafnarstjórnin hefur að mínu mati tekið faglegar ákvarðanir um framkvæmd þessa mannvirkis. Eitt af helstu álítaefnum þessara framkvæmdar er að hversu langt skuli farið með stálþilið frá gamla stálþilinu. Í útboðinu var miðað við um 2,5 metra.



Hagtak, verktakafyrirtækið sem framkvæmir verkið stakk upp á því að stálþilið yrði fært utar, um 3 metra til viðbótar til að forðast stórkostlegar tafir með tilheyrandi kostnaði því með því yrði minni áhætta af því að gamla stálþilið kastist yfir svæðið sem nýja stálþilið á að rekast niður í. Hafnarstjórn var ákveðin í því að dýpið meðfram stálþilinu yrði 8 metrar alla leið, en ekki aðeins fyrstu 180 metrana, einfaldlega vegna þess að skipin eru að verða djúpristari en áður. Það er ekkert launungamál að stærsta framkvæmd í grindvískri hafnargerð var breyting á innsiglingaleiðinni í gegnum rífið og nýju varnargarðarnir í beinu framhaldi, þessi framkvæmd og dýpkun innan hafnar var hugsuð fyrir skip Samherja sem áttu og ráku fiskimjöls- verksmiðjuna hér í bæ. Samherji illu heilla ákvað eftir að verksmiðjan brann að byggja hana upp í Helguvík og skilja Grindavíkurhöfn eftir með stóran skuldahala vegna framkvæmdanna sem fyrst og fremst voru hugsuð fyrir þeirra skip og þeirra þarfir. Nú hljóma ég kannski pínulítið þversagnarkenndur en, þrátt fyrir þetta efnahagslega áfall sem brottför Samherja skildi eftir sig

þá er höfnin öruggari og tíminn sem innsiglingin er ófær mun minni. Ef ekki hefði verið farið í þessa framkvæmd þá væri höfnin í verri málum en ella. Það er ekki einfalt mál að vaða í framkvæmdir og stundum óljóst hverju þær skila þegar til lengdar lætur. Mikilvægasta framkvæmdin í sögu Grindavíkurhafnar er að mínu mati sú þegar Grindvíkingar ákváðu árið 1939 að handgrafa skurð í gegnum rífið til þess að koma ört stækkandi bátum sínum í skjól í Hópinu fyrir úthafsöldunni og sleppa því að draga þá upp á fjörukambana eftir róðrana. Það sem nú stendur Grindavíkurhöfn helst fyrir þrifum er að hafnar- sjóður fær engan ábata af útflutningi af sjávarafurðum né af innflutningi þeirra aðfanga sem sjávarútvegurinn og annar iðnaður í landinu þarf, að undaskildu fiskisalti. Í mínum huga er það ekki bara spurning heldur skylda okkar að kanna hvort mögulegt sé að gera hafnarbætur í Grindavík sem gagnast geta meðalstórum flutningaskipum og um leið fyrirtækjum í Grindavík og þar með bætt rekstrar- grundvöll Grindavíkurhafnar.

Ég óska sjómönnun og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn.

Hollvinasamtök Reykjanesvita og nágrennis

Hollvinasamtök Reykjanesvita og nágrennis voru stofnuð 16. febrúar 2017. Markmið þess er að varðveita og kynna sögu Reykjanesvita, elsta vita landsins. Áður hafði Minja- og sögufélag Grindavíkur lagt drög að því að koma danska konungsmerkinu fyrir á Reykjanesvita, þar sem það hafði áður verið. Dansk skjöldurinn var upprunalega settur á elsta vita Íslands, á Valahnjúki á Reykjanesi en sá viti var reistur 1. desember 1878, þegar Kristján IX var konungur Danaveldis.

Fyrsti vitavörður var Arnbjörn Ólafsson og hafði hann kynnt sér vitavörðarstarfið í Danmörku. Á árunum 1907-1908 var reistur nýr viti á Bæjarfelli og var fyrst kveikt á honum 10. mars 1908. Þá var konungur Friðrik VIII. Danska konungsmerkið var þá fært af gamla vitanum yfir á þann nýja. Fangamark Friðriks VIII var þá sett yfir fangamark föður hans Kristjáns IX og nýtt ártal MCMVIII (1908).

Hollvinasamtök Reykjanesvita og nágrennis hans hafa sett sér það fyrsta markmið að láta gera nýja afsteypu af



Arnbjörn Ólafsson var fyrsti vitavörður á Reykjanesi.

upprunalega konungsmerkinu og koma því á Reykjanesvita. Einnig verður sett upp kynningarskilti með sögu vitanna og fánastöng reist á flaggstangarhólnum.

Hollvinasamtökin eru öllum opin sem hafa áhuga á að leggja málinu lið og huga vel að Reykjanesvita og umhverfi hans. Vísað er á facebook síðu Hollvinasamtaka Reykjanesvita og nágrennis.

Saga Reykjanesvita er merkileg og henni þarf að halda á lofti. Alls hafa 10 manns gengt vitavörðarstarfinu en þau eru:

- Arnbjörn Ólafsson síðar kaupmaður í Keflavík. Hann fluttist að Reykjanesi þegar byrjað var á byggingu eldri vitans árið 1878 og bjó þar með systur sinni Sesselju Ólafsdóttur. Arnbjörn gegndi starfinu til 1884. Eiginkona hans var Þórunn Bjarnadóttir, systir séra Þorkels á Reynivöllum.
- Jón Gunnlaugsson skipasmiður var vitavörður frá 1884 til dánardægu 23. október 1902. ekkja hans Sigurveig Jóhannsdóttir fluttist til Reykjavíkur 1903.



Konungsskjöldurinn.



Reykjanesviti á Valahnúk.





- Þórður Þórðarson sá um vitavörslu í eitt ár frá 1902-1903.
- Jón Helgason var vitavörður frá 1903-1915 og varð síðan bóndi í Grindavík. Kona hans var Agnes Gamalielsdóttir. Jón hafði áður verið vitavörður á Garðskaga.
- Vigfús Sigurðarson starfaði frá 1915-1925. Vigfús var kunnur af ferð sinni til Grænlands með jarðvísindamanninum Dr. Wegener, en sá leiðangur

- markaði tímamót í rannsóknum á Grænlandsjökli. Eiginkona Vigfúsar var Guðbjörg Árnadóttir.
- Ólafur Pétur Sveinsson var vitavörður frá 1925- 1930.
- Jón Ágúst Guðmundsson frá 1930 til dánardægurs 11. ágúst 1938.
- Kristín Guðmundsdóttir ekkja Jóns Ágúst tók við embættinu frá 1938-1943.
- Einar Jónsson, sonur Jóns Ágúst

- og Kristínar, var móður sinni til halds og trausts og tók formlega við embættinu af henni 1943 og starfaði til 1947.
- Síðasti vitavörðurinn var Sigurjón Ólafsson sem tók við 1947.

*F.h. stjórnar
Hallur Gunnarsson*



*Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra
hátíðarkveðjur á sjómannadegi*

SJÓMANNABLAÐIÐ
VÍKINGUR

 **ÍSMAR**
Við mælum með því besta


HP GÁMAR
HÓPSNES

N1

 **FISKVERKUN**
Staðarsundi 16B • 240 Grindavík

66°
NORÐUR

samskip



Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur

codland


HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

*Færum sjómönnum, Grindvíkingum og gestum
Sjóarans síkáta, hamingjuóskir á sjómannadaginn*



Óskum hátíðargestum
góðrar skemmtunar
á Sjóaranum síkáta



Ægisgötu 9 • 240 Grindavík • Sími 426 7331

Fjölbreyttir
starfsmöguleikar
í spennandi umhverfi

Áherslur eru á
veiðar, vinnslu
og fiskeldi

Fisktækni er
tveggja ára hagnýtt
starfstengt nám



Fisktækniskóli Íslands

Starfstengt nám á framhaldsskólastigi

**Spennandi starfsnám
fyrir ungt fólk á
aldrinum 16 - 25 ára**

Gründinn í fisktækni er hagnýtt tveggja ára nám með fjölbreytta starfsmöguleika. Áð námið loknu er einnig opin leið til breiðara framhaldsnáms og jafna háskólanáms.

Fisktækninámnið skiptist í þrjár línur eftir áhugasviði nemenda: veiðar, vinnsla og fiskeldi. Náminni er skipt upp í annar og er önnur hver önnur bólfag, en hinar kenndar á völdum vinnustöðanna í samræmi við áherslur námsins.

Á meðan á námslinanum stendur er innið um heilbrigði í stofnanir og fyrirtæki tengdum sjávarútvegi.

Farið verður í tveir námsferðir erendis í samstarfi við samstarfsaðila okkar í Danmörku og Portúgal.

Þyngd ykkar námið á Facebook og á heimasíðunni www.fiskt.is. Innihaldið fer fram á Menntagátt á www.menntagatt.is.

Skólaheitið er Sjúknesjuni. Þeir nemendur sem þess óska geta einnig verið skráðir í Fjölbreyttu Námi Sjúknesja en taka þá faggreinar námsins og verðgeir þáttum samhliða í Fisktækniskóla Íslands.



Fisktækniskóli Íslands
Icelandic College of Fisheries

Víkurbraut 56 | 240 Grindavík | www.fiskt.is | info@fiskt.is | sími: 412 5966



Slokahraun og nágrenni

Slokahraun er angi af Sundhnúka-hrauni. Önnur nafngreind hraun í sama gosi eru Blettahraun og Klifhóla-hraun. Slokanafninu hefur jafnan verið gefinn sá hluti hraunsins, sem rann til suðausturs niður sunnanverða Hópsheiðina og í sjó fram austan Þórkötlu-staða. Sundvörðugígagosið er talið hafa myndast fyrir um 2400 árum, eða hálfu fyrir en fyrstu landnámsmennirnir voru að tygja sig til landsins. Í dag er Slokahraunið mosavaxið með graslænum á millum. Neðst í því eru miklir fiskgarðar frá útgerðinni fyrir á öldum.

Í örnefnalýsingu fyrir svæðið segir m.a.: “Austast á merkjum móti Hrauni, niður við sjóinn, er bás inn í klettana, og heitir hann Markabás. Utar er tangi fram í sjóinn, sem heitir Slok, og upp af honum er hraunspildan nefnd Slokahraun. Upp af Markabás er höll milli bæjanna, Markhóll. Er hann upphlaðinn þar á hryggnum, sem nefndur er Leiti.



Vestur frá Markabás eru smáhvilftir og kvosir með sjó, sem heita einu nafni Básar. Ná þeir vestur að svonefndri Stórulklopp. Vestan hennar er aðallendingin, sem nefnd er Buðlungavör. Sunnan þessara boða og víkin öll er nefnd Þórkötlustaðabót, en Þórkötlustaðasund er sunnan boðanna.

Klofi út í Svalbarða skiptir reka og þangfjöru á milli Buðlungu og Þórkötlu-staða. Fyrir ofan Buðlunguvör er slétt

klöpp kölluð Skiptivöllur. Þaravaxin klöpp vestan og utan við vörina er kölluð Þangklöpp. Austan við vörina er Stórklopp og þar fram af er Vararsker. Það kemur upp á stórstreymisfjöru. Norðaustan við vörina er túnið í Buðlungu og kallað Buðlungudalur. Í suðvesturhorni þess er sundvarða og átti hún að bera í þríhyrnu á svonefndri Brunnskák þegar róið var innundið.

Austur af Stórulklopp eru básar; Vestastibás, Þvottabás, Miðbás og Malarbás. Síðan taka við Slok og er austast Slokatá. Slokin draga nafn af áberandi soghljóði, sérstaklega undir austanátt. Vestan Slokatáarinnar er Lágafjara og síðan Vestrimölin og þar ofan kampsins er Klapparmói. Eystrimöl er neðan við kampinn að austan, ofan við Slokatá. Upp af Slokatánni ofan kampsins eru Hrossbeinalágar, nú komnar að mestu undir kampinn.

Austan á Slokunum er bás sem heitir


Markabás. Hann skiptir löndum og reka á milli Hrauns og Þórkötlustaða. Upp af honum ofan kamps er hraunhöll með grasþúfu í toppinn. Hann heitir Markhöll. Randeidarstígur er gata á milli Hrauns og Þórkötlustaða og var hann farinn áður fyrr er aðalumferðargatan lá fyrir neðan Þórkötlustaði og var þar komið á Eyrargötuna. Eystraleiti (í daglegu tali nefnt Leiti) er smábunga á milli bæjanna. Vestraleiti er aftur önnur bunga í vestur þar sem skiptast lönd Þórkötlustaða og Hóps. Vestan undir há-Leiti er Kúakrókur, nú tún.

Ofan við byggðina er geil í hraunið og byrjar þar gamli vegurinn frá Þórkötlustaðum til Voga og Hafnarfjarðar. Þar heitir Leynir (Þórkötlustaðaleynir til aðgreiningar frá Hraunsleyni) og nær hann inn á móts við Vatnsheiði. Gatan liggur samhliða hraunrima. Efst í Leyninum og austan við götuna er grasvaxinn höll með hraunklökkum umhverfis og heitir hann Grennhóll. Norð-norðvestan við Grenhól við götuna er skjólsamt fyrir sauðfé og heitir þar Skítastaður.

Slokahraun rann í mjórri ræmu til suð-suðausturs frá gígnum sunnan Sundhnúks, milli Vatnsheiðar og Hópsheiðar. Getið er um Slok í tveimur örnefnaskrár Þórkötlustaða í Grindavík: "Utar er tangi fram í sjóinn, sem heitir Slok, og upp af honum er hraunspildan nefnd Slokahraun" og "síðan taka við Slok og er austast Slokatá. Slokin draga nafn af áberandi soghljóði, sérstaklega undir austanátt." Innfæddir Grindvíkingar austanverðir þekkja hljóðið. Þegar aldan skellur undir hraunhellunni slokrar í henni svo um munar.

Að austanverðu eru mörk hraunsins við ströndina við vesturtúngarðinn á Hrauni. Garðurinn liggur uppi á hraunbrúninni, sem nú er gróin að innanverðu. Sigurður Gíslason, bóndi á Hrauni, sagði hraunið, séð frá bænum, jafnan hafa verið nefnt Hraunið. Um það hefðu legið þrjár götur fyrrum, áður en akvegirnir voru lagðir yfir það, fyrst með ströndinni og síðar um Tíðarhliðið á norðvestanverðum túngarðinum. Enn mótur fyrir síðarnefnda veginum, bæði innan garðs og utan. Hann lá yfir að Hvammi og þar áfram til vesturs. Sjást leifar hans bæði austan við Hvamm og vestan við Efraland. Um hinar göturnar þrjár verður nánar fjallað um hér á eftir. Þeirra er hvorki getið í örnefnalýsingu né forn-leifaskráningarskýrslum.

Í Sögu Grindavíkur segir að Slokin séu "austan við Buðlungavör; út af þeim samnefndur skerjatangi, sem gengur vestur og út í Þórkötlustaðavík, og er sunnið inn í vikina á milli þessara tanga



og þeirra, sem liggja út frá Leiftrunarhól [á Þórkötlustaðanesi]. Þarna á Slokunum er álitid að eitt af stóru slysum hafi orðið. Það var nóttina áður en mb. Aldan rá Vestmannaeyjum rak upp í Nesið að vestanverðu... að annan vélbát frá Vestmannaeyjum, Þuríði formann, sem einnig varð fyrir vélarbilun í sama

veðrinu, rak þar upp. En þar tóku höfuðskepnurnar öðruvísi á hlutunum. Þegar fólk kom á fætur á Þórkötlustaðum, varð það vart við óeðlilega mikið brak í fjörunni, og þótt allt væri mjög maskað niður, sást þó, að þarna hafði Þuríði formann rekið upp og hún farizt með allri áhöfn.

Hinn 8. desember 1923 gerðist það í austan veðri og snjókomu, að þýskur togari strandaði einhvers staðar hjá Grindavík, að því er skipstjórinn hélt. Togarinn losnaði sjálfur fljótlega úr strandinu, en hafi laskazt svo mikið, að hann fór fljótlega að síga niður og sökk svo eftir lítinn tíma. Áhöfnin komst í björgunarbátinn og hélt síðan undan sjó og vindi, þar til þá allt í einu bar að landi og upp í stórgrýtiskamp. Mennirnir komust allir ómeiddir í land...



Skiptar eru skoðanir manna um, hvar togari þessi hafi strandað, en Þórkötlustaðamenn töldu, að eftir strand þetta hafi komið festa á veiðarfæri þeirra, sem ekki hafði verið þar áður, á leirbotni skammt út af víkinni, og veiðarfærin oft ryðlituð, er þau komu upp. Því er gizkað á, að togarinn hafi lent annaðhvort á Slokunum eða nálægt Leiftrunarhól, þ.e. öðru hvoru megin við Þórkötlustaðavíkina.”

Vertiðir settu löngum svip á atvinnulífið í Grindavík. Tvær verbúðir voru um tíma í Þórkötlustaðalandi, ein á Ísólfskála og fleiri í Járngerðarstaðalandi. Hraunsmenn gerðu út á Þórkötlustaðanesi og gengu á milli. Þá var Eyrargatan jafnan farin, en hún lá með ströndinni, í gegnum Slokahraun framhjá Sögunarhól og eftir fjörunni neðan við Klöpp, Buðlungu og Þórkötlustaði. Ströndin var þá sandfjara líkt og enn má sjá að hluta innst í Bótinni. Sandurinn náði dagóðan spöl út. Þar voru góðar lendingar fyrrnefndra bæja. Vestan Þórkötlustaða, þar sem nú er Sólbakki,

kom gatan upp á bakkann við bæ, sem hét Skarð og þar var. Síðan liðaðist hún ofan strandarinnar, yfir Kónga og að naustunum vestan þeirra. Eyrargatan sést enn í hrauninu innan landamerkja Þórkötlustaðahverfis. Austar hefur sjórinn kastað grjóti yfir hana, auk þess sem vegur var lagður að hluta til yfir hana. Nánar er sagt frá Eyrargötunni annars staðar á vefsíðunni.

Önnur gatan hét Hraunkotsgata. Hún lá upp frá austanverðri hraunbrúninni, í gegnum túngarðinn á Hrauni og svo til beina stefnu yfir það til vesturs, að Hraunkoti, sem var austast bæja (kota) í Þórkötlustaðahverfi. Stór gróinn hraunklettur er norðan götunnar skammt frá Hraunstúngarðinum. Þessi gata sést enn mjög vel, enda gróin. Sigurður sagði það varla geta talist undarlegt því þessa götu hefðu vermennirnir gengið til baka með fiskinn á bakinu. Áburðurinn hafi því verið ágætur og nyti gatan góðs af því enn í dag.

Þriðja gatan, sem enn sést, er Þórkötlustaðagata. Hún liggur, líkt og

Hraunkotsgatan, í gegnum hlaðinn túngarðinn á Hrauni, um hlið þar sem garðurinn myndar 90° horn. Gatan, sem er sú nyrsta þeirra þriggja, liggur nú um gróið hraunið, en hinar fyrrnefndu liggja enn um úfið mosavaxið apalhraunið. Lítill hraunhóll er norðan götunnar. Frá honum beygir gatan lítillega í átt að norðurtúngarðshorni Hraunkots. Þar lá hún samhliða garðinum með svo til beina stefnu á Þórkötlustaði. Enn sést móta fyrir honum á sléttuðu túninu sem þar tekur nú við.

Þegar bátar komu úr róðri var aflinn færður á skiptivöll, þar sem skipt var í hluti. [Einn slíkan má enn sjá neðan við Klöpp]. Því næst var gert að, á skiptivellinum ef aðstæður þar leyfðu, annars á öðrum hentugum stað. Í Grindavík mun víðast hafa verið gert að á skiptivelli. Á vetrarvertíð, þegar ekki var þerrisvon, var fiskurinn lagður í kös, eða kasaður sem kallað var. Það var gert eftir sérstökum reglum. Fiskurinn var lagður þannig í kösina, að dálkurinn sneri niður, svo að blóð sem síga kynni úr



honum færi síður í hinn helminginn; fiskurinn var kýttur, en það var gert með því móti að beygja hann saman í hnakkann, svo að fiskurinn fyrir framan dálk myndaði $\frac{1}{4}$ úr hring. Næsta lag var svo sett ofan á það, sem fyrir var, þannig að hnakkinn af þeim fiski lækir móts við gotraufina á þeim, sem undir var, og með sama hætti koll af kolli. Helzt þurfti kösin að vera á sléttum halla, svo að ekki sæti vatn í henni. Að lokum myndaðist hringur og komu sporðar allra neðstu fiskanna saman. Kösin stóð misjafnlega lengi, stundum svo vikum skipti, þar sem sjaldnast viðraði vel fyrr en undir vor. Í frosti skemmdist kasarfiskurinn ekki að ráði, en ef skiptist á vætutið og frost vildi hann vera maltur, jafnvel grútmaltur.

Þegar komið var fram á vor og veður fór batnandi, var fiskurinn tekinn úr kösinni og byrjað að þurrka hann. Fyrst var hann þvegin og himnudreginn, en síðan breiddur á garða, mól eða grjóthryggi, og var roðinu snúið niður á daginn en upp á nóttunni. Á meðan á þurrkuninni stóð, var fiskinum snúið hvað eftir annað, en er hann þótti orðinn hæfilega þurr, var honum hlaðið í stakka og þeir fergðir, svo að sléttast úr fiskinum. Þegar þurrkur var, var fiskurinn síðan breiddur úr stökkunum, uns hann var orðinn sprekaður, en þá þótti loks fært að vigta hann og flytja.

Nokkur tími gat jafnan liðið frá því fiskur var fullþurrkaður og þar til hægt var að flytja hann, og reið þá á miklu í stórum verstöðvum, þar sem margir gerðu út, að ekki ruglaðist fiskurinn. Af þeim sökum höfðu menn sérstök fisk-



merki, og umsvifamiklir aðilar höfðu sérstakt brennimark.

Á meðan fiskurinn beið flutnings, var hann tíðast geymdur í fiskbyrgjum. Þau voru hlaðin úr grjóti, strýtu- eða stróklaga, en þannig var best að verja fiskinn gegn vætu. Á sumum jörðum í Grindavík munu einnig hafa verið sérstök fiskgeymsluhús, en ekki er ljóst hvernig þau voru byggð. Frá 17. öld eru heimildir um slík hús frá Hópi, sem voru í eigu Skálholtsstaðar. Þá var hús á Þórkötlustöðum, sem gekk undir nafninu “staðarhúsið”, og var það sýnilega fiskgeymsluhús í eigu Skálholtsstóls. Hugmyndir eru uppi um að einu fiskgeymsluhúsin, sem varðveist hafa í Grindavík, megi finna undir rótum Sundvörðuhrauns, svonefnd “tyrkja-byrgi”. Fleiri slík byrgi má þó finna í upp-landi bæjarins, ósnert með öllu.

Að sögn Sigurðar Gíslasonar greinast Leitinn í Fremra-Leiti og Efra-Leiti. Hið síðarnefnda er þar sem akvegurinn fer yfir milli Hrauns og Þórkötlustaðahverfis, en hið fyrrnefnda er þar sem Þórkötlustaðagatan fer yfir Slokahraunið.

Heimildir m.a.:

- Sigurður Gíslason, bóndi á Hrauni
- Örnefnaskrá Þórkötlustaða
- Örnefnaskrá Hrauns
- Saga Grindavíkur. J.Þ.Þ 1994

Ómar Smári tók saman



ICOM

Tæktíðvar, heyrnaskjól og hljóðnemar fyrir land, sjó og flug.



SIMRAD

AP 44 sjálfstýring
Góður afleiðniskjöl
Sólringsstakki fyrir
vefurmyndun og fíðri
aðgæðir.

Samhætt stýrtíri
NP80, QP80 og PU80




SIMRAD

Dýptarmælir og Ratsjár

Chirp, fjölsniðsveifa,
Öldubæðarkjörstilling,
Góð hlustun á auðveldar
aðgæðir.

GL, GA, Holo og HD ratsjár,
Einníðla ratsjárstilling.

Handvalatakkar,
Innviðar vör, standarvör,
9" eða 16" skjáir



Olex

Þrívíddar sjókartaplotter með AIS- og botnháðrúppýðningum.



VINGTOR STENTOFON

Kallkerfi, símarerfi og nýðkerfi fyrir skip.



SIMRAD

NSS sjókartatæki
m. SolarMAX skjá.

Kartaplotter:
Dýptarmælir,
Radarskjár,
Vélaraðfýringar,
Myndavefskjár.

Sjálftýring,
WiFi og Bluetooth,
Þrívíddarsjár,
Sveitiskjár og
Húðarstakkar.

7", 9", 12" og 16"

Friðrik A. Jónsson ehf
Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
S: 552 2111 - www.faj.is

Siglinga, fiskileitar og rafeindatæki

Dapa's Pizza



Sími 426 9955 - Frí heimsending





Marás ehf.
Mjóhlaun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - Fax: 565 7230
www.maras.is

Þjófðum einungis víðurkenndan búnað

Allt fyrir nýsmíðna
Allt fyrir sjávarútveginn

BRYGGJAN

KAFFIHÚSIÐ Í GRINDAVÍK

Miðgarði 2 - 240 Grindavík - Sími: 426 7100 - Heimasíða: www.kaffibryggjan.is - Netfang: kaffibryggjan@simnet.is

picanto



RIO



cee'd



SPORTAGE



SORENTO



Holtsgötu 52, 260 Reykjanesbær
Sími 420 5000
www.ksteinarsson.is

www.kia.is



Nesbyggð á Þórkötlustaðanesi.



Minja- og sögufélag Grindavíkur



Minja – og sögufélagið var stofnað 21. nóvember 2013. Stofnfundur félagsins var haldinn upp á bæjarskrifstofu Grindavíkur og fékk félagið kennitölu hjá RSK þann 2. desember 2013.

Þann 23. október 2014 gerðum við kaupsamning á húsnæðinu Bakka af dánarbúi Sævars Óskarssonar á 2,9 milljónir. Kaupin voru greidd með aðstoð flestra fyrirtækja og félaga í Grindavík og var félaginu afhent afsalið 25. apríl 2015. Félagið sótti um styrk frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja haustið 2015 og fékk félagið styrkinn. Sá styrkur fór í það að skipta um þak og laga skorsteininn á húsinu sem félagið fór í seinnipartinn í ágúst 2016. Einnig fékk félagið styrk



*Sjóbúðin Bakki. í eigu sögu og minnja-
félags Grindavíkur.*

frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja um haust 2016 og mun sá styrkur fara í að skipta um járnið að utan og glugga núna í sumar 2017. Þann 30. september 2015 fékk Kvikmyndafélagið ZIK-ZAK húsið leigt fyrir upptökur á kvikmyndinni „ÉG MAN ÞIG“ eftir Yrsu Sigurðardóttur og var þessi mynd frumsýnd 5. maí 2017. 27. október gerðum við samstarfssamning við Grindavíkurbæ og fengum þar á meðal aðstöðu á efri hæðinni í Kvennó að Víkurbraut 21. Þar erum við með opið hús flest öll miðvikudagskvöld kl. 20:00 og þá alltaf með kaffi á könnunni. Á þessum tíma höfum við verið með sjö sögugöngur víðsvegar um Grindavík. Þar var farið um Þórkötlustaðarnesið, Þórkötlustaðarhverfið, á Hrauni, um gamla bæinn austan Víkurbrautar, Minnisvarðana í bænum, frá Bótinni út að Bjarnargjá og seinna frá Bjarnagjá og gengið að Móakoti í Staðarhverfi og um tóttirnar í Eldvörpum. Við fengum Eyþór Eðvarsson og Eggert Ibsen til að koma og taka myndir með dróna á Selártöngum og eftir að við sáum hvernig Eyþór gerði þetta snilldar myndband þá var Skúli Magnússon sagnfræðingur fenginn til að koma og segja frá því hvernig þetta var hérna áður fyrr. Þá kom upp sú hugmynd að halda áfram með að mynda hluta af Grindavík og fengum við Eyþór og Grindavíkurbæ með okkur í þetta verkefni sem verður byrjað á í sumar. Það verður byrjað á að taka myndir frá Ísólfseskála að Stað í fyrstu lotu. Félagið hefur ávallt nóg af plássi fyrir fleiri muni og tekur félagið við gömlum munum sem fólk vill losna við og allar gerðir af myndum: Ljósmyndum, slides og hreyfi- myndum. Félagið fékk afhent menningarverðlaunin í menningarvikunni 2017 í Grindavík og þakka félagsmenn kærlega fyrir þann heiður.

*F.h. félagsins.
Hallur Gunnarsson*



Selatangar.

440 2018

**Á sjó og landi þarf
að huga að tryggi
og vera vel tryggður.**

Sjóvá hefur frá
stofnun tryggt sjávar-
útvegin og enn í dag
störfum við náið með
sjómönnum.

sjóvá. is

Óli á Stað GK 99 nýjasta skip Stakkavíkur ehf.



Ljósmynd: Ólafur Daði Hermannsson.

*Sendum sjómönnum, fiskvinnslufólki
og öðrum Grindvíkingum hamingju- og heillaóskir
á sjómannadaginn*



Fiskvinnsla

Bakkalág 15 b. • 240 Grindavík • Iceland
Sími: 420 8000 • Fax: 420 8001 • stakkavik@stakkavik.is



OFHLEÐSLA BÁTA

**Skipstjórnarmenn elga að vita hve mikinn farm
bátur þeirra getur borið en samt gerist það að
bátar sökkva vegna ofhleðslu.**

**Ef vel fiskast þarf að gæta þess að ofhlaða ekki bátinn
svo tryggt sé að fólk og fley komist heilt til hafnar.**

Láttu ekki aflann verða þér að fjörtjóni.

Giftusamleg björgun

Kúttur Fríðu RE 13

*Lét Ólafur þegar beita
skútunni í átt til bátsins og
bráðlega komu fleiri bátar
í ljós, eða samtals sex.
Urðu skútumenn
undrandi að sjá
bátkænur þessar
á sjó, þar sem veður-
hæðin var orðin
ógurleg og hafrót
eftir því.*

Laugardaginn 11. mars voru sjö opnir róðrabátar á sjó frá Grindavík. Flestir þessara báta voru áttæringar, en nokkrir bátanna voru þó með fjölmennari áhafnir, 10-12 menn. Var veður gott í Grindavík er bátarnir fóru í róður, en veðurútlit ótryggt. Réru því bátarnir í styttra lagi og lágu skamma stund yfir lóðunum. Stóð það heima að um það leyti er þeir lögðu af stað til lands tók að hvesa upp af suðaustri og gerði á skammri stundu hið versta veður - hávaðarok og slydduhrið.

Sjó stærði á ótrúlega skömmum tíma og þótti strax sýnt að Grindavíkurbátarnir myndu ekki ná landi. Sá sem fyrstur kom upp að landingunni fékk þó sæmilegt lag og fyrir dugnað og árvekni formannsins, sem var Páll í Akurhúsum í Grindavík, heppnaðist báti þessum áfallalaus landing. Aðrir urðu frá að hverfa og er ekki að efa að mörgum Grindvíkingum hefur verið órótt þennan dag, þar sem á bátunum sex sem enn

voru á sjó voru samtals 58 menn, blómi manna í fámennu byggðarlagi. Svo var veðurhæðin mikil þegar að mest gekk á við ströndina, að ólíklegt mátti teljast að bátarnir héldust ofansjávar. Eina vonin var að þeir hefðu komist á skútu sem sást

á ferð úti fyrir um það leyti sem óveðrið skall á.

Skúta þessi hét kúttur Fríða, eign útgerðar Geirs Zoega í Reykjavík en skipstjóri á henni var Ólafur Ólafsson. Var hann að koma af miðunum með fullfermi



og var á leið til Reykjavíkur. Þegar Fríða var skammt undan Krýsuvíkurbergi veittu skipverjar litlum báti athygli þar skammt undan og hafði sá uppi neyðarflagg.

Lét Ólafur þegar beita skútunni í átt til bátsins og bráðlega komu fleiri bátar í ljós, eða samtals sex. Urðu skútumenn undrandi að sjá bátænur þessar á sjó, þar sem veðurhæðin var orðin ógurleg og hafrótt eftir því. Öðru hverju hurfu bátarnir sjónum skútumanna er þeir fóru niður í báruðalina, en þess á milli mótaði fyrir þeim í slydduéljum, að því er virtist á mörkum hafs og himins.

Þegar skútan nálgadist bátana var kallast á. Fengu Fríðumenn þá að vita að þarna voru Grindvíkingar á ferð, sem ekki höfðu náð til lands eftir að óveðrið skall á.

Björgunaraðgerðir voru þegar undirbúnar. Skipverjarnir á Fríðu röðuðu sér meðfram borðstokknum, en síðan átti að leggja skútunni að bátnum, einum af öðrum, og freista þess að kippa mönnunum um borð, þegar bátarnir voru á öldutoppunum og borðstokkar lágu saman. Fyrsti báturinn kom að skútunni. Nú reið á að fara varlega, því ekki þurfti að spyrja að leikslokum ef báturinn slengdist utan í skútuna og brotnaði. En allt gekk vel, mennirnir af bátnum stukku um borð í Fríðu er bátinn bar upp að skútunni, þar sem hjálpfúsar hendur tóku á móti þeim.

Þannig komu bátarnir einn af öðrum

og tókst að ná fimmtíu og sjö mönnum heilu og höldnu um borð í Fríðu. Einn Grindvíkinganna hikaði er bátur hans var kominn að skútunni og var of seinn að stökkva. Þegar að hann loks stökk náði hann ekki upp á skútuna en Fríðu menn náðu þó taki á honum. Í sömu svifum skall báturinn að skipinu og klemmdist maðurinn á milli. Hann náðist um borð í skútuna en hafði hlotið svo mikil meidsli að hann lést af sárnum sínum skömmu síðar.

Maður þessi hét Þorgeir Þórðarson og átti heima í Skemmuni í Grindavík.

Allir bátarnir voru festir aftan í Fríðu en svo var sjólagið illt að fjórir þeirra slitnuðu aftan úr og sukk, skömmu eftir að björgun manna var lokið.

Um kvöldið sigldi Fríða inn á Járngerðarstaðavík í Grindavík, en þá var mesti ofsinn úr veðrinu. Gátu Grindvíkingar greint að skútan var með tvo báta í eftirdragi og vonuðu að áhafnir allra bátanna hefðu bjargast, þar sem þeir sáu að mikill mannfjöldi var á þilfari skútunnar. Á Járngerðarstaðavíkinni lá Fríða um nóttina en morguninn eftir var komið sæmilegt veður og tókst þá að ferja skipsbrotsmennina í land. Var mikill mannsöfnuður í fjörunni í Grindavík til þess að taka á móti þeim, og þóttu menn úr helju heimtir, eftir það sem á hafði dunið daginn áður.

Um það leyti að óveðrið skall á sat séra Brynjólfur Magnússon í stofu sinni

og var að skrifa ræðu sem hann ætlaði að flytja við guðsþjónustu daginn eftir. Í dagbók sinni daginn eftir skrifar hann m.a. „má telja víst að skipin hefðu farist ef þessi mildi hefði eigi verið að skútan var þarna til bjargar. Þetta er sérstakur rauna- og skaðadagur þótt að vísu megi þakka Guði fyrir að ekki varð meira að eftir því sem á horfðist í fyrstu.

Einkennilegt er það að í þessu sambandi sem mér er sagt, að einn af formönnunum - Guðjón á Velli - hafi dreymt fyrir þessu þegar fyrir vertíð og sér þá hvar maður kemur með hníf í hendi og lætur hið dólglesta og otar að öllum skipunum sem honum þóttu vera á sjó með sér. Seinast rekur maðurinn að honum hnífinn sem fyrir slysinu varð, og sagt er hér að framan.”

Grindvíkingar minntust áhafnarinnar á Fríðu með miklu þakklæti eftir þessa frækilegu björgun, en lítill björgunarlaun fengu Fríðumenn fyrir þetta afrek sitt, önnur en ánægjuna af því að geta komið hinum nauðstöddu til hjálpar. Þegar að fréttist um björgunarafrekið gekk þó efn- aður borgari í Reykjavík á fund útgerðarmannsins með tvö hundruð krónur, sem síðar var skipt á milli áfnarinnar á Fríðu í viðurkenningarskyni fyrir afrekið.

Höfundur: Steinar J. Lúðvíksson, Þrautgóðir á raunastund, björgunar- og sjóslysasaga Íslands 10. bindi 1978. Birt með leyfi höfundar.

Kúttar Fríða RE 13

Kúttar Fríða RE 13 var smíðuð hjá William McCann's Shipyard on Carrison Side í Hull árið 1884 fyrir Richard Simpson & George Bowman í Hull. Hét fyrst City of Edinboro H 1394. Eik 83 brl. Geir Zoega útgerðar og kaupmaður í Reykjavík kaupir skipið 21. febrúar árið 1897, ásamt fjórum öðrum kúttum, bæði fyrir sjálfan sig, tengdason sinn og fl. Seld árið 1908, kaupandi Sjávarborg í Hafnarfirði, sama nafn. Selt í nóvember 1913, kaupandi Niels Juel Mortensen í Færeyjum, hét Fríða TG 546. Fær nýtt nafn árið 1924, hét þá Solvaborg TG 546. Selt árið 1943 Ola Olsen í Vestmanna í Færeyjum, hét Solvasker VN 304. Fékk nýtt nafn árið 1957, hét Sjóborgin FD 48. Einnig var sett dísel vél í skipið sama ár, óvíst um stærð og gerð. Selt árið 1962, Hans Petur Hojgaard, sama nafn. Skipið var selt árið 1980, Dr. Henry Irvine sem flytur það til Hull og það gert upp í upprunalegri mynd, en heldur vélinni. Nýtt nafn árið 1984, William McCann, til heiðurs þeim er byggði skipið.

Vorið 1991 var Sjóminjasafni Íslands boðið skipið til kaups, nýlega uppgert, á 150.000 sterlingspund. Það sigldi þá undir nafninu William Cann. Ekkert varð af kaupnum enda hafði safnið ekki bolmagn til slíkra útgjalda og fjársöfnun til



kaupanna skilaði ekki tilætluðum árangri. Ári síðar var skipið boðið safninu aftur til kaups á mun lægra verði en ekki varð heldur af kaupnum þá.

Árið 1994 var eigandi skipsins William McCann Trust í Hartlepool í Englandi. Árið 1996 fær skipið sitt fyrsta nafn, City of Edinboro og í kjölfarið flutt til Lowestoft. Selt árið 2000, Excelsior Trust og biður þess að vera gert upp. Fleiri upplýsingar hef ég ekki um kúttar Fríðu RE 13, hvort skipið hafi verið gert upp og gert að safni, en vonandi hefur það verið gert.

Heimildasöfnun: Ólafur Ragnar Sigurðsson frá Grindavík.

*Sendum sjómönnum
og fjölskyldum þeirra
hátíðarkveðjur á
sjómannadegi*



Átt þú rétt á styrk ?

- Sjómennt er fræðslusjóður sjómanna og útgerðarféлага
- Sjómennt styrkir starfsmenntun sjómanna beint til fyrirtækja í útgerð.
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarlögin um algreiðslu þeirra í umboði Sjómenntar
- Kynntu þér rétt þinn á www.sjomennt.is



Sjómennt


Grindavík 1 - 105 Reykjavík - Sími 589 1458 - sjomennt@sjomennt.is

*Sendum sjómönnum,
fiskvinnslufólki og öðrum Grindvíkingum
hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn*



Frysti & kælipjónustan

Vagnhöfða 10 - Sími 567 3175 og 8975741 - Fax 587 1226 - frysti@islandia.is



Sinai ierakstā ir iekļauta atbilstošā zīme



Fiskibyrgi í Strýthólahrauni

Strýthólahraun er ekki stórt, en geymir fjölda minja frá fyrrum útgerðarháttum, líkt og Slokahraun skammt austar. Hraunið er suðaustasti hluti Þórkötlustaðanessins austan við Grindavík.

Nesið, tangi út úr Hópsheiðinni, er allt hrauni þakið. Vel má sjá hvernig meginhraunstraumurinn hefur runnið undan hallanum til suðurs af heiðinni og út í sjó. Hraunáin hefur verið þung því hún hefur rutt afurð sinni til beggja átta og náð að mynda Nesið. Auðvelt er að ganga eftir hrauntröðinni miklu frá ofanverðu nesinu áleiðis að vitanum syðst á Nesinu. Heimildir segja að sumt bendi til, að hraun þetta sé að minnsta kosti að einhverju leyti runnið eftir landnámsöld (sbr. Árb. Fornl.fél. 1903, 47), en aldursgreining á því hefur gefið til kynna að það hafi runnið fyrir u.þ.b. 8000 árum. Þetta er sama hraunið og myndaði hraunlendi það, sem Grindavík (Járngerðarstaðahverfið) stendur nú á.

Í örnefnalýsingum má lesa eftirfarandi um Þórkötlustaðanesið: “Í nesinu er viti, sem nefndur er Þórkötlustaðaviti. Austur af vitanum er hóll, sem heitir Leiftrunarhóll. Vestur af honum og austur af vitanum eru tveir hólar, sem heita Strýthólar. Milli þeirra og vitans er Tófuflatarhóll. Alllangt norður af vitanum er hár hraunhóll, sem heitir Gjáhóll. Suðaustur af vitanum er Stóra-Látraflöt, en Litla-Látraflöt er austar og liggur að Strýthólum. Þar austar er Leiftrunarhóllinn, og fram af honum er Stekkjarfjara. Við Leiftrunarhól er tangi, sem heitir Nestá. Upp af Stekkjarfjörunni er grasblettur nefndur Stekkjartún. Þá er komið að vík, sem heitir Drift, aðrir segja Drili. Inn frá henni heita Þórkötlustaðavarir.”

Önnur lýsing segir: “Vestan við vita sem er í nesinu og heitir Hópsviti er vatnsgjá niður við sjávarkampinn. Þar beint niður undan í flæðarmálinu er stór steinn. Hann heitir Markasteinn og skilur hann lönd Þórkötlustaða og Hóps. Í hann eru klöppuð tákn L.M. um landamerki. Suðaustur af vitanum er grasflöt niður við kampinn; Stóra-Látraflöt, að mestu komin undir kamp. Austur af vitanum er grasi vaxinn hóll, nokkuð stór með grasflöt norður af; Tófuflatarhóll. Þar var tófugreni fyrr á tímum. Niður undan honum austan til var Litla-Látraflöt. Hún er nú komin undir grjót úr kampinum. Austan við Tófuflatarhól eru Strýthólar.



Vestri-Strýthóll með tveimur þúfum en Eystri-Strýthóll niður við kampinn. Útfiri er töluvert og heitir fjaran Látur. Selalátur var þar áður fyrr. Hóll var fram undan Tófuflatarhól; Þanghóll, en hann er nú kominn undir kampinn. Hann skipti reka. Fyrir vestan eru Kotalátur. Þar eiga Einland, Buðlunga og Klöpp reka. Austan Þanghóls eru Austurbæjarlátur). Austast í Nesinu að framanverðu er smátangi sem heitir Nestá. Norður af Nestá er stór hóll á kampinum; Leiftrunarhóll. Norður af honum er Stekkatún sem nær að Flæðitjörn. Hún er ofan við sjávarkampinn. Niður undan og norðan Leiftrunarhóls er Stekkjarfjara. Látragötur eru slóðar úr vesturenda Stekkatúns fram í Látur. Við enda Stekkjarfjöru er klettur í fjöruborðinu og er sem sker um flóð. Hann heitir Driti.” Hér er Drili nefndur Driti, Þórkötlustaðaviti nefndur Hópsviti þótt hann standi í Þórkötlustaðalandi og Strýthólarinn orðnir tveir. Ætlunin var þó einungis að beina athyglinni að samnefndu hrauni.

Athyglisvert verður að telja að í hvorugri örnefnalýsingunni eru nefndar minjar í Strýthólahrauni. Þó má sjá þar örnefnið Látragötur, sem verða að teljast til minja. Þær götur má enn rekja frá norðanverðum hraunkantinum og með honum vestanverðum með stefnu á vitann.

Í austanverðu Strýthólahrauni eru minjar fleiri en 40 fiskbyrgja. Byrgin eru eldri en aðrar þær minjar útgerðar á Nesinu, sem sjá má ofan við bryggjuna austan við nefndar Flæðitjarnir, þar

sem áður voru Þórkötlustaðavarir, enda vinnsla fiskjarins önnur áður fyrr. Tengdar minjar má þó sjá ofar á Nesinu, gegnt bryggjusvæðinu. Einnig skammt vestan við bryggjuna, en þar eru að öllum líkindum elstu mannvistarleifarnar á svæðinu, nú grónar og virðast náttúrulegar myndanir.

En hvað um það - fiskbyrgin fjölmörgu í Strýthólahrauni eru með þeim merkustu sinnar tegundar hér á landi. Þau eru ekki óáþekk þeim er sjá má á Selatöngum, við Nótahól hjá Ísólfsskála og í Slokahrauni. Þessi byrgi eru þó frábrugðin að því leyti að þau eru bæði mörg mun minni og miklu mun fleiri en annars staðar. Þau eru þó hlaðin með svipuðum hætti. Mörg eru heilleg, en önnur fallin að hluta. Elstu menn á svæðinu muna ekki eftir að hafa orðið varir við byrgin, enda hafa þau sennilega ekki verið í notkun um aldir og falla auk þess vel inn í hraunmyndanirnar svo erfitt er að koma auga á þær við fyrstu sýn.

Flest byrgin eru á hraunhólum og bera því við himinn. Sum eru hringlaga hlaðin á meðan önnur eru feringar. Sumsstaðar eru dyr, annars staðar bil. Hæstu byrgin eru um 1 m á hæð og þau stærstu u.þ.b. 60 cm á breidd og 240 cm á lengd. Staðsetningin virðist augljós; byrgin eru austast í úfnu hrauninu þar sem auðvelt hefur verið að ná í byggingarefni, en austar er tiltölulega slétt gróðurlendi, sem sennilega hefur gróið upp vegna fiskflutninganna í byrgin.

Byrgin í Strýthólahrauni eru ekki fiskgeymsluhús líkt og sjá má í Sundvörðuhrauni eða við Eldvörp og telja má líklegt að hafi verið með “Staðarhúsið” svonefnda við Þórkötlustaði. Þrjú slík hús má sjá á Selatöngum, þó ekki nákvæmlega sömu gerðar. Byrgin hafa verið þurrkvinnslustaðir ofan og utan við varirnar. Byrgin eru í raun “hraunhraukar”, sem snjó hefur gjarnan fyrst leyst af þegar sólin skein á vetrarvertíðum. Rekaviðarar, en gnægd rekaviðs má enn sjá þarna innan við sjávarkampinn, hafa líklega verið lagðar yfir “hraukana” og þannig hafa þurrkmöguleikarnir verið margfaldaðir. Ferskvatn er í tjörn við hraunkantinn þar sem gætir flóðs og fjöru. Að forþurrkun lokinni hefur verið mögulegt að taka fiskinn saman með tiltölulega skjótum hætti og koma honum fyrir í byrgjunum, sem varði hann fyrir regni, uns veður gaf aftur færi á áframhaldandi þurrkun milli róðra.

Byrgin í Strýthólakrauni hafa fengið að vera í friði fyrir forvitnum. Mikil aðsókn hefur hins vegar verið í verminjarnar á Selatöngum, svo mikil að sumar liggja undir skemmdum. Gangan að þeim tekur u.þ.b. 12 mín. um lausasand, en gangan að minjunum í Strýthólakrauni tekur u.þ.b. 2 mín. um grónar hraungötur.

Reykjanesskaginn hefur upp á óteljandi menningarverðmæti að bjóða. FERLIR hefur hins vegar í seinni tíð verið að velta fyrir sér tvennu - að fenginni reynslu: Sveitarstjórnarfolk, kjörið og eiginlega ábyrgt forsvarsfólk íbúanna (eigendanna) virðist áhugalaust um þessi tilteknu verðmæti (með örfáum undantekningum þó) og auk þess virðast afkomendurnir (eigendurnir) ekki minna áhugalausir um hið sama - hin áþreifanlegu og sýnilegu tengsl þeirra við upprunann. Hið fáa, sem sýnir einhvern áhuga, sýnir minjunum (verðmætunum) annað hvort virðingu eða hins vegar algert virðingarleysi. Áhugasama fólkið er því beðið að gæta tillitssemi, láta byrgin óhreyfð og í guðanna bænum; EKKI henda rusli á annars ósnert svæðið!

Hinir ráðnu opinberu aðilar, s.s. Fornleifavernd ríkisins og Þjóðminjasafnið undir "meðvitaðri" stjórn mennta-



málaráðuneytisins, virðast algerlega áhugalausir gagnvart þjóðargæsum sem þessum. Hvers ber þá að vænta af öðrum! Útvegsminjarnar í Strýthólakrauni við Grindavík eru í rauninni einn verðmætasti ósnerti minjastaður sinnar tegundar á landinu - og jafnvel þótt víða

væri leitað. Þar eru ekki eiginlegar verubúðarminjar útstöðvar, enda nálægðin við Hraun og Þórkötlustaðabæina of lítil til þess. Hins vegar mun Skálholtsstóll hafa gert þarna út skip á miðöldum - og jafnvel lengur.

Ómar Smári tók saman

*Sendum sjómönnum, fiskvinnslufólki
og öðrum Grindvíkingum
hamingju- og heillaóskir
á sjómannadaginn*

BESA ehf
Bakkalág 17, 240 Grindavík
Sími 893 9713 / 898 8813
besaehf@gmail.com

Sendum öllum
hetjum hafsins
heillaóskir í tilefni sjómannadagsins



Þúsund þakkir fyrir frábært
samstarf í gegnum árin



HLUTI AF NPC GROUP



SAEPLAST • Guðmundarvatn 12 • 620 Dalvík • Sími: 480 5000 • www.saeplast.is

© Saeplast er hluti af NPC GROUP

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hátíðarkveðjur á sjómannadegi

Grímsnes ehf.

Tannlæknastofa Páls Guðmundssonar

Mandat lögfræðistofa

Skiltagerð

Gröfuþjónusta Palla Gísla



BLUE LAGOON
ICELAND

MARPORT

Jens Valgeir
fiskvinnsla

Við veitum þjónustu

Við upphaf hvers vinnudags þess þess er í stað umfjallnaðs
starfs og tryggðar, þess og öðrum gættu á milli á milli.
Við leggjum mikið áherslu á gættu þjónustu á milli á milli
starfsins. Starfsins er í stað umfjallnaðs, gættu á milli
starfsins og öðrum gættu á milli.

Starfsmenn — Hjóttu þessum



*Sendum sjómönnum, fiskvinnslufólki og öðrum
Grindvíkingum hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn*



Hafnargötu 12, 240 Grindavík
Sími 420 4400 - Fax 420 4401

*Sendum sjómönnum,
fiskvinnslufólki og öðrum
Grindvíkingum hamingju- og
heillaóskir á sjómannadaginn*



VÍSIR

**FÉLAG SKIPSTJÓRNARMANNA
Á SUÐURNESJUM**

Hafnargötu 90 - 230 Keflavík - Sími 421 4942


*Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra
hátíðarkveðjur á sjómannadegi*



Vestmannaeyjahöfn



Daðey
Grindavík



Sjómannasamband Íslands



Félag
skipstjórnarmanna



ÍSFÉLAG GRINDAVÍKUR HF.

HAPPDRAETTI

– búum öldruðum
áhyggjulaust ævikvöld



Brimrún
FURUNO



GRINDIN
Trésmiðia og verktakar



Svo hófst húsbyggingin

Eftir að ég kom heim úr sveitinni norður á Höskuldsstöðum haustið 1958, hófst húsbyggingin. Skólinn var ekki byrjaður, svo unnið var alla daga langt fram á kvöld. Berti á smíðaverkstæðinu var sóttur til að staðsetja húsið, eða mæla það út eins og kallað var. Hann var lengi að því. Mældi aftur og aftur og virtist ekki öruggur á því sem hann var að gera.

Svo var byrjað á að grafa fyrir grunninum og grafa burtu mold og gras ofan á klöppinni og hreinsa klöppina vel. Til þess notuðum við skóflu og haka. Svo var mótatimbur, 1"x5", sem pabbi hafði keypt af Villa í Víðihlíð sótt og uppsláttur hófst. Svavar bróðir pabba kom af og til og hjálpaði til, en mest vorum við Sveinn afi við verkið allan daginn. Pabbi kom á kvöldin og um helgar.

Þegar búið var að slá upp hringnum, var Berti sóttur aftur til að setja út hæð hússins. Ég fór upp eftir til Berta og bar upp erindið. Berti sagði að það gæti beðið til morguns. Hann væri að fara heim, en ég sagði, að það ætti að steypa á morgun, svo engin bið væri möguleg. Hvaða læti eru þetta, sagði Berti, en ég



gaf mig ekki fyrr en hann lofaði að koma og þá hafði ég sagt að afi væri búinn að panta steypuvélina í fyrramálið og sementið kæmi í kvöld og bílar væru að sækja bruna uppí Svartsengi, en það vantaði sand í steypuna.

Það er ekki hægt að steypa án sands sagði Berti, tók graejurnar og kom niður í húsgrunn. Ég veit ekki hvernig Berti setti út hæðina á húsinu, en hann setti nokkra nagla inn í mótin og sagði að það væri hæðin á plötunni á fyrstu hæðinni. Svo fór hann, en við höldum áfram að undirbúa steypuvinnu næsta morgunn.

Tveir vörubílar komu með hlass af bruna sem þeir sturtuðu framan við uppsláttinn. Svo kom bíll með sement og tók nokkurn tíma að losa hann, enda 50 kílóa sementssekkirnir þungir. Nú vantar sand, sagði ég. Hann hlýtur að koma, sagði afi. Ég bað þá um efni á vörubílastöðinni.

Ég held maður verði að hringja austur í Hraun og biðja um sand, eða sækja hann sjálfur út í Bót, sagði ég, en samtalinu var lokið. Seint um kvöldið kom Jón með

steypuhræivélina og stillti henni upp við mótin, en við höldum áfram að undirbúa steypuvinnuna og lukum því eftir miðnætti.

Næsta morgunn komu menn sem pabbi hafði beðið um að vera með í steypuvinnunni. Pabbi hafði tekið sér frí í vinnunni og var með. Hann og afi röðuðu nú mönnum á verkin. Hann og afi voru í að taka á mótí steypunni í mótin og Gvendur Karls skyldi vera í að keyra bruna í steypuvélina.

Angantýr var í sementinu og svo ég og Hreinsi hennar Simbu í að keyra steypunni í mótin, en pabbi skyldi hjálpa okkur Hreinsa ef á þyrfti. Svo kom Jón og setti hræivélina í gang. Hann var lengi að stjarna við vélina, og hún drap oft á sér. Svo kom hann og fór að spyrja um hitt og þetta, m.a. með sandinn og blöndunarhlutföllin. Þetta kom pabba og afa í opna skjöldu? Þeir höfðu ekki hugsað út í þetta? Já, við steypum úr því sem við höfum sagði pabbi og blöndum bara sterkara, til dæmis einn poka af sementi á mótí þrem börum af bruna.

„Jæja, þú ræður“, sagði Jón og steypuvinna hófst.

Menn voru óvanir í steypuvinnu og vinnan gekk hægt. Jón var í vondu skapi og ekki bætti það úr. Þegar fyrsta steypan kom úr hrærivélinni og var sturtað í hjólbörurnar hjá Hreinsa sagði Jón “Helvítis leðja er þetta, eins og grá drulla. Setjið meira sement í”.

Svo hófst steypuvinnan af krafti svo allir stóðu á útopnu sveittir og mäsandi. Pabbi hafði nóg að gera við að taka við steypunni, svo lá við að hann þyrfti á aðstoð að halda og ekki við Hreinsi, unglingarnir.

Við höfðum skiplagt að- og frákeyrsluna vel, þannig að við keyrðum alltaf í hring og þvældumst ekkert fyrir hvor öðrum. Það tók ca. þrjá tíma að steypa grunnmúrinn en þá var líka sementið búið.

Svo var fyrir mig að þvo og ganga frá, en steypuvinnufólkið fór heim í Lund, þar sem við bjuggum og þáði kaffi og með því, eins og venja var við steypuvinnu.

Byggingin á Dalbraut 7 eða Stapafelli var hafin.

Morguninn eftir fórum við afi upp í grunn að líta á vegsummerkin og að athuga hvernig steypunni gekk að þorna. Við byrjuðum að losa svolítið um stoðir, en ákváðum að bíða næsta dags með að byrja að rífa utan af. Ég var því feginn því mig langaði í skylmingarleik með strákunum niðri í gömlu skúrum. Ég átti mjög gott sverð úr eikarpriki, sem ég fann úti

í Bót í fyrra eftir mikið hafrót. Enginn hafði svo langt og grannt sverð og ég drap því marga og eftirsóttur í lið.

Nokkrum dögum seinna var farið að slá utan af innan í grunnmúrnum og leggja fráveitulagnir, eða klóaksrör. Ákveðið var að hafa rotþróna vestan við húsið og fundum við þar sprungu sem allt klóakið myndi bara fara niður í og þyrfti þróin þá ekki að vera jafn stór. Nú var efni keyrt inn í hjólbörum, mest bruna, undir rörin. Lagt var sementsrör úr Kaupfélaginu alla leið frá eldhúsinu og út í rotþró. Talað var um mikilvægi þess að hafa nóg stórt þvermál á rörunum og oft vitnað í að oft stíflaðist hjá okkur á Skagaströnd. Allavega skyldi vera 6” jafnvel 8” frá klósettinu. Það tók heilan dag og vel svo það að leggja rörin. Nú fékkst ekki 8 tommu rör í Kaupfélaginu svo við urðum að láta 6 tommu nægja.

Það var mitt verk að nagl og steypu-hreinsa bordin úr uppslættinum. Mér líkaði það starf illa og fór það í taugarnar á mér, svo ég var oft í slæmu skapi. Svo ýfði sementið upp soriasisinn. Ég sagði frá þessu en enginn skipti sér neitt frekar af því. Svo var búið að slá allt utan af og farið að fylla upp inni í grunninum. Þá var allt í einu ákveðið að hafa helming hússins 50 cm lægra enn hinn helm-inginn.

Þegar búið var að fylla grunninn var hrærivélin aftur sótt til að steypa plötuna. Ég benti nú á að mikilvægt væri

að hafa sand í steypuna og var sandur útvegaður. Seint um kvöldið fyrir steypudaginn, kom Láki í Vík á vörubílnum með sement. Komið var leiðinda veður og rigningarskratti. Við unnum eins og hetjur við að losa sementið af bílnum. Þegar því var lokið segir Láki “Þetta verða 5000 krónur”. Ég á engar fimm þúsund krónur, segir pabbi. Þú verður að eiga þetta inni hjá mér. Þá segir Láki, “ég fer ekkert fyrir en búið er að borga þetta”. Nú, hvað er þetta maður, sagði pabbi. “Ég lagði út fyrir sementinu í Keflavík og nú verð ég að fá peningana mína, þegar ég hefi ekki sementið”, segir Láki.

Pabbi lítur þá til okkar og segir: Hefur einhver peninga? Allir þegja og líta niður. Þú Torfi hefur alltaf peninga. Þú getur borgað í þetta skiptið. Ég dró upp fimm þúsund króna seðil úr skítugum vasanum og rétti Láka, sem snýtti sér og stakk honum í sinn skítuga vasa. Svo keyrði hann burtu en við stóðum eftir í myrkrinu, því við höfðum ekki ennþá fengið strau.

Helvítis ljósleysi segir pabbi. Ég fer á morgun og tala við Helga rafvirkja um hvort ekki sé hægt að fá rafmagn upp á krit? Svo var farið heim að Lundi í myrkrinu.

*Sveinn Torfi Þórólfsson skráði
Haustið 2008*



**Við óskum sjómönnum
til hamingju með
daginn**

Sérhæft fyrirtæki í heilbrigðismálum starfsfólks í sjávarútvegi

www.sjomannaheilsa.is

*Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra
hátíðarkveðjur á sjómannadegi*

Northern Light Inn
veitingastaður · hótel · restaurant · Iceland

SJÓMANNASTOFAN
VÖR

 **Blómakot** v/Mánagötu
Blóm og gjafavara Sími 894-9211



**Verkalýðsfélag
Grindavíkur**

EIMSKIP

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | eimskip.is

 **MD VÉLAR**
VAGNHÖFÐA 12, REYKJAVÍK | S. 567 2800 | mdvelar@mdvelar.is | mdvelar.is



Orf líftækni

**BÍLALEIGA
AKUREYRAR**
— Höldur —
Europcar
461-6000 • holdur.is





Viðgerðir
Auka og varahlutir
Ný og notuð reiðhjól
Tökum gamla hjólið upp í nýtt



Tangasund 1 - 240 Grindavík - 857-3001

#4X4ADVENTURESICELAND



4x4
ADVENTURES
ICELAND

DÚ HÆTTIR EKKI AÐ LEIKA ÐÉR AF ÐVÍ ÐÚ ERT GAMALL;
ÐÚ VERÐUR GAMALL AF ÐVÍ ÐÚ HÆTTIR AÐ LEIKA ÐÉR.

www.fjör.is - 240 Grindavík - 857-3001



Fjölbrautaskóli Suðurnesja www.fss.is

Starfsfólk Fjölbrautaskóla Suðurnesja sendir
sjómönnum, fiskvinnslufólki og öðrum
Grindvíkingum hamingju- og heillaóskir
á sjómannadaginn.

Minnum á að innritun í skólann fyrir næstu önn
lýkur 9. júní, fyrir nemendur fædda 2001. Nánari
upplýsingar má fá á heimasíðu skólans www.fss.is.



Sendum sjómönnum, fiskvinnslufólki og öðrum Grindvíkingum
hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn





Gallerí sjó...

Ljósmyndir: Haraldur Hjálmarsson










Gallerí sjó...

Ljósmyndir: Haraldur Hjálmarsson









Saman í lífsins ólgusjó



*„Þá voru bara
hörkutól á togurum“*

1963 - Halldór Georg Magnússon fór í sinn fyrsta túr þegar hann var 16 ára. Þá munstraði hann sig á nýsköpunartogaranum Ask RE.

1966 - Eftir að Aski RE er lagt fer Halldór á togarann Sigurð RE. Hann varði allri sinni sjómannstíð á togurum, meðal annars á Karlsefni, Dagstjörnunni, Guðmundi Jónssyni og Ásgeiri.

1981 - Halldór ræður sig til útgerðarfélagssins Ögurvíkur. Hann stundaði sjósókn á skipum Ögurvíkur í hartnær 32 ár.

2013 - Halldór kemur í land eftir 50 gjöful ár á sjónum. Hans síðasti túr var á frystitogaranum Frera RE sem var upphaflega einn af hinum svonefndu Spánartogurum.

*Í 60 ár hefur saga
TM verið samofin
sögu sjósóknara og
sjávarútvegs*

Árið 1956 urðu tímamót í sögu sjávarútvegs á Íslandi.

Þetta ár var TM stofnað af aðilum sem tengdust sjávarútvegi sterkum böndum. Félagið er í dag leiðandi á sviði váttryggingaþjónustu fyrir sjávarútveginn og hefur sérhæft sig í lausnum sem tryggja hagsmuni atvinnugreinarinnar, jafnt á sjó sem landi.

Hjá TM starfar sérstakt teymi sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á sjávarútvegi og sérstökum þörfum hans á sviði váttrygginga.

TÍMAMÓT með

